FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
3. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 4. JANÚAR 2018



Skökku turnarnir á Akranesi standa enn eftir misheppnað niðurrif. Verið er að undirbúa næstu atlögu að sílóunum enda þykir hætta stafa af þeim. Bæjarstjóri Akraness segir verktakann ekki hafa gert bæjaryfirvöldum kleift að sinna upplýsingaskyldu sinni við bæjarbúa. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ólafur Stephensen skrifar um tolla á franskar. 18

**MENNING** Kvikmyndin Svanurinn, eftir samnefndri bók Guðbergs Bergssonar, verður frumsýnd í Smárabíói í kvöld. 32

**LÍFIÐ** Lilja Þorvarðardóttir vekur athygli á að létt er að kaupa fylgjendur á samfélagsmiðlum. 42

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




# Setja út á ósamræmi í mati dómaranefndar

**Hluti umsækjenda um lausar stöður við héraðsdómstóla landsins segir að sums staðar í mati hæfnisnefndar virðist sem hífa hafi átt umsækjendur upp á kostnað annarra. Unnið er af kappi að málinu í ráðuneyti setts dómsmálaráðherra.**

**STJÓRNSÝSLA** Umsækjendur um átta lausar stöður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Vestfjarða segja víða pott brotinn í umsögn dómnefndar um hæfi héraðsdómara. Settur ráðherra í málinu hefur nú til skoðunar hvort tilefni sé til að hvika frá mati nefndarinnar.

Dómnefndin skilaði mati sínu 22. desember síðastliðinn en skipa átti í stöðurnar frá og með áramótum. Viku síðar sendi Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra og settur dómsmálaráðherra í málinu, nefndinni bréf með athugasemdum um umsögnina.

Fréttablaðið hefur rætt við hóp umsækjenda um stöðurnar. Stærstur hluti þeirra tekur undir gagnrýni ráðherra á mat nefndarinnar. Matið virðist til að mynda að hluta í ósamræmi við fyrri möt sem nefndin hefur sent frá sér.

„Það sem áður fékk mikið vægi fær minna vægi nú. Þannig virðist sem sérstaklega hafi átt að toga einhverja umsækjendur upp umfram aðra,“ segir einn umsækjenda.

Hluti umsækjenda hafði á orði að ósamræmi hefði verið innan núverandi umsagnar. Meðal annars hefur það þótt skjóta skökku við að Jónas Jóhannsson, sem var skipaður dómari í tuttugu ár, hafi skorað lægra í matsliðnum reynsla af dómstörfum en umsækjandi sem hefur verið settur dómari í átta ár. Þá þykir mörgum það undarlegt að tveir umsækjendur, með samtals 29 mánaða reynslu sem settir dómarar, skyldu metnir jafnsettir honum í þeim matslið.

„Það áttu held ég allir von á að Jónas og sjö önnur myndu hreppa hnossið,“ segir einn umsækjenda.

Matsnefndin svaraði athugasemdum setts dómsmálaráðherra með bréfi í gær. Þar er töluliðunum tíu, sem fram komu í bréfi ráðherra, svarað lið fyrir lið. Kemur þar meðal annars fram að „reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi [vegi] tiltölulega þyngst, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einn þeirra hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar“.

Meðan ekki hefur verið skipað í stöðurnar vantar tæpan fimmtung upp á það að héraðsdómarar landsins séu jafn margir og lögmælt er. Slíkt getur haft þau áhrif að frestun verði á meðferð mála fyrir dómi.

Borgar Þór Einarsson, aðstoðarmaður setts dómsmálaráðherra, segir að allt tiltækt starfslið ráðuneytisins muni fara yfir svarbréf nefndarinnar eins fljótt og kostur er. Framhald málsins ráðist á næstu dögum en ljóst sé að hafa þurfi hraðar hendur. – jóe

**»** **Dómnefndin svaraði bréfi ráðherra í gær. Starfsfólk utanríkisráðuneytisins mun á næstu dögum fara yfir það hver næstu skref ráðherra í málinu ættu að vera.**

## Sauðfjárbændur ali á tortryggni

**LANDBÚNAÐUR** Magnús Karl Magnússon, prófessor í lyfja- og eiturefnafræði, gagnrýnir auglýsingaherferð sauðfjárbænda um bann við erfðabreyttu fóðri harðlega. Hann telur auglýsingarnar ala á tortryggni í garð vísindalegrar aðferðar sem sé ekki slæm.

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri markaðsráðs kindakjöts, segir að íslenskir sauðfjárbændur vilji tryggja að afurðir úr „eiturefnalandbúnaði rati ekki inn í íslenska sauðfjárrækt“.

„Fræðaheimurinn er á einu máli um að þessi aðferð er örugg og við eigum ekki að berjast gegn henni,“ segir Magnús Karl. – sa / sjá síðu 10

## Miður sín eftir handtöku í LA

**LÖGREGLUMÁL** Þorvaldur Gíslason, forstjóri ÞG Verks, harmar atvik sem átti sér stað í flugi WOW air til Los Angeles í síðustu viku en hann var handtekinn á flugvellinum í borginni eftir að hafa sýnt af sér ofbeldisfulla hegðun. Hann var yfirbugaður af tveimur flugþjónum.

„Ég er algjörlega miður mín,“ segir Þorvaldur. „Í fluginu missti ég tök á aðstæðum vegna ofdrykkju eftir tæp tvö ár án áfengis.“ Bandaríska alríkislögreglan (FBI) fer með rannsókn málsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. – aá / sjá síðu 4



## Veður




Austan strekkingur í dag, en hvassviðri eða stormur syðst á landinu. Dálítil él um landið austanvert, en annars bjartviðri. Fremur kalt í veðri.
SJÁ SÍÐU 30

# Níu þúsundasti íbúinn í Árborg kemur í janúar

**ÁRBORG** Bráðabirgðatölur sýna að íbúar í Árborg hafi verið 8.998 í sveitarfélaginu hinn 1. janúar 2018. Það er því bara dagaspursmál hvenær sveitarfélagið nær 9.000 íbúa markinu. „Það mun gerast á fyrstu dögum janúar ef að líkum lætur. Meðalfjölgun á mánuði allt síðasta ár hjá okkur var um 43-45 manns,“ segir Ásta Stefánsdóttir bæjarstjóri.

Íbúum í Árborg fjölgaði um 523 á nýliðnu ári miðað við fyrstu tölur eða 6,17%. Fjölgað hefur í öllum byggðakjörnunum og í dreifbýlinu. Á Selfossi fjölgar mest, eða um 423, og á Stokkseyri um 49. Ásta á von á því að fjölgunin haldi áfram 2018. „Já, ég á von á því að það muni eitthvað halda áfram að fjölga á næsta ári, jafnvel þó að eitthvað kunni að hægja á. Það er mikið af húsnæði í byggingu hér enn þá og margar íbúðir munu koma á markaðinn á árinu 2018“, segir Ásta.

> Það er líka ánægjulegt að það skuli fjölga fólki alls staðar í sveitarfélaginu.



Ásta Stefánsdóttir, bæjarstjóri í Árborg

Ásta segir mjög ánægjulegt að svona margir skuli velja Sveitarfélagið Árborg sem stað til að búa á enda standist þjónustan allan samanburð á landsvísu.

„Það er líka ánægjulegt að það skuli fjölga fólki alls staðar í sveitarfélaginu. Mörg lítil þorp eru í varnarbaráttu og glíma við fækkun íbúa, en á Eyrarbakka og Stokkseyri fjölgar fólki. Einnig virðast margir telja það góðan kost að búa í dreifbýlinu,“ segir bæjarstjórinn í Árborg. – mhh

ÚTSALA
25-50%
afsláttur
aðeins í nokkra daga
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400
www.grillbudin.is
Opið virka daga 11-18 - Laugardag 11-16

## Litið við á útsölum




Það var margt um manninn í Smáralind í gær. Venju samkvæmt bjóða verslanir landsins upp á útsöluverð á vörum sínum á fyrstu dögum nýs árs. Líkt og fyrri ár hafa margir landsmenn nýtt sér útsölurnar ýmist til að skila eða skipta jólagjöfum eða til að gera reyfarakaup. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Margrét Guðnadóttir fallin frá



Margrét Guðnadóttir veirufræðingur lést á Landspítalanum 2. janúar. Hún varð fyrst kvenna prófessor við Háskóla Íslands árið 1969 og gegndi hún því starfi í þrjá áratugi eða til ársins 1999.

Margrét gegndi starfi forstöðumanns Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í veirufræðum en eftir hana liggur fjöldi greina á sviði hæggengra veirusýkinga eins og visnu og mæðiveiki í sauðfé.

Margrét var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við læknadeild Háskóla Íslands árið 2011. Hún var 88 ára að aldri. – khn

# Vildu aðstoða þjófinn en ekki sækja til saka

**Forstöðumenn Hjálpræðishersins á Akureyri vildu ekki elta ólar við þjóf og skiluðu ekki inn skaðabótakröfu. Vilja aðstoða menn betur en að senda þá í fangelsi. Þjófurinn hafði á brott með sér 6.000 krónur og fékk fangelsisdóm.**

**SAKAMÁL** „Það er ekki í okkar anda að eltast við svona smotterí og erfitt að eiga við þetta fyrir okkur,“ segir Hannes Bjarnason, annar forstöðumanna Hjálpræðishersins á Akureyri, þegar hann er spurður út í dóm sem maður fékk fyrir að stela sex þúsund krónum úr söfnunarbauk Hersins á Akureyri í fyrra. Var maðurinn dæmdur til tveggja mánaða fangelsisvistar.

„Það sem gerist er að brotist er inn í nytjamarkað okkar og þar er stolið úr söfnunarbauk,“ segir Hannes. „Þar sem um innbrot er að ræða þá tilkynntum við það til lögreglu vegna þess að munir voru eyðilagðir. Síðan er málið úr okkar höndum og við getum ekki gert neitt meira. Lögreglan bað okkur um að skila skaðabótakröfu en við vildum það ekki. Það er miklu nær að aðstoða manninn og ræða við hann en sækja hann til saka.“

Fréttablaðið greindi frá því í gær að karlmaður hefði í mars á síðasta ári brotist inn í nytjamarkað Hjálpræðishersins og stolið þaðan sex þúsund krónum. Vegna þess og fyrri brota hans var talið hæfilegt að dæma hann til fangelsisvistar í tvo mánuði. Hannes og Birna Dís segja það ekki hjálpa mikið. „Við vonum að yfirvöld girði sig í brók. Lausnin er ekki fangelsi fyrir svona hóp ef þeir hafa brotið af sér í langan tíma, það segir sig sjálft.“

Hjálpræðisherinn hefur um langan tíma aðstoðað fanga á Akureyri um nauðsynjar, fatnað og jólagjafir, án endurgjalds og mun halda því áfram. Þau vonast eftir því að geta hitt manninn og rætt við hann í þeim tilgangi að aðstoða hann.




Hannes og Birna eru forstöðumenn Hjálpræðishersins á Akureyri og vilja aðstoða hinn brotlega með samtölum frekar en fangavist. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Páll Winkel, fangelsismálastjóri

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir að einstaklingar sem hlotið hafa brot fyrir væg auðgunarbrot geti afplánað refsingu sína í samfélagsþjónustu. Til að mynda fyrir samtök eins og Rauða krossinn. Fyrir því eru ákveðin skilyrði hins vegar. sveinn@frettabladid.is




## Laugardaginn 6. janúar kl. 12–16 hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi

Við frumsýnum nýjan **Land Cruiser 150** sem einfaldlega toppar allt. Ásamt því að kynna konung jeppanna gengur það fjöllum hærra að við verðum með afslætti og nýárstilboð á sýningunni:

- **Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu**
- **Nýjum Land Cruiser 150 fylgir 2 ára þjónustupakki**
- **Allir Hybrid bílar verða á sérstöku nýárstilboði**
- **50 sérvaldir bílar bjóðast með 10% afslætti**

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA | FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Engir flugeldar á þrettándanum því hestar trylltust um áramótin

**MANNFAGNAÐUR** „Það varð allt vitlaust hér eftir gamlárskvöld,“ segir Sigríður Klara Árnadóttir, hitaveitustjóri í Kjós, þar sem hreppurinn hefur ákveðið að breyta út af venjunni og vera ekki með flugeldasýningu á þrettándafagnaði á laugardaginn.

Sigríður segir fjölmenni hafa verið í sumarhúsum við Meðalfellsvatn þegar nýja árið gekk í garð, bæði Íslendingar og ferðamenn í Airbnb-gistingu. Ekki gerðu sér allir grein fyrir áhrifum háværra sprenginga á dýrin á svæðinu.

> **Það voru hross hér í haga sem urðu tryllt og fólk var á nýársdag að leita að hestum úti um allt og hundarnir voru alveg skjálfandi.**
>
> Sigríður Klara Árnadóttir, hitaveitustjóri í Kjós

„Það voru hross hér í haga sem urðu tryllt og fólk var á nýársdag að leita að hestum úti um allt og hundarnir voru alveg skjálfandi,“ segir Sigríður.

Hrossin hafi hlaupið undan mestu skothríðinni austur í átt að Þingvöllum. „Það er ferlegt þegar þau eru komin á veginn. Það bjargaði reyndar að það var tunglsljós svo það var enginn sem keyrði á hross þótt það hafi næstum því gerst.“

Þrettándagleði Kjósverja fer þannig fram að fólk er hvatt til að koma með afganginn af jólamatnum að Félagsgarði og leggja með sér á sameiginlegt veisluborð. Kveikt verður í stórri brennu.

„Svo eru stjörnuljós líka velkomin,“ tekur Sigríður fram. Þá eru veislugestir hvattir til að lífga upp á gleðina með því að koma uppdubbað sem álfakóngar og -drottningar eða púkar og vættir. **– gar**

## Dýrustu vodkaflösku heims stolið

**DANMÖRK** Lögreglan í Kaupmannahöfn leitar nú þjófa sem höfðu verðmætustu vodkaflösku heims á brott með sér af bar þar í borg. Flaskan er metin á 1,3 milljónir dollara, andvirði tæplega 136 milljóna íslenskra króna.

Lögreglunni var gert viðvart um þjófnaðinn í fyrradag. Flaskan var til sýnis á stað sem heitir Cafe 33. Ekki liggur fyrir hvort þjófarnir höfðu lykil að staðnum undir höndum eða hvort þeir brutust inn í húsið með öðrum aðferðum.

Eigandi kaffihússins, Brian Ingberg, segir í samtali við Ekstra Bladet að flaskan sé sambærileg við fágæta fornbíla. Hún sé gerð úr um þremur kílógrömmum af gulli og öðru eins af silfri. Þá er tappi hennar meðal annars skreyttur demöntum. Flaskan, sem kaffihúsið hafði að láni frá rússneskum auðjöfri, var ótryggð. **– jóe**

**136**

**milljónir íslenskra króna er áætlað verðmæti flöskunnar.**

## Borga í ræktina fyrir aldraða

**SVÍÞJÓÐ** Nokkrir tugir eldri borgara skráðu sig strax þegar sveitarfélagið þeirra, Hörby á Skáni í Svíþjóð, bauðst til að greiða líkamsrækt fyrir 75 ára og eldri.

Um er að ræða fyrirbyggjandi aðgerð. Öldruðum einstaklingum fjölgar og með því að sjá til þess að þeir styrkist líkamlega og um leið andlega þurfa þeir ekki jafnmikla umönnun hins opinbera.

Samkvæmt frétt sænska ríkisútvarpsins ríkir mikil ánægja meðal aldraðra með framtakið. Stefnt er að því að bjóða einnig þeim sem ekki komast út af hjúkrunarheimilum endurgjaldslausa líkamsrækt. **– ibs**

# FBI með mál íslensks forstjóra á borði sínu eftir flugferð til LA

**Þorvaldur Gissurarson, eigandi og forstjóri ÞG Verks, er miður sín eftir atvik í flugi WOW air frá Íslandi til Los Angeles í síðustu viku. Hann var handtekinn á flugvellinum í LA af þarlendum lögregluyfirvöldum. „Ég bið starfsfólk um borð í þotu WOW og aðra farþega í fluginu innilega afsökunar á framferði mínu.“**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég er algjörlega miður mín,“ segir Þorvaldur Gissurarson, forstjóri og eigandi ÞG Verks, sem var handtekinn af bandarískum lögregluyfirvöldum í Los Angeles í síðustu viku eftir að hafa sýnt af sér ofbeldisfulla hegðun í flugi Wow air frá Íslandi til Los Angeles.

„Í fluginu missti ég tök á aðstæðum vegna ofdrykkju eftir tæp tvö ár án áfengis. Ég hef áður undirgengist áfengismeðferð og mun leita mér hjálpar vegna þessa atviks,“ segir Þorvaldur í yfirlýsingu sem hann sendi Fréttablaðinu.

Þorvaldur er af sjónarvottum sagður hafa sýnt áhöfn vélarinnar mjög ógnandi hegðun en hann sat á fyrsta farrými og urðu farþegar í almennu rými vélarinnar, sem langflestir voru Bandaríkjamenn, varir við mikinn skarkala á fyrsta farrými og að sögn sjónarvotta gekk mikið á. Þorvaldur var yfirbugaður af tveimur karlkyns flugþjónum meðan vélin var enn á flugi en hann var svo handtekinn strax við lendingu í Los Angeles. Bandaríska alríkislögreglan (FBI) fer með rannsókn málsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

„Ég bið starfsfólk um borð í þotu WOW og aðra farþega í fluginu innilega afsökunar á framferði mínu,“ segir Þorvaldur. „Þá vil ég þakka öllum þeim sem veittu mér liðsinni í þessum erfiðu aðstæðum.“

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, vildi ekki tjá sig um atvikið að öðru leyti en að staðfesta að alvarlegt atvik hefði komið upp í umræddu flugi.

„Upp kom atvik á flugi WOW air til Los Angeles í síðustu viku þar sem farþegi um borð sýndi ofbeldisfulla hegðun og fór ekki að fyrirmælum áhafnar. Var í framhaldi tekið á því í samræmi við verkferla WOW air og öryggi farþega, áhafnar og loftfars var tryggt. Við lendingu í Los Angeles tóku bandarísk lögregluyfirvöld við farþeganum og rannsókn málsins,“ segir Svanhvít.



**Þorvaldur var handtekinn við komuna til Los Angeles og er málið á borði alríkislögreglunnar.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Í fluginu missti ég tök á aðstæðum vegna ofdrykkju eftir tæp tvö ár án áfengis.**
>
> Þorvaldur Gissurarson, forstjóri og eigandi ÞG Verks



Þorvaldur er eigandi ÞG Verks, sem er eitt stærsta verktakafyrirtæki landsins sem stendur meðal annars að framkvæmdum við Hafnartorg í miðbæ Reykjavíkur. Fyrirtækið hefur verið umsvifamikið á undanförnum tveimur áratugum, til dæmis sem aðalverktaki við fyrstu áfanga Hellisheiðarvirkjunar og stækkun Nesjavallavirkjunar. Meðal fyrri verkefna ÞG Verks er bygging höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur en Orkuveitan íhugar nú málsókn gegn verktakanum og öðrum sem komu að byggingu hússins sem er ónýtt vegna rakaskemmda. **adalheidur@frettabladid.is**






# Landsnet segir orku anna eftirspurn

**ORKUMÁL** Raforkuframleiðsla getur annað eftirspurn hér á landi til ársins 2022 en framboð á því ári verður einu prósenti meira en orkuþörfin. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Landsnets um afl- og orkujöfnuð fyrir landið. Líkur á skorti á rafmagni eru lægri en í fyrri útreikningum Landsnets.

„Þessi árlega skoðun okkar er fyrst og fremst til að gefa heildarmynd af Íslandi án þess að taka á staðbundnum þáttum í flutningskerfinu. Þarna reynum við að varpa ljósi á hvort það vanti afl á Íslandi og hvers við getum vænst næstu fimm árin,“ segir Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri tæknisviðs Landsnets. „Við skoðum hversu mikið afl er til reiðu og samkvæmt útreikningum okkar getum við mætt aflþörfinni. Fyrir þremur árum var staðan til að mynda mun verri.“

Miðað var við núverandi orkunotkun og þá þróun sem sést í raforkuspá. Einnig nær spá Landsnets yfir nýja stórnotendur þar sem samningar liggja fyrir og einnig horft til aukinna framleiðslu sem kemur inn á næstu árum með tilkomu Þeistareykjavirkjunar og stækkunar í Búrfelli.



**Stækkun Búrfellsvirkjunar bætir 100 MW af afli inn á kerfi Landsnets.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hins vegar er alveg ljóst að lítið má út af bregða svo að myndin breytist nokkuð mikið. Til að mynda við nýja stórnotendur eða stækkun núverandi stórnotenda er svigrúmið farið. Því er mikilvægt að yfirfara þetta árlega,“ segir Sverrir Jan.

Í spám Landsnets er horft fram hjá staðbundnum vandamálum við dreifingu raforku um landið. Til að mynda er Blöndulína ekki á dagskrá fyrr en á næsta áratug og Hólasandslína 3, sem flytur rafmagn frá Þeistareykjum til Akureyrar, í fyrsta lagi tilbúin 2021. Því gæti rafmagn verið uppurið á Eyjafjarðarsvæðinu aðeins af þeim ástæðum að erfitt er að flytja orku inn á svæðið. **– sa**




ÚTSALA ÁRSINS Í HÚSASMIÐJUNNI
HEFST Í DAG

# ÚTSALA

## FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR

FLÍSAR 25% • PARKET 20-45% • SMÁRAFTÆKI (ELECTROLUX) 30% • HÁFAR 30%
BLÖNDUNARTÆKI (ELDHÚS OG BAÐ) 25-40% • HANDRYKSUGUR (ELECTROLUX) 20%
RYKSUGUR (ELECTROLUX) 25% • HELLUBORÐ 25-30% • RAFMAGNSVERKFÆRI 20%
MOTTUR OG DREGLAR 30% • HANDVERKFÆRI 20-30% • VERKFÆRATÖSKUR 20-40%
BLACK+DECKER VERKFÆRI 30% • HÁÞRÝSTIDÆLUR (NILFISK) 20%
MÁLNING OG LÖKK 25% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 20% • HILLUREKKAR (AVASCO) 20%
VINNUFATNAÐUR 25% • BÚSÁHÖLD 25% • PLASTKASSAR 30%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-40% • GJAFAVARA 25% • JÓLAVÖRUR 40%
VALDAR POTTAPLÖNTUR 40% • JELD-WEN INNIHURÐIR 20%

...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ og tilboðsvörum.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Byggjum á betra verði

ÚTSALAN ER LÍKA Í VEFVERSLUN HUSA.IS

# Forsetinn segir Bannon hafa tapað glórunni samhliða brottrekstri

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, segir að þegar hann rak Steve Bannon úr ráðgjafarteymi sínu hafi sá síðarnefndi ekki aðeins tapað starfinu, heldur einnig „tapað vitinu“.

Þetta er meðal þess sem forsetinn sendi frá sér í gær. Yfirlýsingin kom til vegna staðhæfinga í tilvitnunum Bannons í nýútkominni bók. Þar fullyrðir hann meðal annars að fundur Donalds Trump yngri með Rússum hafi jaðrað við landráð. Á fundinum, sem fór fram í júní 2016, hafi Rússar boðið syni forsetans upplýsingar sem myndu skaða orðspor Hillary Clinton.



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

„Steve Bannon hefur ekkert með mig að gera eða þá staðreynd að ég er forseti. Þegar hann var rekinn tapaði hann ekki aðeins starfi sínu heldur einnig vitinu,“ segir í yfirlýsingunni.

„Steve starfaði fyrir mig eftir að ég hafði hlotið útnefningu Repúblíkanaflokksins en þar hafði ég betur en sautján aðrir frambjóðendur. Þeim hefur oft verið lýst sem langhæfasta hópi sem átt hefur kappi innan flokksins,“ segir Trump. Í yfirlýsingunni segir enn fremur að „[n]ú þegar Steve stendur einn eftir, er hann að átta sig á því að það að vinna er ekki jafn auðvelt og ég læt það líta út fyrir að vera.“

Bannon er af flestum talinn heilinn að baki kosningabaráttu forsetans og meðal annars maðurinn sem stakk upp á slagorðinu „America first“. Síðar meir átti hann sæti í þjóðaröryggisráði Trumps en var sparkað út úr Hvíta húsinu, og innsta ráðgjafarhring forsetans, í ágúst í fyrra. **– jóe**

# Fóru leynt með sprengingu á Akranesi

**Bæjarstjórinn á Akranesi segir verktakann við niðurrifið á Sementsverksmiðjunni ekki hafa gert bæjaryfirvöldum kleift að sinna upplýsingaskyldu sinni við bæjarbúa. Réðst í að reyna að sprengja niður rammgerð síló á laugardag. Skýrist á næstu dögum hvenær önnur atlaga verður gerð.**




Skökku turnarnir á Skaganum standa enn eftir að vanmetið var hversu rækilega járnbundin mannvirkin væru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**AKRANES** „Helsta skýringin sem liggur fyrir er að það hafi verið meiri járnabinding í mannvirkinu en þeir gerðu ráð fyrir,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness, um misheppnað niðurrif verktakans Work North ehf. á fjórum sílóum á lóð Sementsverksmiðjunnar á laugardag.

Reynt var að fella sílóin með sprengiefni en ekki vildi betur til en svo að þau rétt bifuðust og tóra enn skökk á sínum stað svo hætta þykir stafa af.

Engar tilkynningar voru sendar til íbúa á Akranesi né heldur var bæjaryfirvöldum kunnugt um að verktakinn hygðist fara í verkið á laugardaginn. Sævar Freyr segir að síðustu samskipti við verktakann hafi verið á þá leið að búið væri að fresta sprengingunni yfir áramót.

Sævar segir verktakann hafa látið lögreglu vita og íbúa í allra næsta nágrenni en að bæjaryfirvöld hafi viljað upplýsa bæjarbúa um hvenær sprengingin yrði. Enginn eftirlitsaðili frá bænum var á svæðinu þegar sprengt var.

„Ekki þegar verkið sjálft fór fram. Það var haft samband við eftirlitsaðilann í aðdragandanum en þessu atriði varðandi hvenær framkvæmdin yrði var ekki sinnt að okkar kröfum.“

Sævar Freyr segir að misskilningur sé ekki orð sem hann myndi nota yfir það að verktakinn hafi farið í verkið án þess að upplýsa stjórnendur hjá bænum.

> **Þeir sinntu því ekki að gera okkur kleift að sinna upplýsingagjöfinni til allra.**
>
> Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri á Akranesi



> **Verið er að undirbúa næstu atlögu að sílóunum en gefin verður út tilkynning um framhaldið á næstu dögum.**

„Þeir sinntu ekki því að gera okkur kleift að sinna upplýsingagjöfinni til allra. Ein rökin sem nefnd voru fyrir því var að þeir vildu ekki fá of mikla athygli á svona sprengingu. Fólk á til að safnast að þegar sprengingar eru og það hafi verið öryggismál. En það eru ekki rök sem við tökum gild. Við getum alltaf tryggt að fólk komist ekki að þegar sprenging á sér stað.“

Eftir klúðrið var nærliggjandi götu, Faxabraut, lokað og verður hún að sögn Sævars lokuð af öryggisástæðum þar til turnarnir eru endanlega fallnir.

Verið er að undirbúa næstu atlögu að sílóunum og að sögn Sævars verður gefin út tilkynning á næstu dögum. Niðurrif á öðrum byggingum á Sementsreitnum hefur þó áfram og gengur vel. **mikael@frettabladid.is**

## Námsmenn í Kaupinhafn flytja í gáma

**DANMÖRK** Nær 2.300 sóttu um að fá að búa í gámum sem reistir hafa verið fyrir námsmenn í Kaupmannahöfn. Alls eru 84 íbúðir í gámunum og er hver þeirra 20 fm. Mánaðarleigan er 3.850 danskar krónur eða um 64.680 íslenskar krónur. Hverri íbúð fylgir gróðurhús til að menn geti ræktað eigið grænmeti. Stórt sameiginlegt húsnæði verður reist fyrir íbúana.

Stefnt er að því reisa allt að 2.000 nýjar flytjanlegar námsmannaíbúðir í Kaupmannahöfn fyrir árið 2021. Heimild er fyrir því að bráðabirgðaíbúðir fyrir ungt fólk geti staðið á svæðum í 10 ár þar sem byggð hefur ekki verið skipulögð. **– ibs**

## Skylda að bjóða spilafíklum hjálp í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Frá og með áramótum verða sveitarfélög í Svíþjóð að bjóða spilafíklum aðstoð og meðferð. Spil með peninga er nú samkvæmt lögum metið til jafns við annars konar fíkn, að því er segir í frétt sænska ríkisútvarpsins.

Nokkur sveitarfélög hafa aðstoðað spilafíkla en nú eiga þeir að geta sótt um meðferð vegna vandamála sinna.

Ekki er búist við að umsóknir um meðferð streymi frá spilafíklum strax eftir áramót. Þeir leita sér sjaldan aðstoðar.

Tvö prósent allra á milli 16 og 84 ára í Svíþjóð glíma við spilafíkn samkvæmt rannsókn sænsku lýðheilsustofnunarinnar. **– ibs**

## Bílstjóri fólksbifreiðar lést á Kjalarnesi

**UMFERÐ** Bílstjóri fólksbíls lést þegar bifreið hans og flutningabíll rákust saman á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi í gær. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús ásamt ökumanni flutningabílsins en við komuna þangað var hann úrskurðaður látinn.

Slysið átti sér stað í gærmorgun en tilkynning barst lögreglu klukkan 9.35. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og rannsóknarnefnd samgönguslysa rannsaka tildrög slyssins.

Loka þurfti Vesturlandsvegi á Kjalarnesi um stund vegna slyssins og var bílum hleypt um reiðveg en miklar umferðartafir mynduðust við Esjuberg. Lögreglan biður þá sem kunna að hafa orðið vitni að slysinu að hafa samband í síma 444-1000 eða á Facebook-síðu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. **– khn**



Frá Vesturlandsvegi í gær. Tildrög slyssins eru til rannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

NÝ HEIMASÍÐA - BILALAND.IS



# VETRARTILBOÐ BÍLALANDS

**Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!**

Lykill fjármögnun




SUBARU Forester Premium
Nýskr. 05/16, ekinn 56 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.890 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.390 þús. kr.**




HYUNDAI i30 Classic
Nýskr. 08/13, ekinn 62 þ.km, dísil, beinskiptur.
**Verð 1.790 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.490 þús. kr.**




Range Rover Evoque HSE
Nýskr. 11/16, ekinn 16 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**7.290 þús. kr.**




VW Passat Ecofuel
Nýskr. 07/11, ekinn 137 þ.km, bensín, beinskiptur.
**Verð 1.690 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.190 þús. kr.**




TOYOTA Avensis Live
Nýskr. 05/15, ekinn 47 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.890 þús. kr.**




HYUNDAI Santa Fe II Lux
Nýskr. 03/13, ekinn 94 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.290 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.790 þús. kr.**




SUBARU Outback Lux +
Nýskr. 12/15, ekinn 121 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.290 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.790 þús. kr.**




CHEVROLET Spark Lt.
Nýskr. 10/13, ekinn 76 þ.km, bensín, beinskiptur.
**Verð 990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**690 þús. kr.**




RENAULT Megane Limited
Nýskr. 07/15, ekinn 44 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.890 þús. kr.**




HONDA Accord dísil
Nýskr. 07/13, ekinn 75 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.590 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.990 þús. kr.**




NISSAN X-Trail LE
Nýskr. 08/11, ekinn 118 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.590 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.990 þús. kr.**




VW Golf Trendline
Nýskr. 09/13, ekinn 77 þ.km, dísil, beinskiptur.
**Verð 1.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.690 þús. kr.**




RENAULT Clio Expression
Nýskr. 07/14, ekinn 76 þ.km, dísil, beinskiptur.
**Verð 1.590 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.190 þús. kr.**




NISSAN Juke Acenta + 2wd
Nýskr. 08/16, ekinn 25 þ.km, dísil, beinskiptur.
**Verð 2.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.490 þús. kr.**




NISSAN Pulsar Visia
Nýskr. 04/16, ekinn 45 þ.km, bensín, beinskiptur.
**Verð 2.090 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.790 þús. kr.**




RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 07/16, ekinn 51 þ.km, dísil, beinskiptur.
**Verð 3.490 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.850 þús. kr.**




DACIA Logan
Nýskr. 04/15, ekinn 40 þ.km, dísil, beinskiptur.
**Verð 1.890 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.490 þús. kr.**




BMW X1 Xdrive20d
Nýskr. 11/15, ekinn 28 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.690 þús. kr.**

TILBOÐ:
**4.690 þús. kr.**




LAND ROVER Discovery 4 S
Nýskr. 12/14, ekinn 73 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.490 þús. kr.**

TILBOÐ:
**6.490 þús. kr.**




OPEL Astra enjoy Turbo
Nýskr. 07/13, ekinn 54 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.490 þús. kr.**

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.

ENNEMM / SÍA / NM85769

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
**www.facebook.com/bilaland.is**

**Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.**

**bílaland**

# 650 þúsund krónur fyrir sólarhrings vinnu í niðurfelldu máli

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í Hæstarétti í gær dæmt til að greiða rúmlega 650 þúsund króna málsvarnarlaun verjanda í sakamáli sem aldrei náði í aðalmeðferð.

Málið var höfðað með ákæru 1. desember síðastliðinn og fór fyrsta þinghald í málinu fram þann 20. desember. Við upphaf þinghalds lýsti saksóknari, frá embætti héraðssaksóknara, því yfir að hann léti málið niður falla en að ný ákæra hefði verið gefin út vegna málsins. Í því máli hefði heiti brots verið breytt úr „sérstaklega hættulegri líkamsárás“ í „tilraun til manndráps“. Aðrar lítilsháttar breytingar voru gerðar á ákærunni.

Verjandi mannsins mótmælti niðurfellingunni og krafðist úrskurðar þar um. Þá krafðist hans sakarkostnaðar vegna niðurfellingarinnar. Héraðsdómari féllst á niðurfellinguna en taldi að ákvörðun sakarkostnaðar ætti að bíða efnisdóms í hinu nýja máli.

**»** Málsvarnarlaun og kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar þann 22. desember síðastliðinn. Hæstiréttur taldi að í úrskurði héraðsdóms hefði borið að kveða á um hvort fella ætti sakarkostnað á ríkið eður ei. Breytti þar engu að nýtt mál hefði verið höfðað.

**527**

þúsund krónur fékk verjandinn í málsvarnarlaun.

Af tímaskrá verjandans þótti ljóst að hann hefði varið 25 klukkustundum í rekstur málsins frá 1. desember. Voru honum því dæmdar 527 þúsund krónur í málsvarnarlaun og 124 þúsund krónur í kærumálskostnað. Sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði. **– jóe**

# Húsaleiga námsmanna hækkar talsvert

**HÚSNÆÐISMÁL** Stjórn Byggingafélags námsmanna ákvað á fundi sínum í lok síðasta mánaðar að hækka húsaleigu allra samninga frá og með 1. apríl næstkomandi um 7,5 prósent. Samhliða því hækka hússjóðsgjöld um þúsund krónur á mánuði 1. febrúar.

Í tilkynningu til námsmanna segir að ástæða hækkunar húsaleigu megi fyrst og fremst rekja til mikillar hækkunar opinberra gjalda á síðustu tveimur til þremur árum, sem koma til vegna ört hækkandi fasteignaverðs og þar með hærra fasteignamats. Þá hafi launakostnaður aukist undanfarin ár en félagið hafi mætt því með því að fækka stöðugildum.

Stjórnin bendir á að engar breytingar verði á núgildandi samningum heldur taki þær aðeins gildi á þeim samningum sem koma til endurnýjunar eftir 1. apríl.

Um hækkun hússjóðsgjalda segir að þau hafi ekki staðið undir rekstri að undanförnu. Kostnaður við rekstur þvottahúsa hafi verið hár vegna tíðra bilana í vélum og þá hafi umhirða og umsjón í kringum sorpskýli verið umtalsverð. **– smj**

# Verður forseti EFTA dómstólsins

**DÓMSTÓLAR** Páll Hreinsson hefur verið kjörinn forseti EFTA-dómstólsins næstu þrjú árin. Hann var kjörinn í embættið hinn 14. nóvember en tók við 1. desember síðastliðinn. Páll hefur víðtæka reynslu af dómarastörfum. Hann var skipaður hæstaréttardómari árið 2007 en fékk leyfi frá störfum þegar hann var tilnefndur dómari við EFTA-dómstólinn árið 2011. Hann fékk síðan lausn frá störfum sem dómari við Hæstarétt Íslands í haust. **– jhh**

# Sjö deilumál hjá sáttasemjara

**Búist er við því að um 80 kjarasamningar verði lausir í desember. Í upphafi árs eru sjö mál hjá sáttasemjara en enn fleiri gætu verið á leiðinni. Náttúrufræðingar krefjast 400 þúsund króna í lágmarkslaun.**

**KJARAMÁL** Sjö kjaradeilumál eru á borði Ríkissáttasemjara núna í byrjun árs, en fleiri félög eru með lausa samninga og gætu vísað málum sínum þangað á næstunni.

Félag íslenskra náttúrufræðinga er hið eina af sautján aðildarfélögum Bandalags háskólamanna sem hefur vísað deilu sinni til sáttasemjara en samningar allra félaganna hafa verið lausir síðan 1. september. Maríanna H. Helgadóttir, formaður félagsins, sagði lítið þokast í átt að samkomulagi eftir fund hjá sáttasemjara í gær.

„Við vísuðum okkar deilu þangað í október þegar ljóst var að hvorki gekk né rak að ræða við samninganefnd ríkisins,“ segir Maríanna en tekur þó fram að enginn árangur hafi náðst. „Þetta er mjög alvarlegt því að þeir virðast ekki vera reiðubúnir til að gera neitt til að leiðrétta laun háskólamanna sem vinna hjá ríkinu,“ bætir hún við. Hún tekur fram að í samkomulagi um að samræma lífeyrisréttindi á milli markaða hafi verið kveðið á um að líka ætti að jafna laun á milli markaða.

Maríanna segir aðalkröfu félagsins vera þá að lægstu laun félagsmanna verði hækkuð upp í 400 þúsund krónur frá og með 1. september síðastliðnum. „Þetta eru 84 stöðugildi sem eru launasett undir 400 þúsundum,“ segir Maríanna. Vinnufundur er áformaður í deilunni í næstu viku og svo verður fundað aftur 17. janúar.

Stóra spurningin fram undan er svo hvort Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandið telji að forsendur þeirra kjarasamninga sem undirritaðir voru árið 2015 séu enn fyrir hendi eða ekki. Þær forsendur voru að ríkisstjórnin myndi efna fyrirheit, meðal annars um uppbyggingu félagslegs húsnæðis, að launastefna og launahækkanir í samningi SA og ASÍ yrðu stefnumarkandi á vinnumarkaðnum og að kaupmáttur myndi aukast.

Meti forsendunefnd SA og ASÍ það þannig að forsendur kjarasamninga aðildarfélaganna séu brostnar verða kjarasamningar teknir upp að nýju. Ef forsendurnar halda munu samningarnir halda gildi sínu fram í desember. Í lok ársins gerir Ríkissáttasemjari svo ráð fyrir að 79 samningar verði lausir.

**jonhakon@frettabladid.is**



**Það er kunnara en frá þurfi að segja að nýjum kjarasamningum í Karphúsinu er jafnan fagnað með því að hrært er í vöfflur. Nú er spurning hvort þess sé langt að bíða að næst verði hitað upp í vöfflujárninu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Eftirfarandi mál eru hjá Ríkissáttasemjara

- Félag íslenskra náttúrufræðinga og samninganefnd ríkisins
- Kennarasamband Íslands og samninganefnd ríkisins vegna framhaldsskólakennara
- Félag íslenskra atvinnuflugmanna og SA vegna flugmanna hjá Icelandair
- Flugvirkjafélag Íslands og Samtök atvinnulífsins vegna flugvirkja hjá Atlanta
- Flugfreyjufélag Íslands og Samtök atvinnulífsins vegna flugfreyja hjá Primera air
- Félag skipstjórnarmanna og VM og Samtök atvinnulífsins vegna starfsmanna á hvalaskoðunarskipum



**Maríanna H. Helgadóttir**




# Kraftmiklir leiðtogar koma vel fyrir sig orði

Viltu vera leiðtogi sem nærð til fólks, endurspeglar öryggi og færð aðra í lið með þér á jákvæðan og faglegan hátt? Hvernig þú tjáir þig getur verið lykillinn að velgengni þinni í starfi. Námskeiðið Áhrifaríkar kynningar (High Impact Presentations) styrkir fagfólk til að miðla af öryggi og trúverðugleika til ólíkra áheyrendahópa.

**Það sem við förum yfir:**

- Skapa jákvæð áhrif við fyrstu kynni
- Auka trúverðugleika
- Framsetning á flóknum upplýsingum
- Tjáning á áhrifaríkan hátt
- Hvetja aðra til framkvæmda
- Bregðast rétt við krefjandi aðstæðum
- Fá aðra til að fagna breytingum
- Koma fram í fjölmiðlum

**Hefst 13. febrúar • Nánar á dale.is**

Dale Carnegie®

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. ad_121317_iceland




# GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

– með tækninámi hjá Promennt

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

## FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. **Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.**

**VIÐFANGSEFNI**

Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
• MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

**STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM**

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

**ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR**

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

**ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU**

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

**STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ – STARFSNÁM**

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Microsoft, Nýherja, Opin kerfi, Advania og Sensa. Nemendum gefst kostur á að fara í starfsnám tvisvar sinnum á námstímanum.

Hefst: **22. og 23. janúar 2018** • Lýkur: **Júní 2019**
*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

TÆKNINÁM
fimmtudaginn
**11. janúar kl. 17:30**

## AÐRAR LÁNSHÆFAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

Netstjórnun – CCNA
Hefst: **29. og 30. janúar**

Kerfisstjórnun: MCSA+O365
Hefst: **22. og 23. janúar**

**AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?**

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 174994

# Ætla að frelsa alla pólitíska fanga í Eþíópíu

**EÞÍÓPÍA** Allir pólitískir fangar í Eþíópíu verða frelsaðir á næstunni og fangabúðunum þar sem þeir hafa dvalið verður lokað. Frá þessu greindi Hailemariam Desalegn forsætisráðherra í gær og bætti því við að ákærur á hendur þeirra sem biðu enn réttarhalda yrðu felldar niður.

Óháð félagasamtök á borð við Human Rights Watch hafa gagnrýnt fangabúðirnar og sagt að þar sé stjórnarandstæðingum smalað saman, þeir pyntaðir til að ná fram játningu. Þetta sé gert til að þagga niður í gagnrýnisröddum.

Ekki er ljóst hversu margir hafa verið fangelsaðir af pólitískum ástæðum. Ljóst er þó að fjöldi fangelsaðra frá því 2015 hleypur á þúsundum en það ár fóru fram fjöldamótmæli gegn ríkisstjórninni. – **þea**



**Stefnan um sjálfbærar veiðar er sögð hafa öfug áhrif.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þorskurinn minni en áður

**SVÍÞJÓÐ** Þorskurinn í Eystrasalti er ekki jafnstór og áður, að því er segir í frétt sænska ríkisútvarpsins. Í henni er vitnað í rannsókn á vegum Stokkhólmsháskóla sem sýnir að stefnan um sjálfbærar veiðar í Eystrasalti hafi öfug áhrif.

Markmiðið hefur verið að veiða eingöngu stóran þorsk. Litlu fiskarnir eiga að fá að vaxa og verða nógu stórir til að auka kyn sitt einu sinni áður en þeir eru veiddir.

Þegar allir þorskarnir eru jafnstórir eykst samkeppnin um matinn. Afleiðingin er fleiri litlir og magrir þorskar. Á tíunda áratug síðustu aldar var meðallengdin 40 sentimetrar. Nú er hún þrjátíu.

Vísindamennirnir hafa komist að þeirri niðurstöðu að þorskurinn í Eystrasalti hafi lagað sig að því að vera lítill. Hann eykur kyn sitt þegar hann er helmingi minni en áður. Það geti leitt til erfðabreytinga auk þess sem vistkerfið geti breyst þegar stórir fiskar hverfa. – **ibs**






# Segja ónæði af umferð vegna hótelreksturs í Grímsbæ

**SKIPULAGSMÁL** Stjórn Húsfélags Efstalands 20 til 24, sem er íbúðablokk næst Grímsbæ, segir íbúa hafa orðið fyrir talsverðu ónæði vegna Gríms Hótels í verslunarmiðstöðinni. Í athugasemdabréfi húsfélagsins til skipulagsyfirvalda í Reykjavík segir að umferð rúta og leigubíla hafi aukist, bílum sé lagt í einkastæði íbúa og þeir hafi áhyggjur af hraðakstri og mengun auk slits á stæðunum. „Ábendingum hefur verið komið til rekstraraðila gistiheimils, með misjöfnum viðbrögðum,“ segir í bréfinu.



**Markhópur gistiheimilis í Grímsbæ er fjölskyldufólk og fólk í viðskiptaerindum að sögn hótelstjórans.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Grímur Hótel er með tuttugu herbergi og var opnað í júní að sögn Dagmarar Valsdóttur hótelstjóra. Hún viðurkennir að einhverjir hnökrar hafi verið vegna umferðarmála en að gestum hótelsins sé sérstaklega beint upp fyrir Grímsbæ þar sem næg bílastæði sé að finna.

„Það er þægilegra fyrir alla og það er það fyrsta sem við gerum, einfaldlega til að vera með góða þjónustu gagnvart sjálfum kúnnanum og líka fólkinu í kring,“ segir Dagmar. – **gar**

# Prófessor telur auglýsingaherferð sauðfjárbænda hræðsluáróður

Prófessor í lyfja- og eiturefnafræðum gagnrýnir harðlega auglýsingar sauðfjárbænda um erfðabreytt fóður. „Ég vil ekki styðja samtök sem berjast gegn vísindalegri aðferðafræði.“ Framkvæmdastjóri markaðsráðs kindakjöts segir bændur vilja tryggja að afurðir úr eiturefnalandbúnaði rati ekki inn í íslenska sauðfjárrækt.

**LANDBÚNAÐUR** Magnús Karl Magnússon, prófessor í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, gagnrýnir auglýsingaherferð sauðfjárbænda harðlega um bann við erfðabreyttu fóðri í sauðfjárframleiðslu. Telur hann auglýsingarnar ala á tortryggni í garð vísindalegrar aðferðar sem sé ekki slæm og megi nýta til góð

Síðustu vikur hafa sauðfjárbændur auglýst að nú sé bannað að nota erfðabreytt fóður í greininni, byggt á reglugerð sem Gunnar Bragi Sveinsson undirritaði þremur dögum fyrir þingkosningar í október 2016. Engin viðurlög eru við því að nota erfðabreytt fóður í framleiðslu og eftirlit með því nokkuð erfitt.

„Baráttan gegn erfðabreytingu á matvælum er að mínu mati byggð á misskilningi um að þessar vísindalegu aðferðir séu í eðli sínu slæmar fyrir umhverfið eða heilsu manna,“ segir Magnús Karl. „Það er slæmt þegar svo stór samtök fara í auglýsingaherferð af þessu tagi sem augljóslega er með þeim tilgangi að draga úr trúverðugleika þessarar aðferðar.“

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri markaðsráðs kindakjöts, segir skipta miklu máli að réttar upplýsingar berist íslenskum neytendum. „Íslenskir sauðfjárbændur vilja bæði undirstrika sérstöðu afurða sinna og taka samfélagslega ábyrgð með því að tryggja að íslenskt sauðfé sé ekki alið á fóðri sem ræktað er með óhóflegri eitur- eða efnanotkun,“ segir Svavar. „Tilgangurinn með því að auglýsa þá staðreynd að erfðabreytt fóður sé bannað í íslenskri sauðfjárrækt er fyrst og fremst sá að koma



**Sauðfjárframleiðendur keppa að því að gera framleiðslu sína eins vistvæna og mögulegt er. Bann við erfðabreyttu fóðri er liður í þeirri vegferð. Magnús Karl segir sauðfjárbændur gera góð vísindi tortryggileg.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

réttum upplýsingum til neytenda og í samræmi við neytendastefnu sauðfjárbænda.“

Magnús Karl segir fræðaheiminn sammála um gæði þessara aðferða. „Fræðaheimurinn er á einu máli um að þessi aðferð er örugg og við eigum ekki að berjast gegn henni,“ segir Magnús Karl. „Þetta virkar illa á mig. Ég vil ekki styðja samtök sem berjast gegn vísindalegri aðferðafærði. Við ættum að berjast gegn því þegar samtök eru með áróður gegn því að við notum tækni og vísindi til að finna lausnir á vandamálum sem við okkur blasa.“

Svavar bendir á að sauðfjárbændur vinni nú að því að gera sauðfjárframleiðslu eins vistvæna og mögulegt er. Bann við notkun á erfðabreyttu fóðri sé hluti af þeirri vegferð. „Alþjóðlegi efnarisinn Monsanto hefur verið í forystu í eiturefnalandbúnaði af þessu tagi og framleiðir bæði erfðabreytt útsæði og illgresiseyðinn Roundup sem inniheldur eiturefnið glýfósat sem getur borist í menn og dýr. Nú er svo komið að bróðurpartur allrar uppskeru í Bandaríkjunum, Kína og fleiri löndum fellur undir þennan hatt. Íslenskir sauðfjárbændur vilja tryggja að afurðir úr slíkum eiturefnalandbúnaði rati ekki inn í íslenska sauðfjárrækt,“ segir Svavar.

**sveinn@frettabladid.is**

# Auki ekki öryggi eins hóps á kostnað annarra

**UMFERÐARMÁL** Guðrún Elín Herbertsdóttir, bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar í Garðabæ, vill að fallið verði frá áætlaðri lokun á gamla Álftanesvegi. Í staðinn verði komið á hraðatakmörkunum í gegnum Prýðahverfið.

Í tillögu Guðrúnar sem lögð var fyrir bæjarráð er minnt á mótmæli íbúa við Naustahlein og Boðahlein. „Þessi lokun er sögð bæta umferðaröryggið hjá íbúum Prýðahverfis. Sú aðgerð myndi í staðinn minnka umferðaröryggið hjá öðrum íbúum Garðabæjar, til að mynda íbúum Hleina og Álftaness.“

Sagt er að sú umferð sem annars fari í gegnum Prýðahverfi fari í staðinn að vegtengingu við Garðaholtið inn á nýja Álftanesveginn. Sú vegtenging sé nú þegar talin mjög hættuleg. „Þar þurfa bílar að þvera Álftanesveginn þar sem hraðinn

> **Sú aðgerð myndi í staðinn minnka umferðaröryggið hjá öðrum íbúum Garðabæjar, til að mynda íbúum Hleina og Álftaness.**
>
> Úr tillögu Bjartrar framtíðar

er mikill og þar myndast líka oft lúmsk hálka. Björt framtíð hvetur meirihlutann til að auka ekki bara umferðaröryggi hjá einum hóp Garðbæinga, á kostnað annarra.“ – **gar**



**Bæjaryfirvöld Garðabæjar samþykktu að loka þessari tengingu við gamla Álftanesveg. Hraðatakmarkanir verða settar á í Prýðahverfi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


ÚTSALA
40%
afsláttur af öllum vörum
herra GARÐURINN
–klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410
Mathilda
Kringlunni
552 8600
BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

## Ósnertanleg mótmæltu í þúsundatali

**INDLAND** Þúsundir úr stétt hinna ósnertanlegu á Indlandi, lægst settu stéttinni í hinu gamalgróna indverska stéttakerfi, mótmæltu ofbeldi sem stéttin sætti af hálfu öfgamanna í Pune-borg á mánudag. Mótmælin voru einna umfangsmest í stórborginni Mumbai en þar lömuðust allar almenningssamgöngur. Sömu sögu var að segja frá borgum Maharashtra-ríkis, þar með talinni Pune.

Hin ósnertanlegu fögnuðu á mánudag 200 ára afmæli sigurs í orrustu gegn ráðamanni af efri stétt. Í þeirri orrustu börðust hin ósnertanlegu, oft kölluð paríar eða dalit, við hlið nýlenduherra sinna, Breta.

Devendra Fadnavis, ríkisstjóri Maharashtra, hefur fyrirskipað opinbera rannsókn á ofbeldinu í Pune. Ofbeldið hélt áfram á þriðjudaginn þegar mótmælendur köstuðu steinum í lestir og áttu í útistöðum við lögreglu. – **þea**



Henry Kalaba. NORDICPHOTOS/AFP

## Ráðherra hættir vegna græðgi

**SAMBÍA** Henry Kalaba, utanríkisráðherra Sambíu, sagði af sér í gær þar sem hann gat ekki hugsað sér að sitja í ríkisstjórn landsins lengur. Í afar harðorðri yfirlýsingu sem Kabala sendi frá sér á Facebook segir hann að stjórnarhættir einkennist af „taumlausri græðgi og skammarlegum vinnubrögðum“.

Kalaba sagði jafnframt að hann hefði tekið ákvörðunina nú vegna vaxandi spillingar. „Sú spilling er til komin vegna þeirra sem ætlast er til að leysi hana,“ segir í yfirlýsingunni.

Greinendur BBC sögðu í gær að ákvörðun Kalaba beri þess merki að hann reyni að þrýsta á Edgar Lungu forseta svo hann bjóði sig ekki fram til þess að sitja sitt þriðja kjörtímabil. Eins og stendur kveður stjórnarskrá Sambíu á um að ekki megi sitja lengur en tvö kjörtímabil á forsetastól en rætt hefur verið um að gera breytingar þar á. – **þea**

# Útlit fyrir endurkomu Mitts Romney í stjórnmálin

**BANDARÍKIN** Útlit er fyrir að Mitt Romney, Repúblikani og fyrrverandi ríkisstjóri Massachusetts sem laut í lægra haldi fyrir Barack Obama í forsetakosningunum árið 2012, fari í framboð til öldungadeildar þingsins fyrir hönd Repúblikana í Utah seint á þessu ári. Orrin Hatch, Repúblikani sem nú vermir sætið, tilkynnti í fyrrinótt að hann ætlaði ekki að sækjast eftir endurkjöri.

Ákvörðun Hatch þýðir laust sæti og Romney þykir einna líklegastur til að taka slaginn. Politico fjallaði um málið í gær og greindi frá því að Donald Trump forseti hefði í desember, á meðan hann heimsótti Utah, reynt að lægja öldurnar á milli sín og Romneys í ljósi þess að Romney hygði á framboð. Á þeim tíma var þó óljóst hvort af því yrði enda hafði Hatch ekki gert upp hug sinn.



**Mitt Romney, fyrrverandi forsetaframbjóðandi Repúblikana.** NORDICPHOTOS/AFP

Romney og Trump hafa lengi átt í deilum. Hefur Trump meðal annars kallað Romney tapara (e. loser) vegna ósigursins í forsetakosningunum 2012. Þegar allt stefndi í að Trump yrði forsetaframbjóðandi Repúblikana hélt Romney svo ræðu þar sem hann kallaði Trump „svikara og loddara“. Með kjöri Romneys myndi Trump því eignast enn einn óvininn í öldungadeildinni þótt þeir séu í sama flokki.

Tölfræðifréttasíðan FiveThirtyEight greindi sigurlíkur Romneys í gær. Þær eru taldar afar góðar enda hefur enginn Demókrati verið öldungadeildarþingmaður fyrir hönd Utah frá því árið 1974. Þótt Trump sé óvenjulega óvinsæll í ríkinu miðað við að vera Repúblikani þykir það þó ekki draga úr sigurlíkum Romneys enda öllum ljóst hvernig sambandi þeirra er háttað. – **þea**

# Neyðarlínan tengd á ný í Kóreu

**Í fyrsta sinn í tvö ár hefur beinum samskiptum verið komið á milli ríkjanna tveggja á Kóreuskaga. Greina mátti sáttatón í nýársávarpi Kim Jong-un en Moon Jae-in fagnar tengingu neyðarlínunnar.**



**Neyðarlínan hefur nú verið tengd á ný og geta ríkin því auðveldlega átt í beinum samskiptum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**NORÐUR-KÓREA** Neyðarlína á milli yfirvalda í Norður- og Suður-Kóreu hefur verið tengd á ný. Suður-Kóreumenn fengu í gær símtal í gegnum línuna þar sem einræðisríkið tilkynnti að tengingu hefði verið komið á. Engin slík lína hefur verið tengd í tvö ár eftir að einræðisherrann Kim Jong-un fyrirskipaði aftengingu hennar. Samkvæmt sameiningarráðuneyti Suður-Kóreu eru 33 neyðarlínur sem þessi til. Þessi tiltekna lína er staðsett í landamærabænum Panmunjom.

Ríkin hafa ekki átt í viðræðum frá því í desember 2015. Skömmu eftir þær fyrirskipaði Kim aftenginguna og hætti norðrið því að svara í þennan merkilega síma. Athygli vakti að í Norður-Kóreu var það ekki ríkismiðillinn KCNA sem greindi frá tíðindunum. Þess í stað gaf Ri Songwon, formaður nefndar um friðsamlega sameiningu föðurlandsins, út tilkynningu sem hann sagði gefna út með samþykki Kim Jong-un.

Hið fyrsta símtal var stutt og greindu suðurkóreskir miðlar frá því að enn væri verið að gera athuganir á línunni, til að mynda á öryggi hennar. Markmiðið með þessari ákvörðun einræðisherrans er að ríkin tvö geti átt í einföldum samskiptum um að senda íþróttamenn frá Norður-Kóreu á Vetrarólympíuleikana sem fara fram í Pyeongchang í Suður-Kóreu síðar á þessu ári.

> **Þetta gerir okkur kleift að eiga í samskiptum hvenær sem er.**
>
> Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu



> **Línan er staðsett í landamærabænum Panmunjom. Ríkin ætla að nota hana til að ræða þátttöku einræðisríkisins á vetrarólympíuleikunum í Pyeongchang.**

Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, tók ákvörðuninni fagnandi og sagði hana afar mikilvæga. „Þetta gerir okkur kleift að eiga í samskiptum hvenær sem er.“

Suðurkóreskir fjölmiðlar voru þó fullir efasemda. Þannig sagði í dagblaðinu JoongAng Ilbo að ef til vill hefði Norður-Kóreustjórn ákveðið að sækja í átt að friði nú til þess að vinna sér inn tíma svo hægt væri að fullklára kjarnorkuáætlun ríkisins. Dagblaðið Hankyoreh tók í sama streng. „Kim hefur ekki haggast tommu frá þeirri óábyrgu kjarnorkuþróunarstefnu sem hann hefur unnið að,“ sagði í blaðinu.

Í nýársávarpi sínu sagðist Kim vilja þíða frosið samband á Kóreuskaga. Sagði hann enn fremur að þátttaka Norður-Kóreu á Ólympíuleikunum væri til þess fallin að sýna að íbúar Kóreuskaga stæðu saman.

En í nýársávarpinu boðaði Kim þó ekki einungis frið. Hótaði hann Bandaríkjunum ítrekað og sagði jafnframt að hann væri tilbúinn með kjarnorkuhnappinn á skrifborðinu sínu. Átti hann þar við að hann gæti fyrirskipað kjarnorkuárás án þess að hreyfa sig nema um örfáa sentimetra.

Þessu tók Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, ekki þegjandi. „Vill einhver úr þessari þreyttu og sveltu ógnarstjórn hans vinsamlega upplýsa Kim um að ég sé líka með kjarnorkuhnapp. Hann er hins vegar miklu stærri og öflugri en hans hnappur. Minn virkar meira að segja,“ tísti forsetinn. **thorgnyr@frettabladid.is**


LYFJA – Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

15% afsláttur
af öllu lyfjatyggigúmmí, öllum styrkleikum og pakkningarstærðum.




Gildir út janúar 2018

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

# Stórafsláttur af völdum úrum og skartgripum

frá **þessum vörumerkjum** í verslunum okkar,
**Laugavegi 15, Kringlunni og á michelsen.is**



**Armani**
Allt að
**50%**
afsláttur

**Skagen**
Allt að
**50%**
afsláttur

**Michael Kors**
Allt að
**50%**
afsláttur

**Movado**
Allt að
**40%**
afsláttur

**Rosendahl**
**60%**
afsláttur
Takmarkað magn

**asa jewelery**
**50%**
afsláttur
Takmarkað magn

**Rodania**
**60%**
afsláttur
Takmarkað magn

**Tissot**
dömuúr
**40%**
afsláttur
Takmarkað magn

**Fossil**
Allt að
**50%**
afsláttur

**Adidas**
Allt að
**60%**
afsláttur

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni - sími 511 1900 - www.michelsen.is

## VIÐSKIPTI

# 2,1 milljarðs króna fjármögnun í höfn

**Alþjóðlegir vaxtarsjóðir hafa fjárfest fyrir rúma tvo milljarða króna í lyfjaþróunarfyrirtækinu Oculis. Fyrirtækið hyggst reisa höfuðstöðvar í Sviss en efla um leið starfsemi sína hér á landi. Tækni Oculis lýtur að því að nota augndropa í stað augnástungu til að meðhöndla sjúkdóma í afturhluta augans.**



Sjúkdómar í afturhluta augans eru meðhöndlaðir með augnástungum og tækni Oculis felur því í sér byltingu fyrir þá sjúklinga sem þjást af slíkum sjúkdómum. Fyrirtækið á rætur að rekja til Háskóla Íslands og Landspítalans. MYND/OCULIS

Lyfjaþróunarfyrirtækið Oculis, sem hefur þróað byltingarkennda tækni við meðhöndlun augnsjúkdóma, hefur samið við þrjá leiðandi alþjóðlega vaxtarsjóði, Bay City Capital, Novartis Venture Fund og Pivotal bio Venture Partners, um 2,1 milljarðs króna hlutafjáraukningu. Þá hyggst félagið setja upp nýjar höfuðstöðvar í Lausanne í Sviss.

Nýtt félag, Oculis SA, hefur verið stofnað um höfuðstöðvar félagsins í Sviss og mun það eignast allt hlutafé í Oculis ehf. Rannsóknar- og þróunarstarfsemi Oculis verður eftir sem áður á Íslandi og verður sú starfsemi efld, meðal annars með nýrri rannsóknaraðstöðu og fjölgun starfsmanna, að sögn Páls Ragnars Jóhannessonar, sem mun taka við starfi fjármálastjóra félagsins ásamt því að gegna stöðu framkvæmdastjóra Oculis á Íslandi.

Dr. Riad Sherif, sem áður gegndi stöðu yfirmanns hjá alþjóðlega augnlækningafyrirtækinu Alcon og lyfjarisanum Novartis, mun taka við starfi forstjóra Oculis SA. Þá mun dr. Sabri Markabi, fyrrverandi yfirmaður rannsóknar- og þróunar hjá Alcon, gegna starfi þróunarstjóra.

„Með hlutafjáraukningunni og aðkomu þessara vísindamanna og sjóða, sem hafa mikla reynslu og þekkingu á því sem við erum að gera, næst tvennt fram. Annars vegar fáum við fjármuni sem við þurfum til þess að halda þróunarstarfi okkar áfram á þeim hraða sem æskilegt er og hins vegar gríðarlega þekkingu. Hvort tveggja styður við að koma félaginu í fremstu röð augnlyfjaþróunar í heiminum,“ segir Páll Ragnar.

> **Ekkert félag eða tækni, neins staðar í heiminum, sem okkur er kunnugt um, leysir með viðlíka árangursríkum hætti þær áskoranir sem eru við augnlyfjagjöf.**
>
> Páll Ragnar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Oculis á Íslandi

### Byltingarkennd tækni

Oculis var stofnað árið 2003 og á rætur að rekja til Háskóla Íslands og Landspítalans, en félagið var stofnað af þeim dr. Einari Stefánssyni, prófessor í augnlækningum, og dr. Þorsteini Loftssyni, prófessor í lyfjafræði. Þeir munu áfram leiða rannsóknir og nýsköpun hjá Ocullis SA.

„Hlutafjáraukningin og aðkoma þessara sérhæfðu fjárfesta er mikil viðurkenning fyrir stofnendur félagsins, þá Einar og Þorstein, sem hafa á undanförnum 25 árum náð miklum árangri með rannsóknum og nýsköpun á því hvernig betrumbæta má meðhöndlun augnsjúkdóma,“ segir Páll Ragnar.

Starfsemi félagsins byggir á einkaleyfavarinni tækni sem gerir mögulegt að meðhöndla sjúkdóma í afturhluta augans með augndropum. Nú eru sjúkdómar í afturhluta augans meðhöndlaðir með augnástungum og getur tækni Oculis því falið í sér byltingu fyrir þær tugmilljónir sjúklinga sem þjást af slíkum sjúkdómum.

Styrkir Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknarsjóðs hafa, að sögn Páls Ragnars, skipt lykilmáli í uppbyggingu félagsins, meðal annars öndvegisstyrkur Tækniþróunarsjóðs sem félaginu var veittur í ársbyrjun 2017. Þá lauk Oculis við fjármögnun í júnímánuði árið 2016 sem leidd var af Brunni vaxtarsjóði og Silfurbergi, en þessir fjárfestar tóku einnig þátt í núverandi hlutafjáraukningu.

Er hlutafjáraukningunni ætlað að fjármagna áframhaldandi klínískar rannsóknir á OC-118, því lyfi sem lengst er komið í þróun hjá félaginu, auk annarra þróunarverkefna. „Það er ljóst að það þarf frekara fjármagn til þess að koma lyfjunum á markað,“ nefnir Páll Ragnar. „Það fjármagn gæti komið með ýmsum hætti. Við gætum til dæmis leitað til núverandi fjárfesta félagsins, skoðað skráningu félagsins á markað eða mögulegt samstarf við stórt lyfjafyrirtæki sem myndi þá markaðssetja vöruna og ljúka þróunarvinnunni.“

Dr. Riad Sherif, nýr forstjóri Oculis SA, segist mjög ánægður með að ganga til liðs við sterkan hóp starfsmanna félagsins og vinna að þróun þess sem gæti orðið næsta kynslóð augnlyfja.

„Með hliðsjón af því lyfi sem lengst er komið í þróun og þeim fjölmörgu tækifærum sem felast í tækni félagsins, þá er viðskiptatækifæri Oculis afar spennandi,“ segir Florent Gros, stjórnarformaður Oculis SA og framkvæmdastjóri hjá Novartis Venture Fund.

### Starfsemin hér efld

Aðspurður segir Páll Ragnar að mikil sóknarfæri séu fyrir félagið. „Ekkert félag eða tækni, neins staðar í heiminum, sem okkur er kunnugt um, leysir með viðlíka árangursríkum hætti þær áskoranir sem eru við augnlyfjagjöf. Við vitum heldur ekki um annað félag sem býr yfir eins góðum klínískum gögnum sem sýna fram á burði til þess að meðhöndla sjúkdóma í afturhluta augans með augndropum.“

Hvað varðar flutning höfuðstöðvanna til Sviss nefnir hann að það sé að mörgu leyti rökrétt skref. „Við Sherif erum að bæta við okkur svissneskum starfsmönnum. Hluti af þeim fjárfestum, sem eru nú að koma inn í félagið með fjármagn, er svissneskur eða með starfsemi í Sviss. Auk þess er auðvelt að nálgast hæfileikaríkt fólk í lyfjageiranum í Sviss.“

En samt sem áður höfum við hug á því að styrkja starfsemina á Íslandi, til dæmis stækka rannsóknaraðstöðuna og bæta við okkur fólki. Rannsóknar- og þróunarstarf verður því áfram hér á landi.“

Florent Gros, fulltrúi Novartis Venture Fund verður stjórnarformaður Oculis SA, en auk hans er stjórn félagsins skipuð Árna Blöndal, Stefáni Jökli Sveinssyni, Lionel Carnot, Rob Hopfner, dr. Þorsteini Loftssyni og dr. Riad.

kristinningi@frettabladid.is

# Olíufélögin njóta góðs af örum vexti í einkaneyslu

Sérfræðingar Capacent meta gengi hlutabréfa í olíufélögunum N1 og Skeljungi umtalsvert hærra en markaðsgengi félaganna. Er þá tekið tillit til vænts ábata af sameiningu N1 og smásölufélagsins Festa. Að mati sérfræðinganna hefur mikill vöxtur í einkaneyslu og ferðaþjónustu sem og fólksfjölgun rennt styrkari stoðum undir hérlenda smásölu þótt samkeppni hafi sjaldan verið meiri eftir innkomu bandaríska verslunarrisans Costco á markaðinn.

Tekið fram að verðmötin voru gerð skömmu fyrir jól.

Verðmat Capacent á N1 með Festi innanborðs hljóðar upp á 32,3 milljarða króna, eða 129 krónur á hlut, sem er ríflega 13 prósent yfir markaðsvirði félagsins eftir lokun markaða í gær. Án Festa meta sérfræðingar Capacent hins vegar gengi hlutabréfa í N1 á 111 krónur á hlut, en til samanburðar var gengi bréfanna 114 krónur í gær. Telja þeir að fyrirhuguð kaup N1 á Festi muni breyta olíufélaginu mikið. Samlegð kaupanna liggi í innkaupum, bættri nýtingu á staðsetningu verslana og bensínstöðva og í stjórnunarkostnaði.




Stjórnendur N1 gera ráð fyrir 500 til 600 milljóna króna samlegðaráhrifum vegna kaupanna, sem er um fjögur prósent af rekstrarkostnaði sameinaðs félags, en greinendur Capacent telja þær væntingar fremur hófstillar.

Verðmat greinenda Capacent á Skeljungi hljóðar upp á 16,1 milljarð króna eða 7,6 krónur á hlut. Það er um 19 prósentum hærra en gengi hlutabréfa félagsins í gær sem var 6,4 krónur. Að mati Capacent munu þær hagræðingaraðgerðir sem stjórnendur olíufélagsins gripu til í lok október, auk minni bindingar í veltufjármunum, væntanlega draga stórlega úr neikvæðum áhrifum af uppsögn sölusamnings við flugfélögin Icelandair og WOW air.

Er auk þess bent á að þótt sala félagsins á eldsneyti hafi aukist mikið á fyrstu níu mánuðum síðasta árs hafi framlegð og rekstrarhagnaður lítið breyst enda sé samkeppnin hörð og vöxturinn hafi verið hvað mestur þar sem framlegð er lægst. – kij

# Breski vogunarsjóðurinn Lansdowne keypti þrettán milljónir hluta í TM

Sjóður á vegum breska vogunarsjóðsins Lansdowne Partners keypti í síðasta mánuði 13 milljónir hluta í tryggingafélaginu TM. Er hann eftir viðskiptin áttundi stærsti hluthafi félagsins með 4,72 prósenta hlut, en í byrjun desember átti hann um 2,8 prósenta hlut.

Sé tekið mið af meðalgengi hlutabréfa í TM í desember, sem var um 33 krónur á hlut, keypti sjóðurinn þannig hluti í félaginu fyrir um 430 milljónir króna í mánuðinum.

Sjóðurinn á nú samtals 32 milljónir hluta í tryggingafélaginu og er eignarhluturinn metinn á um 1.050 milljónir króna miðað við gengi hlutabréfa félagsins eftir lokun markaða í gær.

Auk fjárfestingarinnar í TM hefur sjóðurinn á undanförnum vikum bætt við sig hlutum í öðru tryggingafélagi, VÍS, olíufélaginu N1 og Fjarskiptum. Hann er á meðal stærstu hluthafa í öllum þessum félögum, með 6,85 prósenta hlut í VÍS, 8,06 prósent í N1 og 9,22 prósent í Fjarskiptum. Til samanburðar átti sjóður Lansdowne um 8,5 prósenta hlut í fjarskiptafélaginu í byrjun síðasta mánaðar.

Auk þess á sjóðurinn 2,85 prósenta hlut í Símanum.

Lansdowne hóf innreið sína á innlendan hlutabréfamarkað síðasta haust. Stuart Roden, stjórnarformaður sjóðsins, hefur látið hafa eftir sér að mikill vöxtur í hérlendri ferðaþjónustu geri landið að ákjósanlegum fjárfestingarkosti.

„Við erum reiðubúnir til þess að fjárfesta á Íslandi þegar landið opnast,“ sagði hann í samtali við Reuters og bætti við að Ísland hefði gengið í gegnum „ótrúleg umskipti“ á undanförnum árum. – kij




Lansdowne er áttundi stærsti hluthafi TM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **430** milljónir króna má ætla að Lansdowne hafi keypt fyrir í TM í desembermánuði.

# ÚTSALA

VÁ!

KA-BÚMM!

Komdu og gerðu góð kaup!




Einhell®

**HÖGGBORVÉL**
TC-ID, 710W
74800700
Almennt verð: 5.495 kr.

**3.297** -40%





**MATAR- OG KAFFISTELL**
20 stk.
41100109
Almennt verð: 6.995 kr.

**4.197** -40%

**BORÐLAMPI**
Synergy E27
52269360
Almennt verð: 5.995 kr.

**4.197** -30%

-30% AF HARÐPARKETI -30% AF FLÍSUM -30% AF HÁÞRÝSTIDÆLUM -30% AF EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRUM -40% AF HOUSE OF YARN GARNI -40% AF PLASTBOXUM -30% AF POTTUM OG PÖNNUM -30% AF BARNABÍLSTÓLUM -40% AF GLÖSUM, BOLLUM OG KÖNNUM -30% AF HUNDA- OG KATTAMAT -30% AF MYNDARÖMMUM -40% AF SPILUM OG LEIKFÖNGUM -40% AF KLUKKUM -40% AF JÓLAVÖRU -30% AF LJÓSUM - 30% AF LOFTAÞILJUM -30% AF MOTTUM OG DREGLUM -40% AF BAÐFYLGIHLUTUM -30% AF BÍLAHREINSIVÖRUM -30% AF ÖRYGGISSKÓM -30% AF ÁLTRÖPPUM OG STIGUM -30% AF CAT VINNUSOKKUM -30% AF JÁRNHILLUM -30% AF TRANEMO VINNUFÖTUM -40% AF KAFFI- OG MATARSTELLUM

**VALDAR VÖRUR Á ENN BETRI AFSLÆTTI!**

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# Geðþótti



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Það var rétt hjá settum dómsmálaráðherra að óska eftir skýringum frá dómnefnd um hæfni dómara því ekki verður annað séð en að umsögn nefndarinnar um umsækjendur um embætti héraðsdómara byggist á ómálefnalegum sjónarmiðum.

Í umsögn dómnefndarinnar er augljóst að reynt er eftir fremsta megni að útiloka tiltekna umsækjendur frá því að hljóta embætti. Jónas Jóhannsson sem býr yfir 20 ára reynslu sem héraðsdómari er ekki metinn meðal átta hæfustu umsækjenda á meðan yngri lögfræðingar með litla sem enga dómarareynslu eru þar á meðal. Þá þurfti Jónas að þola ómálefnalega skerðingu á reynslu sinni sem fólst í því að sex ára reynsla hans af lögmennsku var metin til hálfs því hann var búsettur erlendis hluta tímans. Þegar opinber nefnd beitir ómálefnalegum vinnubrögðum í þeim tilgangi að útiloka tiltekna umsækjendur er það ekkert annað en valdníðsla. Það er fleira einkennilegt í umsögn nefndarinnar. Einn umsækjenda fær reynslu sem saksóknari metna í tvígang og lögmanni með yfir þriggja áratuga reynslu er raðað í 8.-10. sæti í matsþætti um lögmannsstörf.

Svar nefndarinnar við athugasemdum ráðherra var birt í gær en það skýrir að litlu leyti vinnubrögð nefndarinnar og er athugasemdum ráðherra ekki svarað nema að hluta til. Í bréfinu er hins vegar áréttað að dómnefndin sé sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem lúti ekki boðvaldi ráðherra. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem dómnefnd um hæfni dómara sniðgengur hæfa umsækjendur án skýringa. Árið 2015 var gengið fram hjá Davíð Þór Björgvinssyni þegar hann sótti um í Hæstarétti þótt hann væri að öðrum ólöstuðum langhæfasti umsækjandinn. Margsinnis gekk dómnefndin fram hjá Þorgeiri Inga Njálssyni, einhverjum albesta og virtasta héraðsdómara landsins, þegar hann sótti um dómaraembætti í Hæstarétti. Engar skýringar liggja fyrir um hvers vegna Þorgeir Ingi hlaut ítrekað ekki náð fyrir augum dómefndar og ekki er hægt að styðjast við umsagnir dómnefndarinnar hvað þetta snertir.

Framangreint vekur spurningar um hvort ekki þurfi að endurskoða aðferð við val á dómurum. Eins og staðan er núna virðist dómnefndin geta raðað umsækjendum eftir geðþótta og valið þá dómara sem eru þóknanlegir eða heppilegir í augum þeirra sem fara með umsagnarvaldið.

**Eins og staðan er núna virðist dómnefndin geta raðað umsækjendum eftir geðþótta og valið þá dómara sem eru þóknanlegir eða heppilegir í augum þeirra sem fara með umsagnarvaldið.**

Árið 2010 var lögum um dómstóla breytt þannig að ráðherra var gert óheimilt að skipa annan en þann sem dómnefnd taldi hæfastan nema með samþykki Alþingis. Lagabreytingin minnkaði líkur á pólitískum stöðuveitingum. Í staðinn erum við hins vegar komin með kerfi þar sem valdamestu dómarar landsins og vinir þeirra handvelja dómara inn í dómstóla landsins. Það getur ekki talist eðlilegt.

Hæstiréttur Íslands tilnefnir í dag tvo nefndarmenn í dómnefndina og skal annar þeirra vera formaður hennar. Dómstólaráð, Alþingi og Lögmannafélagið tilnefna hina. Hægt er með einföldum hætti að minnka áhrif dómaranna sjálfra við matið án þess að kollvarpa þeirri hugmyndafræði sem tekin var upp árið 2010 með því einfaldlega að breyta lögunum og láta aðrar stofnanir en Hæstarétt um tilnefningar í nefndina.




Halldór




## Frá degi til dags

**Enn einn frambjóðandinn?**
**Almannatengillinn Andrés Jónsson viðraði í síðdegisútvarpi Rásar 2 í fyrradag kenningu um að Hermann Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri N1, ætli sér að taka þátt í leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Styrkasta stoðin sem Andrés renndi undir þetta er að Hermann hafi nýlega flutt lögheimili sitt til Reykjavíkur. Hann er að vísu enn skráður til heimilis í Hafnarfirði en þar sem Andrés er nánast óskeikull má ætla að lögheimilisskráningin hafi ekki enn verið skjalfest. Sjálfstæðismenn í borginni leita nú logandi ljósi að leiðtoga sem getur unnið borgina af Degi B. Eggertssyni og félögum. Margir hafa verið nefndir til sögunnar en minna fer fyrir staðfestum framboðum enn sem komið er.**

**Engeyjarfeldi stolið**
**Vísir greindi á þriðjudaginn frá óheppilegri byrjun nýja ársins hjá kokkanemanum Margréti Bjarnadóttur en á meðan hún skemmti sér í gamlárspartíi á Fiskislóð var pelsinum hennar stolið. Margrét er dóttir Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og pelsinn mun vera sá eini sinnar tegundar, sannkallaður Engeyjarpels. Tilfinningalegt tjónið er því mikið og það sem verra er að þá fóru húslyklar Margrétar, bíllyklar og sími hennar með pelsinum þegar illa innrættur rummungur eða rummungar tóku hann ófrjálsri hendi.** **thorarinn@frettabladid.is**

# Öll í strætó



**Heiða Björg Hilmisdóttir**
stjórnarformaður Strætó, varaformaður Samfylkingarinnar og borgarfulltrúi

Það gleður mig mjög að nú á nýju ári skuli Strætó BS taka mörg mikilvæg skref að bættri þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins. Ég er meðal annars að tala um lengri þjónustutíma, næturstrætó, enga sumaráætlun, aukna tíðni og aðgengi fleira fólks að þjónustunni. Við þurfum öflugt almenningssamgöngukerfi til að ekki verði gengið á umhverfisgæði íbúa á höfuðborgarsvæðinu þótt íbúum fjölgi og mikilvægur þáttur í því er að koma í veg fyrir að bílum fjölgi í sama hlutfalli. Fyrirhuguð Borgarlína gegnir þar lykilhlutverki en henni er ætlað að tengja kjarna allra sveitarfélaganna saman með samgöngu- og þróunarásum. Strætó mun þó áfram gegna veigamiklu hlutverki til að almenningssamgöngur verði raunhæfur kostur.

**Við þurfum öflugt almenningssamgöngukerfi til að ekki verði gengið á umhverfisgæði íbúa á höfuðborgarsvæðinu þó íbúum fjölgi.**

Framtíðarsýn Strætó er að viðskiptavinir okkar kjósi að komast leiðar sinnar með Strætó vegna þess að það sé mun hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl. Sem skref í átt að þessari framtíðarsýn aukum við þjónustu Strætó og innleiðum breytingar á leiðakerfi, lengjum þjónustutímann og aukum tíðni um leið og við stækkum þjónustusvæði Strætó.

Leið 6 mun aka að Egilshöll í Grafarvogi á 10 mínútna tíðni á annatímum eins og leið 1 hefur nú gert í rúmt ár með góðum árangri. Þjónustutími verður lengdur til klukkan 1 eftir miðnætti á leiðum 1, 2, 3, 4, 5, 6, 11, 12, 15 og 18 og í akstursþjónustu fatlaðra. Næturakstur hefst til reynslu í eitt ár þannig að sex leiðir verða eknar á um klukkutíma fresti frá klukkan 01.00 til 04.30 úr miðbæ Reykjavíkur aðfaranætur laugar- og sunnudaga. Við munum fylgjast með notkun og árangri þessara breytinga enda er meginhlutverk Strætó BS að nýta það fé sem sveitarfélög og ríki fjárfesta í þjónustunni sem allra best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina.

Örar breytingar á þjónustu almenningssamgangna eru ekki ákjósanlegar og það gleður okkur því að geta tilkynnt að 2018 verður engin sérstök þjónustuskerðing yfir sumartímann eins og síðastliðin ár. Það er von mín að þessar breytingar geri fleiri íbúum kleift að koma með í Strætó, það er upplagt áramótaheit.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Verðbólga aftur í aðsigi?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Stjórn peningamála hefur víða verið auðveldari viðfangs undangengin ár en á fyrri tíð. Ytri skilyrði hafa að ýmsu leyti verið hagstæð. Vextir hafa verið lágir á heimsmarkaði, sums staðar engir, þ.e. 0%, eða jafnvel neikvæðir á stöku stað, t.d. í Sviss og Svíþjóð. Verðbólga hefur víðast hvar verið með allra minnsta móti, m.a. vegna mikillar lækkunar olíuverðs frá 2014 sem er búbót handa löndum sem eru háð innfluttu eldsneyti. Aðalverkefni seðlabanka hefur síðustu ár verið að standa á bensíngjöfinni frekar en bremsunni. Bensíngjöfin er jafnan þakklátari en bremsan.

Nú kann að vera breyting í vændum. Hjólin snúast nú aftur á eðlilegum hraða úti í heimi og einnig hér heima eins og við var að búast. Sagan sýnir að það tekur yfirleitt átta til tíu ár fyrir efnahagslífið að jafna sig á hremmingum eins og þeim sem riðu yfir 2008. Ísland fylgir reglunni. Engin sérstök ástæða er að svo stöddu til að ætla að verðbólga aukist að marki í Evrópu eða Ameríku enda hefur verðbólga jafnan verið lítil þar með fáum undantekningum. Ísland er annað mál. Hér segir frá því.

**Bjartar spár, óvissar horfur**

Landlæg verðbólga hér heima var kveðin niður um 1990 einkum að frumkvæði þriggja manna fyrir hönd verklýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda. Hún hefur haldizt hófleg síðan ef frá er talið verðbólguskotið í hruninu 2008 sem hækkaði verðlag um 25% á einu bretti 2008 og 2009 og þyngdi til muna fjárskuldbindingar þeirra sem þurftu að standa skil á verðtryggðum lánum. Eftir að skotið leið hjá hjaðnaði verðbólgan aftur og hefur haldizt undir 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans frá 2014. Bankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spá lítilli verðbólgu nálægt 2,5% fram til 2022. Eru svo bjartar spár líklegar til að rætast?

Skoðum málið. Tvennt getur farið úrskeiðis og hleypt verðbólgunni upp, annað í útlöndum, hitt hér heima.

**Hátt verð hlutabréfa, lágt verð á olíu**

Ytri skilyrði eru að ýmsu leyti hagstæð eins og ég var að segja. Verð hlutabréfa vestan hafs er hærra en nokkru sinni fyrr og vitnar um bjartsýni meðal athafnamanna og sparifjáreigenda m.a. vegna þeirrar skattalækkunar sem Bandaríkjaþing ákvað nýlega auðmönnum til handa. Verð hlutabréfa er einnig hátt víða í Evrópu. Sagan sýnir þó að hlutabréfaverð getur lækkað í skyndingu og dregið efnahagslífið niður með sér í fallinu. Sumir telja nú hættu á lækkun 2019 eða jafnvel 2018 ef í ljós kemur að bankar hafa haldið áfram að taka of mikla áhættu með því að þenja útlán sín án þess að sjást fyrir. Við bætist að aukinn ójöfnuður og missætti af hans völdum kann að valda gangtruflunum í efnahagslífinu og ekki bara á vettvangi stjórnmálanna.

Verð á olíu er einnig mun lægra en oft áður en það getur rokið upp aftur ef meiri háttar ófriður brýzt út vegna óeirðanna í Íran, óeirða sem stafa m.a. af lækkun olíuverðs, óstjórn og efnahagsþvingunum, eða ef stríðið í Jemen sem er öðrum þræði laumustríð milli Írans og Sádi-Arabíu verður að opnu stríði milli þessara helztu stórvelda í Austurlöndum nær. Fari svo illa munu Bandaríkin ekki þurfa að gjalda fyrir hækkun olíuverðs þar eð þau eru nú nýorðin nokkurn veginn sjálfum sér næg um eldsneyti vegna aukinnar olíuframleiðslu heima fyrir, en olíuinnflutningslönd eins og Ísland munu þá fá skell. Kannski fer allt í bál og brand þarna austur frá, kannski ekki.

**Togstreita um launahlutföll**

Víkur nú sögunni hingað heim. Ástandið á vinnumarkaði virðist nú líklegt til að hleypa verðbólgunni upp. Kaup og kjör ráðast öðrum þræði af samanburði milli starfsstétta. Það er jafnan illa séð þegar sumir hópar launþega ryðjast fram úr öðrum og raska launahlutföllum nema um sé að ræða leiðréttingar sem víðtæk sátt er um. Slík togstreita ólíkra hópa um kaup og kjör getur orðið að sjálfstæðum verðbólguvaldi. Hættan á því blasir við nú einkum vegna ákvarðana Kjararáðs um mikla og stundum afturvirka hækkun launa þingmanna og ýmissa embættismanna langt umfram hækkun launa á almennum vinnumarkaði. Alþýðusambandið og Viðskiptaráð hafa sakað Kjararáð um að stuðla að upplausn á vinnumarkaði og hvatt ráðið til að draga þessar hækkanir til baka. Það bætir ekki úr skák að ráðið ákvað þingmönnum og ráðherrum mikla kauphækkun fyrir kosningarnar 2016 en tilkynnti ekki um ákvörðun sína fyrr en eftir kosningar. Aðrir telja að úrskurðir Kjararáðs séu eðlileg leiðrétting miðað við launahlutföll 2006 og að um þá ætti því að geta náðst sátt. Kannski mun slík sátt nást, kannski ekki.

Marga kjarasamninga þarf að gera 2018 og 2019. Náist ekki sátt um úrskurði Kjararáðs stefnir í harðar deilur á vinnumarkaði, deilur sem geta leitt annaðhvort til verkfalla eða til launahækkunar eða annars konar kjarabóta sem fyrirtækin telja sig nauðbeygð til að taka aftur að hluta með því að velta þeim út í verðlagið.


www.pwc.is



Er bókhaldið ekki þín sterkasta hlið?

Bókhald | Laun | Uppgjör | Skattur

*Við leysum málið!*

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur

BETRIBILAKAUP.iS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu í 511 2777



2017 Kia Optima Phev

Glæsilegur og mjög vel útbúinn
Harman/Kardon hljóðkerfi
Plug-In Hybrid
Hraðastillir með aðlögun

Verð 3.790.000 kr.



2017 Mitsubishi Outlander Arctic Phev

Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður - 4X4
Apple Carplay/Android Auto
Eini tengitvinn bíllinn sem er með hraðhleðslu
360° myndavélakerfi

Verð 4.430.000 kr.



2017 Nissan Leaf Tekna+

Er á staðnum
Vertu velkominn í reynsluakstur!
30 Kwh rafhlaða
250 km á hleðslunni

Verð 3.565.000 kr.

Ármúla 4-6, Reykjavík
511 2777 | sala@betribilakaup.is
facebook.com/betribilakaup



# Úr lausu lofti gripið?



**Ólafur Stephensen**
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Íslandsmetið í skattheimtu er tollur á franskar kartöflur upp á 76%. Þetta er hæsti verðtollurinn í íslenzku tollskránni. Það er alþekkt að þessum tolli er ætlað að vernda íslenzkan landbúnað. Þrátt fyrir þessa kröftugu verndaraðgerð er hins vegar ljóst að sáralítið innlent hráefni er notað í innlenda framleiðslu á frönskum kartöflum, auk þess sem umframeftirspurn er eftir íslenzkum kartöflum. Að endingu missir verndin svo marks því að í rauninni verndar tollurinn ekki íslenzkan landbúnað, heldur eitt eða tvö innlend iðnfyrirtæki sem framleiða franskar kartöflur, að stórum hluta úr innfluttu hráefni. Verndartollar fyrir iðnað áttu að heyra sögunni til.

**Tollvernd hét það á Alþingi**

Það hefur aldrei farið neitt á milli mála að þessum ofurtolli er af hálfu stjórnvalda ætlað að vera verndartollur. Í frumvarpi með lögum sem kváðu á um þennan toll árið 1995 er *tollvernd* nefnd sex sinnum og í sérstökum kafla frumvarpsins sem heitir nýir tollar kemur fram að *„Tollvernd komi einungis í stað verndar sem hingað til hefur verið í höftum og sérgjöldum (...) Þannig verði gert ráð fyrir að tollar samanstandi af verðjöfnun vegna verðmunar sem er á heimsmarkaðsverði vörunnar og heildsöluverði samsvarandi innlendrar vöru auk* ***30%*** *tollverndar.“*

Í umræddu frumvarpi segir líka: *„Tollar í stað sérgjalda á unnum landbúnaðarvörum, fóðri og kartöflum og vörum úr þeim. Gert er ráð fyrir því að sú álagning sem áður var falin í verðjöfnunargjaldi á unnar landbúnaðarvörur sem fluttar eru inn frá ríkjum utan fríverslunarsamninga, fóðurgjaldi og jöfnunargjaldi á kartöflur verði framvegis í formi venjulegra tolla.“*

Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar um málið segir: *„Mikilvægustu breytingar frumvarpsins snerta skilyrði til innflutnings á landbúnaðarafurðum sem ekki verður framar stjórnað með bönnum og höftum. Í staðinn verða teknir upp tollar og er meginviðfangsefni frumvarpsins að ákveða þá með þeim hætti að uppfyllt verði skuldbindingar samningsins og tilgangi hans fylgt fram en* ***samtímis gætt hagsmuna innlendra framleiðenda matvöru.“***

**Tollvernd hét það í dómssölum**

Í framsöguræðu þáverandi forsætisráðherra með umræddu frumvarpi kom fram í umfjöllun um rauntolla og verndarmarkmið: *„Með þessu frv. er íslenskum* ***landbúnaði tryggð nauðsynleg vernd*** *á skýran hátt þannig að engin óvissa ríkir nú um starfsskilyrði landbúnaðarins að þessu leyti á næstu árum.* Frá þessum tíma hafa forsætis- og landbúnaðarráðherrar ítrekað svarað fyrirspurnum um frönskutollinn með þeim hætti að telja má að það staðfesti að um sé að ræða verndartolla.

Umræddur 76% tollur tók við af svokölluðu jöfnunargjaldi. Samkvæmt málatilbúnaði íslenzka ríkisins í Hæstaréttarmálinu nr. 427/1995 var því gjaldi ætlað að *„jafna samkeppnisstöðu íslenskra framleiðenda gagnvart erlendum framleiðendum.“*

**Tollvernd hét það í alþjóðasamningum**

Þessa tolls var einnig getið sem tolls á landbúnaðarvörur í aðildarviðræðum við ESB. Þá segir í skýrslu íslenzkra stjórnvalda við sama tilefni: *„Varðandi tolla skal tekið fram að þeir eru lagðir á aðra framleiðslu en þá sem fellur undir framleiðsluvörur sem nefndar eru í spurningunni. Almennt er þetta gert til að verja markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu en einnig til að skapa jafnt samkeppnisumhverfi fyrir fáein vinnslufyrirtæki með langa sögu.“*

Fulltrúar íslenzka ríkisins hafa rætt þennan tiltekna toll á fleiri vígstöðvum. Þannig kom fulltrúi íslenzka ríkisins fyrir fastanefnd kanadíska þingsins um alþjóðaviðskipti, vegna fríverzlunarsamnings ríkjanna. Þar sagði hann: *„...tollur á franskar kartöflur frá ESB er* ***76%*** *en á kanadískar kartöflur verður lagður* ***46%*** *innflutningstollur. Þetta eru varnarráðstafanir fyrir íslenskan landbúnað.“* Fulltrúi kanadíska ríkisins kom einnig fyrir nefndina og sagði þar: *„Ef ég man rétt þá vorum við fyrsta ríkið til að fá tilslökun frá Íslandi á franskar kartöflur, því af einhverjum ástæðum þá er þetta mjög viðkvæmt mál á þeirra markaði [...] Ég bjóst ekki við að kartöflur væru stórmál á þeirra markaði en sú varð raunin.“*

**Að sögn íslenzka ríkisins er gjaldtökunni ekki ætlað að vernda neitt. Íslandsmetið í tollum er því algerlega án tilgangs eða rökbundinnar afstöðu. Ofurtollurinn á franskar kartöflur er tilviljun.**

**Nú heitir það tekjuöflun**

Nýverið höfðuðu nokkur innflutningsfyrirtæki dómsmál gegn íslenzka ríkinu vegna tollsins á franskar kartöflur. Í málinu var á því byggt að þetta Íslandsmet í gjaldtöku stæðist ekki kröfur stjórnarskrár um málefnalega skattlagningu. Byggðist það einna helzt á því að gjaldtakan kæmist hvergi nærri því að ná því markmiði sem henni var ætlað, þ.e. að vernda íslenzkan landbúnað.

Þá gerist hið óvænta. Íslenzka ríkið heldur því fram fyrir dómi að þessi gjaldtaka þjóni ekki því hlutverki að vernda íslenzkan landbúnað. Að sögn íslenzka ríkisins er gjaldtökunni ekki ætlað að vernda neitt. Íslandsmetið í tollum er því algerlega án tilgangs eða rökbundinnar afstöðu. Ofurtollurinn á franskar kartöflur er tilviljun. Þetta er samkvæmt íslenzka ríkinu bara almenn tekjuöflun og væntanlega bara hending að gjaldið sé ofurhátt og leggist bara á eina sérstaka vöru. Þá segir íslenzka ríkið að hugmyndir um annað séu *„úr lausu lofti gripnar“* svo vitnað sé til málatilbúnaðar ríkisins. Það þýðir þá væntanlega að það sem haldið var fram í frumvarpi fyrir Alþingi, í framsöguræðu forsætisráðherra, í nefndarálitum þingsins, í aðildarviðræðum við ESB, fyrir þingnefndum annarra ríkja og af íslenzka ríkinu sjálfu í öðrum dómsmálum, sé loft.

Krafan gagnvart stjórnvöldum er einföld. Annað hvort á íslenzka ríkið að hætta að leggja á ofurtolla sem það viðurkennir að ekkert verndi eða þá að hætta að halda því fram í dómsmálum sem er augljóslega rangt.

# Sunnudagsmorgnar við Miklubrautina



**Stefán Benediktsson**
Reykvíkingur

Í umræðu verður mönnum, einnig mér, oft á að bera saman tilfinningar, kröfur og staðreyndir.

Tölum um umferð.

Bílar menga og geta valdið skaða. Það er staðreynd.

Hjól menga ekki og skaða aðra afar sjaldan, staðreynd.

Gangandi fólk eða fjölskyldur á heimilum sínum menga ekki og skaða aðra afar sjaldan, líka staðreynd.

Bílar menga með eitruðum útblæstri og sliti dekkja og gatna, staðreynd.

Bílar menga enn meira ef ekið er á negldum dekkjum. Önnur staðreynd.

Bílar menga mest þegar þeim er ekið hratt, en minna ef þeim er ekið hægt, líka staðreynd.

Alvarlegustu umferðarslys tengjast líka miklum hraða. Því minni hraði þeim mun færri alvarleg slys.

Allt eru þetta ómótmælanlegar staðreyndir.

Bílar auka lífsgæði ökumanna og farþega (nema í slysum), það er staðreynd, en þeir draga úr lífsgæðum íbúa og vegfarenda við umferðargötur aðallega með hávaða, ryk- og eiturefnamengun. Mælanleg staðreynd.

Það er enginn Reykvíkingur í stríði gegn bílum, bílaeign er mikil og einkabílar eru mörgum afar nauðsynlegir, en alls ekki öllum.

Barátta hjólandi og gangandi og Hlíðabúa snýst ekki um löngun til að mega ógna lífi og heilsu annarra, heldur að öll umferð virði jafnan rétt allra borgarbúa til lífsgæða. Það er auðmjúk krafa.

Hjólreiðafólk, fótgangendur og íbúar t.d. í Hlíðunum vilja bara jafnan rétt í umferðinni ekki misrétti.

Íbúar og vegfarendur við Miklubraut þurfa hvorki skýrslur, né fullyrðingar sjálfskipaðra sérfræðinga, til að átta sig á að minni ökuhraði og bílar án nagladekkja myndu auka lífsgæði við þessa fjölförnustu götu bæjarins. Sú vissa er tilfinningalegt mat margra en byggir á reynslu sem hægt er að staðreyna.

Minni hávaði, minni ryk- og eiturefnamengun og minni slysahætta eru lífsgæði sem borgaryfirvöld og Vegagerð skulda íbúum við Miklubraut og í Hlíðahverfinu öllu, með um hálfrar aldar vöxtum. Það fyrra er krafa en það seinna tilfinningaleg væmni.

Þessum lífsgæðum má ná með því að draga úr umferðarhraða, það er óbifanleg staðreynd.

Það kostar ekki heilsu ökumanna að leggja fyrr af stað í vinnuna til að bæta upp lengdan ferðatíma, en of mikill hávaði og of mikil mengun daginn út og daginn inn kostar heilbrigði íbúa við fjölfarnar götur, það er ömurleg staðreynd.

Auðvitað hafa allir rétt til að aka um Miklubrautina, augljós staðreynd, en íbúar Hlíðanna eiga líka rétt á betri lífsgæðum. Það er réttlætanleg krafa.

Ef þið akið hægar getum við og börnin andað léttar. Það vekur tilfinningu um lífsgæði.

Sunnudagsmorgnar við Miklubrautina eru allt sem þarf til að sanna að það er afbragðs tilfinning.

# SAMSUNG

# JANÚAR STORMUR




49”
**KR. 99.900,-**

55”
**KR. 129.900,-**

**SAMSUNG**
**MU6175**
Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49” eða 123cm • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1300 PQI (Picture Quality Index)

FULL BÚÐ AF TILBOÐSVÖRUM - Kæliskápar - Uppþvottavélar - Þvottavélar - Þurrkarar - Frystiskápar - Sjónvörp - Hljómtæki

**SAMSUNG**
**ecobubble þvottavélar**




**WW70 Þvottavél**
7 KG. 1400 SN. Eco Bubble
**Verð 59.900,-**

**MU6455**




UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**55“ kr. 164.900.-**

**MU6655**




UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1700 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**49“ kr. 149.900.- / 55“ kr. 169.900.- / 65“ kr. 269.900.-**



**Kælir - frystir 178cm**
RB29FSRNDWW
178 cm skápur. 192+98 ltr.
Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.
**Kr. 79.900,-**

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 - SÍMI 530 2800

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

samsungsetrid.is

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |


KRÓNAN
Krónan
mælir með!
199
kr.
kg
Appelsínur, Suður Afríka
299
kr.
kg
Sítrónur, Argentína
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 8. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

**Krónan mælir með!**



**Laxaflök beinhreinsuð**

**2499** kr. kg

**Gott verð!**




**Danskar kjúklingalundir, 700 g**

**1299** kr. pk.




**Danskar kjúklingabringur, 900 g**

**1399** kr. pk.



**696** kr. kg

**Krónu Kjúklingur Ferskur 1/1**

# KRÓNAN

**Nýtt!**




Kjötkompaní tilbúnir réttir, 1 kg

**2990** kr. stk.




VEGAN
vegan

Happ súpur, 500 ml

**1099** kr. stk.

Happ súpur, 1000 ml

**1999** kr. stk.

**Krónan mælir með!**




Kjötkompaní tilbúnir réttir, 1 kg

**3990** kr. stk.

# KRÓNAN

## Ódýrt




**299** kr. pk.

Gestus Smoothie blanda. 450 g




**299** kr. pk.

Krónu Chia fræ, 500 g, 598 kr/kg




**199** kr. stk. ef keypt eru 4 stk.

Alpro jurtamjólk, 1 lítri

**269** kr. stk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 8. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Söguleg sáttastjórn eða hvað er vinstri hugsun?



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Myndun ríkisstjórnarinnar hefur kallað fram margs konar hugleiðingar um eðli hennar og tækifæri. Hástemmdustu heilabrotin vitnuðu í nýsköpunarstjórnina sem e.k. sáttastjórn, enda sátu í þeirri stjórn fulltrúar stjórnmálahreyfinga, sem mestar breytingar vildu gera á íslensku samfélagi ásamt þeim sem ekki vildu gera miklar ef nokkrar breytingar. Sáttin fólst aðallega í því að eyða sameiginlega peningum sem safnast höfðu saman erlendis í stríðinu. Þeir áttu að fara í uppbyggingu atvinnulífsins.

Svo rækilega var gengið til verks að ekki liðu mörg ár þar til gjaldeyrisforðinn var uppurinn og við tók áratuga efnahagslegur vandræðagangur, sem snerist að miklu leyti um gjaldeyrisskort og „rétta" skráningu krónunnar. Rétt skráning var það gengi sem sjávarútvegurinn gat sætt sig við, sem var ekki endilega sama gengi og afkoma almennings þoldi.

Skipting þjóðartekna var stærsta átakamálið milli vinstri og hægri. Þá gerðu vinstri menn sér enn grein fyrir því að krónan var valdatæki ráðandi stétta, sem með gengisfellingu flytur tekjur frá almenningi til atvinnuvega. Meginágreiningurinn var þó um utanríkismál, sem leiddu síðar til stjórnarrofs. Þegar nú er sagt að mestu andstæður íslenskra stjórnmála hafi náð saman um nýja stjórn, er rétt að staldra við. Er það svo? Ekki fer ætíð saman sjálfsmynd og veruleiki. Er ekki eitthvað bogið við þessa skörpu aðgreiningu milli vinstri og hægri?

## Sameiginleg meginstefna

Það fór ekki fram hjá þeim sem fylgdust með kosningabaráttunni að allir flokkar voru með keimlíkar áherslur á sviði velferðar-, heilbrigðis- og menntamála. Því liggur nokkuð ljóst fyrir að þar verður engin óleysanlegur ágreiningur. Fé til samneyslu skyldi auka. Mestur ágreiningur var um hvernig afla ætti fjár til að borga brúsann. Slík minni háttar mál leysast. Þetta hefðu einu sinni þótt tíðindi.

Hefðbundin hægri stefna hefur átt í vök að verjast í álfunni. Viðhorf almennings, og þar með flokkanna, hefur þróast í átt til kratískra sjónarmiða. Fátækt, sjúkdómar, fáfræði og ólæsi eru á undanhaldi í heiminum. Kratar um allan heim lögðu metnað sinn í að vinna bug á fyrrnefndum samfélagsmeinum. Árangurinn er sýnilegur. Stjórnmál í álfunni hafa hvað þetta snertir færst til vinstri. Réttindi einstaklinga eru lögfest og tryggð, því þó misbrestir séu á framkvæmd þeirra, þá eru þau ekki lengur dregin í efa.

Margt óbeitið eins og kynferðisleg valdbeiting og margháttuð kynþátta- og þjóðernishyggja eru þó enn sprelllifandi á meðal okkar. Vestræn þjóðfélög eru þó flest það þroskuð, að sjaldan er lengur gripið til nakins, óbeislaðs valds til að kúga einstaklinga eða hópa til undirgefni. Það sem eftir lifir af einbeittri hægri stefnu er þessi eitraðra þjóðernishyggja, sem nú ríður yfir og brýtur niður samstöðu og samvinnu þjóða. Einnig markast viðskipti og fjármál enn af frjálshyggju. Margs konar markaðsátrúnaður og fortakslítil einkavæðing með ójöfnuð sem eðlilega, sjálfsagða og jafnvel æskilega afleiðingu eru enn efst á dagskrá.

## Hvað er að vera til vinstri?

Sú staðreynd að vinstri hugmyndafræði er orðin óaðskiljanlegur hluti af pólitískum hugmyndaheimi Vesturlandabúa, þá vatnast út umtalsverður munur hefðbundinnar hægri og vinstri stefnu. Því hlýtur það að vera rökrétt að velta því fyrir sér, hvað það tákni nú til dags að vera til vinstri. Fyrrum var það að taka ætíð afstöðu með okkar minnsta bróður. Það nær ekki að fanga fjölbreytileika kratasamfélags nútímans. Kannski megi skilgreina vinstri hyggju sem næmi fyrir breytingarkrafti sögulegrar þróunar. Hafa sannfæringu fyrir því að hægt sé að bæta ásigkomulag þjóða og þar með mannkyns með því að hafa að leiðarljósi nokkur skilyrðislaus meginstef. Við höfum þekkt þau lengi. Þau eru frelsi, jafnrétti og bræðralag auk ný tilkominnar náttúru- og loftlagsverndar.

Vinstri hyggja er ástríðufull hugarsýn sem metur framfarir á mælikvarða þessara meginstefja, í gagnrýninni, skynsamlegri rökhugsun. Vinstri hyggja ver réttarríkið, félagslegt markaðskerfi og þingbundið lýðræði. Án þessara stofnana eru frelsi, jafnrétti og mannréttindi í bráðri hættu. Sá sem vill veikja eða leggja fyrrnefndar stofnanir af, er ekki vinstri maður. Hægri flokkar víða um heim gera nú atlögu að sjálfstæði dómstóla. Við finnum einnig óþef af því hér heima. Stöðug gagnrýnin sýn og kröfur um umbætur á samfélagskerfinu, sem standast fyrrnefnd meginviðmið eru dæmi um vinstrihyggju. Það er ekki vinstri stefna að neita að jafna kosningarétt eða víkja sér undan því að beita rökhyggju á samfélagsleg vandkvæði eða skekkjur. Alþjóðahyggja jafnaðarmanna, sem hefur frelsi, jafnrétti og bræðralag að leiðarljósi, er dæmi um vinstri bræðralagshugsun sem markvisst er reynt að brjóta niður með sérhyggju þjóðernisrembings. Bræðralag er samstaða – solidarítet. Því er þjóðernisstefna ekki vinstri hyggja.

## Hvar er umbótahugsunin?

Í hverju er þá tímamótasátt þessarar ríkisstjórnar fólgin? Áþreifanlegustu ósættin innan stjórnarinnar eru annars vegar NATO, sem hljómar hjá VG eins og hver önnur síbylja, sem engum eyrum nær. Hins vegar eru það einkavæðing, umhverfis- og loftslagsmál. Þrátt fyrir stórslys á Bakka og afskiptaleysi af ofbeit, er VG ljósárum á undan hinum stjórnarflokkunum í umhverfismálum. Þar eru andstæðurnar skarpastar. Ef VG tekst að sætta Framsókn og Sjálfstæðisflokk við núverandi stefnu sína í þessum málaflokki, þá eru það vissulega þakkarverð vatnaskil.

**Frans páfi sagði, að það væri álíka auðvelt að koma á endurbótum í Róm (Vatíkaninu) eins og að hreinsa egypska Sphinxinn með tannbursta. Skyldi það eiga við fleiri ríki en Vatíkanið?**

Því miður er hægri slagsíða á VG í flestu því sem snertir breytingar á kerfislægum skekkjum þjóðfélagsins. Það er ekki vinstri hugsun að halda landbúnaði í heljargreipum sem engum gagnast. Það ber ekki vott um vinstri hyggju að tryggja yfirstéttinni kverkatök á afkomu vinnandi fólks með því að ríghalda í öflugasta valdatæki hennar, íslensku krónuna. Það er ekki vinstri hyggja að viðhalda sádiarabísku fyrirkomulagi á auðlindaarðinum. Það er ekki vinstri hyggja að berjast gegn ESB eins og nýjum alþjóðlegum óvini. Ekkert er eins fjarri því að teljast til vinstri eins og að vilja viðhalda óbreyttri samfélagsgerð.

Innan ríkisstjórnarinnar virðist traust samstaða um að ekki sé þörf á kerfisbótum á samfélaginu. Þar er því ekki um mikinn ágreining að ræða. Frans páfi sagði, að það væri álíka auðvelt að koma á endurbótum í Róm (Vatíkaninu) eins og að hreinsa egypska sphinxinn með tannbursta. Skyldi það eiga við fleiri ríki en Vatíkanið?

# Metmengun þrátt fyrir aðvaranir – hvað nú?



Hrund Ólöf Andradóttir
prófessor í umhverfisverkfræði við HÍ

Óhófleg notkun flugelda olli umhverfisslysi á höfuðborgarsvæðinu. Met svifryksmengun sem samsvaraði 90 földum heilsuverndarmörkum mældist stuttu eftir áramót við Dalsmára í Kópavogi. Mengunin flokkaðist sem hættuleg í marga klukkutíma um nóttina skv. fimm þrepa loftgæðastaðli (e. Air Quality Index). Á annan tug manna leituðu á bráðamóttöku vegna andþyngsla. Þetta er í annað sinn í röð sem mjög há svifryksmengun mælist um áramót, þrátt fyrir víðtæka umfjöllun um yfirvofandi mengunarslys.

## Er „fullkomlega óábyrgt stjórnleysi" frábært?

Erlendir gestir lýstu flugeldagleðinni sem „sturlaðri sýningu", „fullkomlega óábyrgt" og „við vorum mjög hrifin" í kvöldfréttum RÚV á nýárskvöld. Einnig var nefnt að „flugeldarnir þutu upp úr öllum áttum", „svo mikil óreiða", „við vorum eiginlega skelfingu lostin" og „að í Bandaríkjunum væri búið að stöðva þetta fyrir að vera hættulegt og stjórnlaust".

Meðan algert stjórnleysi getur verið skemmtileg tilbreyting fyrir ferðamenn sem heimsækja landið einu sinni á ævinni, gegnir það sama fyrir íbúana sem upplifa tilheyrandi mengunarský og rusl árlega? Hvert gramm af mengun sem losað er í umhverfið er baggi fyrir framtíðarkynslóðir. Sumir telja að þetta sé jú bara dropi í hafið, bara einn dagur á ári, en þegar droparnir frá hverjum ármótum, bílaumferð og öðrum mengunaruppsprettum leggjast saman yfir áratugina þá kemur að því að „margt smátt gerir eitt stórt", eins og máltakið segir. Langvarandi innöndun mengunar er mesta umhverfisvandamál heimsins skv. Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni.

## Aðgerðir eru nauðsynlegar

Ef við viljum standa undir nafni að vera hreint land, með fyrirmyndar umhverfisgæði, þá þurfum við að sýna það í verki. Svifryksmælingarnar í höfuðborginni sl. tvenn áramót eru ákall um að grípa inn í og takmarka flugeldaskot. Það verður að leita leiða fyrir sjálfbæra áramótagleði sem reynir eftir fremsta megni að þjóna sem breiðustu hagsmunum og ná sem mestri sátt. Sem dæmi mætti stofna nefnd sem ynni tillögur sem styðji við stefnumótun stjórnvalda „hreint loft til framtíðar" sem kom út sl. nóvember. Nefndin yrði skipuð að fulltrúm hagmunaðila s.s. Landsbjörg, fagfólks í umhverfismálum og heilsuvernd, svo og fulltrúa ferðaþjónustu, íbúa, og þjóðfélagshópa viðkvæma fyrir loftmengun eins og barna, aldraðra og lungnasjúklinga.

## Víðtæk samræða

Góð lausn er grunduð á víðtækri samræðu sem tekur á mörgum sjónarhornum. Svara þarf spurningum eins og:

- Eru flugeldar venjuleg heimilisvara eða sértæk vara?
- Hversu miklu magni af flugeldum má skjóta upp?
- Hverjir eiga að skjóta flugeldum?
- Hvar, hvenær og hversu lengi ætti að skjóta flugeldum?
- Hvernig getum við aukið gegnsæi á efnainnihald flugelda?
- Hvernig eiga björgunarsveitirnar að fjármagna sig?

Með því að draga úr mengun má auka umhverfisgæði, sem bæði dregur úr sjúkdómum vegna mengunar og stuðlar að vellíðan í þjóðfélaginu.

# Eru ráðamenn, sem halda krónunni að landsmönnum, að brjóta stjórnarskrána?



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Frá stofnun lýðveldisins hafa ráðamenn beitt krónunni sem gjaldmiðli fyrir landsmenn. Með tímanum kom í ljós, að hagkerfi okkar væri allt of lítið og þar með allt of óstöðugt fyrir traustan og öruggan eigin gjaldmiðil. Krónan mun hafa fallið 40 sinnum frá 1950.

Við hvert gengisfall hafa miklir fjármunir færst milli manna. Oft hafa skuldir lántakenda aukizt – líka vegna þeirra okurvaxta, sem ónýtri krónu fylgja – og þannig hafa mikil – stundum gífurleg – verðmæti færst milli manna.

Verst var þetta í hruninu 2008, þegar skuldir margra tvöfölduðust og margir misstu aleiguna. Hrunið lagði í raun líf margs góðs Íslendingsins í rúst, og hafa sumir ekki beðið þess bætur enn. Óforskammaðir bankastjórar halda t.a.m. hundruðum fórnarlamba hrunsins enn í gíslingu á svörtum lista.

Í tengslum við hrunið blöskrar mér margt og ofbýður sumt, bæði það, sem gerðist þá, en ekki síður sú afstaða þeirra ráðamanna, sem halda því fram, að krónan sé eini rétti og bezti gjaldmiðillinn fyrir landsmenn.

Bjarni Benediktsson sagði í frétt á RÚV 30. marz sl., að krónan hefði komið okkur út úr hruninu, þó að allir menn, sem málið skoða í alvöru og af fagmennsku hljóti að sjá, að það var einmitt krónan, sem kom okkur í hrunið.

Allar þær smáþjóðir í Evrópu, sem voru í ESB og nutu styrks evrunnar, komust frá bankakreppunni án verulegra áfalla – með skrámur – meðan margir eða flestir Íslendingar urðu fyrir alvarlegum áföllum, sem kalla verður beinbrot.

Nefna má Lúxemborg, Írland, Eistland, Lettland, Litháen, Möltu, Slóveníu og Kýpur, sem dæmi um smærri lönd, sem sluppu frá kreppunni „með skrekkinn", og náðu sér fljótt á strik aftur, þökk sé ESB, evrunni og Evrópska seðlabankanum.

Maðurinn, sem keikur mælti með krónunni á RÚV 30. marz, sagði þetta í viðtali við Fréttablaðið 19. ágúst 2011: „Ég neita því hins vegar ekki að það er mjög erfitt að halda myntinni stöðugri, jafn lítil og hún er og viðkvæm fyrir ytri áhrifum. Það má orða það svo að sveiflurnar séu eins og fórnarkostnaður þess að hafa smáa mynt..." Fórnarkostnaður; hverju var verið að fórna, fyrir hvern og á kostnað hvers!? – Ekki er minni allra langt.

Ef Íslendingar ættu engan valkost í gjaldmiðlamálum, mætti skilja krónusinna, en svo er ekki. Íslendingar hafa átt aðgang að öflugasta og traustasta gjaldmiðli heims, evrunni, um árabil.

Alls gengu 12 evrópsk ríki t.a.m. í ESB á árunum 2004 til 2007. Er ekki ósennilegt, að Ísland hefði líka getað tryggt sé aðild að ESB á þessu tímaskeiði, en afturhaldsöfl landsins komu í veg fyrir það. Því fór sem fór 2008.

Það er loks ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, sem áttar sig á bráðri krónuhættunni, enda heljarstökk hrunsins rétt afstaðið, og sækir um aðild að ESB 2009. Sýndi sú ríkisstjórn með þessu skynsemi, framsýni og ábyrgð gagnvart landsmönnum. Formlegar samningaumleitanir hófust 2011.

Því miður náðu svo þröngsýnis- og íhaldsöflin aftur völdum í kosningunum 2013, og tilkynnti Gunnar Bragi Sveinsson, sem var utanríkisráðherra stjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, ESB í marz 2015, að Íslandi drægi umsóknina til baka. Var lítill bjarmi skilnings eða vizku yfir því.

Þessir 2 menn, ásamt með Bjarna Benediktssyni, ákváðu með þessari tilkynningu að halda sér í krónufarinu, þó að það hafi nánast valdið þjóðargjaldþroti og leitt ómælt böl yfir landsmenn nokkrum árum áður, og voru ekki einu sinni til í að láta reyna á samninga.

Ég spyr mig nú; hvar var dómgreind, framtíðarsýn og skilningur þessara manna á hagsmunum Íslendinga og þeirri alþjóðavæðingu, sem löngu var byrjuð og ekki verður stöðvuð, þar sem menn þurfa að skipa sér í fylkingu með sínum nánustu, og, hvar var ábyrgðin gagnvart landsmönnum?

Það liggur fyrir, að gífurlegar eignatilfærslur hafa átt sér stað í þessu landi, langt umfram það sem gerist í öðrum siðmenntuðum löndum, á sama hátt og það liggur fyrir, að krónan er höfuðorsök þessara tilfærslna.

Eru gjörðir þessara manna og annarra þeirra, sem halda krónunni með öllum ráðum að landsmönnum, í samræmi við Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands?

72. gr. hljóðar svona: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Hafa ráðamenn brotið Stjórnarskrána í stórum stíl og jafnvel með saknæmum hætti? Hvað með drengskaparheiti þingmanna gagnvart Stjórnarskránni, og hvað með gr. 14 um ábyrgð ráðherra; „Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum"!? Dæmi nú hver fyrir sig.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 4. JANÚAR 2018



# Fellur fyrir gamaldags fötum

Ágústa Sól Stefánsdóttir Thors er oftast í kjól en eignaðist nýlega gallasmekkbuxur sem hún heldur mikið upp á. Helsta tískufyrirmynd Ágústu er mamma hennar. ➔2

**Ágústa Sól klæðir sig eftir skapi hverju sinni og eltist ekki við tískstrauma.** MYND/ERNIR



**Brynja Gunnarsdóttir, sem stendur á bak við fatamerkið Agú, hefur saumað og prjónað svo lengi sem hún man eftir sér.** ➔6





ÚTSALAN ER HAFIN!

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is



Í desember náðist stór áfangi í lífi Ágústu Sólar Stefánsdóttur Thors þegar hún lauk stúdentsprófi. Hana langar að fara til útlanda með hækkandi sól en stefnir á að hefja nám í sálfræði við Háskóla Íslands í haust. Hún segist ekki mikið spá í tísku heldur fara eftir því sem henni sjálfri þyki flott. „Ég hef hins vegar lengi haft áhuga á fötum og hef allt frá því að ég var lítil haft sterkar skoðanir á því hverju ég klæðist.“

*Hvernig myndir þú lýsa þínum fatastíl?* Það er svolítið erfitt að lýsa stílnum mínum. Hann er eiginlega samtíningur af hinu og þessu. Ég er nær alltaf í kjól og er tiltölulega nýfarin að klæðast buxum. Ég klæði mig oftast eftir því hvernig mér líður svo að stíllinn minn er mjög margbreytilegur. Ég fell frekar fyrir fötum sem eru svolítið gamaldags.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?* Ég kaupi flest fötin mín í útlöndum og versla þá helst í Zöru, Urban Outfitters og stundum í H&M. Hér heima versla ég eiginlega bara í Zöru. Ég hef líka aðeins farið að versla á netinu og þá helst á ASOS.

*Áttu þér uppáhaldsfataverslun?* Það eru Zara og Urban Outfitters.

*Hvaða föt eru í mestu uppáhaldi hjá þér?* Þessa dagana eru gallasmekkbuxur sem ég keypti í London mest í uppáhaldi. Reyndar held ég líka mikið upp á bláan gervipels sem ég fékk frá vinkonum mínum í afmælisgjöf.

*Uppáhaldshönnuður?* Enginn.



Ágústa Sól hefur lengi haft áhuga á fötum og allt frá því að hún var lítil hefur hún haft sterkar skoðanir á því sem hún klæðist. Ágústa Sól segist þó ekki spá mikið í tísku heldur fer eftir eigin innsæi þegar kemur að fatnaði og stíl. MYNDIR/ERNIR

**„Það er svolítið erfitt að lýsa stílnum mínum. Hann er eiginlega samtíningur af hinu og þessu. Ég er nær alltaf í kjól og er tiltölulega nýfarin að klæðast buxum. Ég klæði mig oftast eftir því hvernig mér líður svo að stíllinn minn er mjög margbreytilegur. Ég fell frekar fyrir fötum sem eru svolítið gamaldags.**

Ágústa Sól Stefánsdóttir Thors

*Notar þú fylgihluti?* Af fylgihlutum nota ég mest húfur, hatta og stóra trefla. Ég nota ekki mikið af skarti nema þá helst þegar ég er að fara eitthvað fínt.

*Áttu þér tískufyrirmynd?* Mamma mín er helsta tískufyrirmyndin mín. Annars fæ ég mesta inspírasjón úr kvikmyndum og þáttum sem ég horfi á.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Bestu kaupin nýlega eru líklega Dr. Martens skór sem ég keypti í London. Þeir ná aðeins hærra upp en venjulega tegundin og ég er búin að nota þá rosalega mikið. Mér finnst þeir líka passa við næstum allt. Verstu kaupin er mjög falleg slá úr blúndu frá Andersen & Lauth sem ég keypti fyrir nokkrum árum. Mér fannst hún mjög falleg í búðinni en svo hef ég aldrei notað hana.

*Hvaða flík gætir þú ekki verið án?* Þessa dagana eru það gallasmekkbuxurnar.



Ágústa Sól eignaðist nýlega gallasmekkbuxur og kann mjög vel við sig í þeim.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@365.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@365.is, s. 512 5095,




Markviss, fjölbreytileg og öflug líkamsrækt
fyrir konur og stelpur sem tekur mið af þörfum ólíkra hópa
og skilar auknum krafti, hreysti og vellíðan.

Velkomin í okkar hóp!
Innritun og nánari upplýsingar
í síma 581 3730 og á jsb.is




RISA
ÚTSALA
PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
40-70%
AFSLÁTTUR
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Útsala
40%
TIL
70%
AFSLÁTTUR
INDISKA
KRINGLUNNI | 588 2300







# Mjúk og vönduð

## Þægilegu barnafötin frá Agú hafa vakið athygli fyrir sterka liti, skemmtileg mynstur og þægileg efni.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Brynja Gunnarsdóttir, sem stendur á bak við fatamerkið Agú, hefur saumað og prjónað svo lengi sem hún man eftir sér. Móðir hennar og amma, sem var klæðskeri, saumuðu báðar mikið og segist hún hafa lært heilmikið af þeim auk þess sem tengdamóðir hennar gaf henni mörg góð ráð. Fatamerkið Agú samanstendur af litfögrum og þægilegum hversdags bómullarfötum fyrir börn úr lífrænni bómull. „Upphafið má rekja til ársbyrjunar 2012 en þá varð ég ólétt að dóttur minni. Á sama tíma byrjaði ég á fullu að gera snið og sauma alls konar barnaföt. Hugmyndin í upphafi var alltaf að hanna litrík og þægileg barnaföt úr vönduðum efnum og þannig rúlláði þetta af stað og fyrstu flíkurnar litu dagsins ljós. Fljótlega fór fjölskyldan og vinir að leggja inn pantanir og ég ákvað að prófa að setja myndir af hönnun minni inn á Facebook. Agú óx ótrúlega hratt upp frá því og hefur haldið áfram að ganga vel allar götur síðan.“

Hún segir hugmyndina frá upphafi hafa verið að gera þægileg föt sem hefta börnin ekkert. „Það er líka mjög mikið atriði að nota mjúk og vönduð efni sem halda sér en þess má geta að öll föt frá Agú eru saumuð á Íslandi.“

### Annir fram undan

En hvað þýðir nafnið Agú? „Það var mikið spáð og spekúlerað í nafninu. Á endanum fannst mér Agú fallegast og þægilegast en hugmyndina má rekja til þess að þetta er oft fyrsta orðið sem maður segir við lítil kríli þegar hjalað er við þau.“

Agú sýndi hönnun sína á tveimur sýningum Handverks og hönnunar á síðasta ári sem báðar voru haldnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. „Þær sýningar gengu mjög vel en við sýndum einnig hönnun okkar á fleiri sýningum á síðasta ári. Árið 2018 verður nokkuð annasamt hjá okkur. Nýr vefur okkar fer vonandi fljótlega í loftið auk þess sem við ætlum setja á markað flíkur úr nýjum efnum með skemmtilegum mynstrum. Íslenska hestaefnið sem við komu með árið 2015 verður einnig áberandi hjá okkur á þessu ári. Markmið okkar er líka að vera sýnilegri úti á landi með fötin í sumar og vera á fleiri stöðum.“

Hægt er að kynna sér fatalínur Agú á Facebook og Instagram (@agu.icelandicdesign)





Litafegurð og skemmtileg mynstur einkenna barnafatnaðinn frá Agú. Um er að ræða þægileg hversdags föt úr lífrænni bómull.



Brynja Gunnarsdóttir, konan á bak við Agú, stofnaði fyrirtækið árið 2012.



Skemmtileg föt fyrir hressa krakka.

# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

**EXTRA ÞRIF EHF**
Við erum hér fyrir þá sem vilja aðeins meira og á betra verði, fyrirtækjaþrif - sameignarþrif - heimilisþrif. www.extrathrif.is/763-9673

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér ýmisskonar húsaviðhald. Uppl. 8478704 eða manninn@hotmail.com

### Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur
og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**



Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

Til sölu sauðfjárkvóti 150 ærgildi. Uppl. í s. 849 6347 Tilboð óskast send á netfang: borgarg@simnet.is






HONDA
**CR-V Lifestyle dísil**
Nýskráður 10/2015, ekinn 40 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar.
**Verð kr. 4.690.000**



HONDA
**Jazz Trend**
Nýskráður 6/2016, ekinn 16 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**



**BÍLL DAGSINS**
**DODGE Grand Caravan SE**
Nýskráður 12/2007, ekinn 95 þús.mílur, bensín, sjálfskiptur. **Verð kr. 1.650.000**
**Tilboð dagsins kr. 790.000**



HONDA
**Civic ES Sedan**
Nýskráður 4/2005, ekinn 166 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 690.000**



FORD
**Fiesta**
Nýskráður 6/2010, ekinn 125 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 790.000**



HONDA
**HR-V Comfort**
Nýskráður 11/2016, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.190.000**



HONDA
**CR-V Lifestyle**
Nýskráður 11/2012, ekinn 57 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.150.000**



CHEVROLET
**Captiva**
Nýskráður 1/2008, ekinn 201 þús.km., dísel, sjálfskiptur. **Ásett verð kr.1.390.000**
**Tilboð kr. 990.000**



TOYOTA
**Yaris**
Nýskráður 8/2006, ekinn 92 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 790.000**

**Afgreiðslutími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00
**notaðir.bernhard.is**
opið allan sólarhringinn

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

3-4ja herbergja íbúð við Sogaveg (ofan við Skeifu), alls 100m2 ásamt sólpalli og garði, strætó fyrir utan. Laust frá 1.03.2017. Uppl. í s. 8601404

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7-13 og annan hvern lau. 8-14. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

**Uppl. sendist á :**
**sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**TRAILER BÍLSTJÓRA VANT**
Silfri ehf óskar eftir trukkabílstjóra. Uppl. gefur Gunnar í s, 894 9690

## Námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

### Byrjendanámskeið:
**Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30**
**Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00**
**Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:30 - 15:00**
**Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00**

### Framhaldsnámskeið spænska II:
**Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00**
**Mánudaga og miðvikudaga : 19:15 - 20:45**

### Framhaldsnámskeið spænska III:
**Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30**




**Námskeiðin hefjast 8 og 9. janúar.**
**Verð á mann er 29.000**

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða**
**spaenskuskolinnhablame@gmail.com**
***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***









# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407












Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is




**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðs 2013-2030**
**Rósaselstorg, Garðvangur og hindrunarfletir**

Bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðs 2013-2030 í samræmi við 31.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin snýr að því að gerð er tillaga að breyttri landnotkun við Rósaselstorg þar sem svæði fyrir athafnastarfsemi er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu, ásamt því að dregið er úr byggingarmagni við Rósaselstorg. Landnotkun við Garðvang, þar sem áður var hjúkrunarheimili, er breytt úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðarbyggð, í þeim tilgangi að finna svæðinu ný not. Þá er gerð breyting á takmörkunum hindrunarflata Keflavíkurflugvallar í samræmi við Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.svgardur.is, frá og með 4. janúar. Skipulagstillagan og umhverfisskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofum, Sunnubraut 4, 250 Garður og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b Reykjavík. Ábendingar og athugasemdir við aðalskipulagstillögu skal senda til skipulagsfulltrúa á netfangið jonben@svgardur.is. Einnig er hægt að senda athugasemdir merktar „Breyting á Aðalskipulagi Garðs" á, Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4, 250 Garður.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til föstudagsins 16. febrúar 2018. Bæjarstjórn vonast til þess að sem flestir kynni sér þá breytingu á landnotkun sem tillagan markar stefnu um.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri



Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820

**LANDMARK SMÁRINN**

Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu

HLÍÐASMÁRA 2 // KÓPAVOGUR // SÍMI 512 4900
LANDMARK@LANDMARK.IS // WWW.LANDMARK.IS

Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309






## NAUSTABRYGGJA 17 – 110 RVK.

**OPIÐ HÚS FIMMTUDAG 4. JAN KL.17:30 – 18:00**

- Ný 68,3 fm. 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með hellulagðri sérverönd.
- Afar vandaðar innréttingar og gólfefni.
- Innbyggð uppþvottavél og ísskápur fylgja.
- Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir eigninni.
- Rúmgott svefnherbergi og aðstaða fyrir þvottavél innan íbúðar. Lyfta.

**V. 37,9 millj.**

Hafðu samband
ÞÓRARINN THORARENSEN
sölustjóri. Sími 770 0309





## SKILDINGANES – 101 RVK

- Flott 285 fm einbýli á frábærum stað
- Flott hönnun og vandaðar innréttingar
- Rúmgóðar stofur og eldhús
- Fjögur til fimm svefnherbergi
- Hjónaherbergi með baðherbergi innaf
- Fallegt útsýni, gróin lóð, viðhaldslítið

**LAUST FLJÓTLEGA**
**V. 170 millj.**

Hafðu samband
SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820





## KALDÁRSELSVEGUR 220 HFJ. HESTHÚS

- Gott 151,5 fm. vel skipulagt 18 hesta hesthús,
- Um er að ræða 14 ein hesta stíur og tvær tveggja hesta stíur
- Rúmgóð hlaða og spænageymsla, hnakkageymsla,
- Á rúmgóðu millilofti er flott rúmgóð kaffistofa, snyrting og búningaðstaða
- Sameiginlegt gerði og taðþró.
- Mjög góð staðsetning í hverfinu.

**LAUST STRAX**
**V. 15,9 millj.**

Hafðu samband
ÞÓRARINN THORARENSEN
sölustjóri. Sími 770 0309





## EIÐISMÝRI – 170 SELTJ.

- Raðhús á 2.hæðum alls 202 fm
- Fjögur svefnherbergi / tvö baðherb.
- Rúmgóðar stofur
- Innb.bílskúr / herbergi
- Fjölskylduvæn eign / stutt í allt

**FRÁBÆR STAÐSETNING**
**V. 88.5 millj.**

Hafðu samband
SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820





## GRÆNATUNGA – 200 KÓP

- Glæsileg 170 fm eign á góðum stað
- Efri sérhæð í tvíbýlishúsi
- Íbúðarrými er 142 fm og innb.bílskúr
- Þrjú svefnherb., möguleiki á einu í viðbót
- Fallegar innréttingar og endurnýjuð eign
- Hús í góðu ástandi að utan / gott útsýni

**ÍBÚÐ ER LAUS Í LOK JAN 2018**
**V. 63.9 millj.**

Hafðu samband
SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820





## AUSTURKÓR – 203 KÓP

- Rúmgóð 4.ra herb., 134.5 fm útsýnisíbúð
- Íbúð er á efstu hæð í 6 íbúða húsi
- Sérinngangur í íbúð úr opnu stigahúsi
- Skjólgóðar 23 fm svalir til norð-vesturs
- Gluggar á 3.vegu og fallegt útsýni
- Engin sameign í húsi

**ÍBÚÐ ER LAUS FEB 2018**
**V. 56.9 millj.**

Hafðu samband
SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






Óðinn Þór Ríkharðsson frétti það ekki fyrr en í hádeginu í gær að hann ætti að spila við Japan um kvöldið. Óðinn skoraði sex mörk í seinni hálfleik og fer líklega með til Þýskalands vegna veikinda í íslenska hópnum en Rúnar Kárason gat heldur ekki spilað í gær. Hér skorar Óðinn í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vegferðin á EM hófst á stórsigri

**Ísland vann sautján marka sigur, 42-25, á Japan í Laugardalshöll í gær. Íslenska liðið var miklu sterkari aðilinn og spilaði vel í fyrri hálfleiknum. Leikurinn gefur þó litlar vísbendingar um hvar íslenska liðið er statt.**

**HANDBOLTI** Handboltalandsliðið kvaddi Klakann með risasigri á Japan, 42-25, í Laugardalshöllinni í gær. Þetta var fyrsti og eini leikur íslenska liðsins á heimavelli fyrir EM í Króatíu. Strákarnir okkar halda nú til Þýskalands þar sem þeir spila tvo vináttulandsleiki við heimamenn áður en farið verður til Króatíu.

**Ekki sterkur andstæðingur**

Íslenska liðið verður ekki dæmt af þessum leik enda andstæðingurinn ekki sterkur. Strákarnir hans Dags Sigurðssonar voru mjög óagaðir í fyrri hálfleik, spiluðu stuttar sóknir og tóku slök skot sem Björgvin Páll Gústavsson áttu ekki í miklum vandræðum með að verja. Hann var í miklum ham í fyrri hálfleik og var með um 60% hlutfallsmarkvörslu.

Aðalmaðurinn í fyrri hálfleik var samt Guðjón Valur Sigurðsson sem skoraði átta mörk, einu marki meira en allt japanska liðið. Guðjón Valur var markahæstur í íslenska liðinu í gær með átta mörk. Ólafur Guðmundsson kom næstur með sjö mörk. Allir útileikmenn Íslands nema tveir komust á blað í leiknum í gær.

**Óðinn minnti á sig**

Óðinn Þór Ríkharðsson spilaði seinni hálfleikinn í hægra horninu og skoraði sex mörk. FH-ingurinn kom inn í íslenska liðið í stað Ómars Inga Magnússonar sem var veikur. Rúnar Kárason spilaði heldur ekki vegna veikinda. Svo gæti farið að Óðinn færi með íslenska liðið út til Þýskalands í ljósi veikinda Ómars Inga og Rúnars.

Varnarleikur íslenska liðsins var sterkur í fyrri hálfleik og sóknin gekk smurt. Í raun var yfir fáu að kvarta. Í seinni hálfleik datt vörnin full mikið niður og Japanir áttu greiðari leið að íslenska markinu. Þeir skoruðu 18 mörk í seinni hálfleiknum en aðeins sjö í þeim fyrri. Ágúst Elí Björgvinsson stóð í markinu í seinni hálfleik og varði 10 skot

**Gat prófað hluti**

„Ég gat prófað ýmislegt sem ég vildi prófa, ýmsar uppstillingar í vörninni sem við gætum lent í að þurfa að nota,“ sagði Geir Sveinsson. „Dampurinn datt úr vörninni í seinni hálfleik en það var spurning um hugarfar, að halda einbeitingu. En almennt áttu menn fína innkomu og þetta var ágætis fyrsta skref á þessari vegferð.“

Geir kveðst ánægður með íslenska hópinn, hvernig undirbúningurinn fyrir EM hefur gengið og margt í leiknum í gær.

„Ég er mjög ánægður með innkomu manna. Það munar auðvitað um að menn séu frískir og í góðu standi. Menn lögðu sig fram og keyrðu á þetta eins og við ætluðum að gera. Fyrri hálfleikurinn var mjög góður, Bjöggi var frábær í markinu og ekkert yfir því að kvarta,“ sagði Geir.

Leikirnir gegn Evrópumeisturum Þýskalands verða miklu erfiðari en leikurinn í gær og gefa betri vísbendingu um hvar íslenska liðið er statt fyrir átökin í Króatíu.

„Það er mjög gaman að spila í Þýskalandi. Þetta er alvöru bolti; kraftur og hraði og við þurfum að gíra okkur virkilega vel upp fyrir það,“ sagði Geir að lokum.

**ingvithor@365.is**

## Vináttulandsleikur í handbolta

**Ísland 42 - 25 Japan**
(20-7)

**Mörk Íslands:** Guðjón Valur Sigurðsson **8**, Ólafur Andrés Guðmundsson **7**, Óðinn Þór Ríkharðsson **6**, Arnór Þór Gunnarsson **6/3**, Arnar Freyr Arnarsson **4**, Aron Pálmarsson **3**, Bjarki Már Elísson **3**, Kári Kristján Kristjánsson **2**, Ásgeir Örn Hallgrímsson **2**, Arnór Atlason **1**.

**Varin skot (Heildarskot, hlutfall):** Björgvin Páll Gústavsson **13** (20, 65%), Ágúst Elí Björgvinsson **9** (26/2, 35%).




Geir Sveinsson talar hér við strákana sína í Höllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

**Arsenal - Chelsea 2-2**

1-0 Jack Wilshere (63.), 1-1 Eden Hazard, viti (66.), 1-2 Marcos Alonso (84.), 2-2 Hector Bellerin (90.+2).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 62 | Bournemouth | 21 |
| Man. Utd | 47 | West Ham | 21 |
| Chelsea | 46 | Southampton | 20 |
| Liverpool | 44 | Stoke | 20 |
| Tottenham | 40 | West Brom | 16 |
| Arsenal | 39 | Swansea | 16 |

**NÝJA LIÐ GUNNHILDAR YRSU VAR STOFNAÐ 1. DES 2017**

Íslenska landsliðskonan Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir er orðin leikmaður bandaríska félagsins Utah Royals FC. Utah Royals FC er glænýtt félag en það var stofnað 1. desember 2017 eða fyrir aðeins rúmum 30 dögum. Liðið spilar í bandarísku atvinnumannadeildinni á komandi tímabili.



„Gunny er leikmaður sem passar vel inn í NWSL-deildina því hún hefur spilað landsleiki og í deildum í Evrópu. Reynsla hennar mun nýtast liðinu vel,“ sagði þjálfarinn Laura Harvey. „Eldmóður hennar inni á vellinum er smitandi og ég er mjög ánægður með að við náðum að ganga frá þessu,“ sagði Laura Harvey. Gunnhildur Yrsa er 29 ára gömul og lék síðast með Vålerenga í Noregi en hún var fyrirliði liðsins sem komst í bikarúrslitaleikinn í haust.

**FIMMTA BLIKAKONAN FER ÚT Í ATVINNUMENNSKU**

Svava Rós Guðmundsdóttir hefur gert samning við norska úrvalsdeildarliðið Röa og spilar því ekki með Breiðabliki í Pepsi-deild kvenna næsta sumar. Svava er 22 ára gömul og hefur verið stoðsendingadrottning Pepsi-deildar kvenna undanfarin tvö sumur. Á síðustu tveimur tímabilum hefur hún skorað 7 mörk og gefið 16 stoðsendingar í 36 leikjum með Blikum í Pepsi-deildinni. Svava er fimmti leikmaður Breiðabliks sem fer í atvinnumennsku á síðustu mánuðum en áður höfðu þær Fanndís Friðriksdóttir (til Frakklands), Berglind Björg Þorvaldsdóttir (til Ítalíu), Rakel Hönnudóttir (til Svíþjóðar) og Ingibjörg Sigurðardóttir (til Svíþjóðar) yfirgefið Breiðabliksliðið.



## Í dag

**19.00 ÍR - Tindastóll** Sport
**19.50 Spurs - West Ham** Sport 2
**23.00 Tourn. of champions** Golfst.

**Vináttulandsleikur**
**19.30 Ísland - Japan**

**Dominos-deild karla**
**19.15 Valur - Keflavík**
**19.15 ÍR - Tindastóll**
**19.15 Stjarnan - Höttur**
**19.15 Njarðvík - KR**




# Þú átt skilið skemmtilegra **sjónvarp**

**Gerðu vel við þig í vetur** og fáðu áskrift að öllu því helsta í innlendri og erlendri dagskrárgerð. Komdu þér vel fyrir og njóttu þess að horfa á allt það frábæra efni sem Skemmtipakkinn hefur upp á að bjóða. Með **skemmtipakkanum** færðu fjölbreytt afþreyingarefni fyrir alla fjölskylduna á Stöð 2, Stöð 3, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Krakkar og Stöð 2 Maraþon Now.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817



Stefanía ásamt foreldrum sínum, þeim Önnu Vilhjálmsdóttir og Garðari Eiríkssyni, á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR

## Þrjár 29 ára vinkonur á Selfossi allar doktorar

**Hin 29 ára gamla Stefanía Ósk Garðarsdóttir, Selfyssingur í húð og hár, kláraði nýverið doktorsnám. En Stefanía Ósk er ekki sú eina í vinkonuhópnum sem er orðin doktor því hún á tvær vinkonur frá Selfossi sem luku einnig doktorsprófi, aðeins 29 ára gamlar.**

Stefanía Ósk Garðarsdóttir, 29 ára Selfyssingur, varði nýlega doktorsritgerð sína við orku- og umhverfisverkfræðideild tækniháskólans Chalmers í Gautaborg í Svíþjóð. Ritgerðin ber heitið „Technical and economic conditions for efficient implementation of CO2 capture – process design and operational strategies for power generation and process industries“.

Stefanía er Selfyssingur í húð og hár, fædd og uppalin í plássinu. Eftir grunn- og framhaldsskólanám tók Stefanía sér ársleyfi frá námi en hóf haustið 2007 nám við Háskóla Íslands í vélaverkfræði og lauk bakkalárgráðu (BSc.) í þeim fræðum vorið 2010. Þá um haustið lá svo leiðin til Gautaborgar í Svíþjóð í meistaranám í orkuverkfræði sem hún lauk vorið 2012 og hóf þá í kjölfarið doktorsnám við sama skóla í þessum fræðum.

Rannsóknir Stefaníu snerust að ákveðnu efnaferli sem nota má við kolefnabindingu frá stóriðju, þ.e. til þess að hreinsa koltvísýring úr afgösum stóriðjuferla og hindra losun hans í andrúmsloftið, t.d. við stál- og sementsframleiðslu, raforkuframleiðslu byggða á jarðefnaeldsneyti og olíuhreinsun. Stefanía skoðaði m.a. ýmsa þætti sem hafa áhrif á skilvirkni og kostnað kolefnabindingarferlisins þegar það er notað í hinum ýmsu stóriðjuferlum.

Stefanía segir málaflokkinn sem hún skrifaði doktorsritgerðina sína um henni mjög mikilvægan. „Já, minnkun umhverfisáhrifa frá stóriðju er mjög mikilvæg, bæði frá íslensku og alþjóðlegu sjónarhorni. Notkun jarðefnaeldsneyta í bæði raforkuframleiðslu og í annarri mikilvægri stóriðju eins og stál- og sementsframleiðslu er gríðarlega mikil, og sé litið til heimsins er því miður erfitt að sjá það að endurnýjanlegir orkugjafar geti komið í stað alls þessa jarðefnaeldsneytis.“

Stefanía er að flytja til Noregs með eiginmanni sínum þar sem hún hefur fengið vinnu hjá norsku rannsóknarstofnuninni Sintef í Þrándheimi. Þar mun hún vinna með nokkuð svipaða hluti og í doktorsnáminu, þ.e. tæknilausnir sem snúa að minnkun umhverfisáhrifa frá stóriðju, sérstaklega frá norrænu sjónarhorni.

Það er gaman að segja frá því að tvær vinkonur Stefaníu frá Selfossi, en þær voru allar saman í Fjölbrautaskóla Suðurlands á sínum tíma, luku líka doktorsprófi 29 ára gamlar. Þessar vinkonur Stefaníu eru Guðrún Nína Óskarsdóttir sem lauk doktorsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands í byrjun sumars 2017 og Dórótea Höeg Sigurðardóttir sem lauk doktorsprófi í byggingaverkfræði frá Princeton-háskólanum í Bandaríkjunum vorið 2016. **mhh@frettabladid.is**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

**Guðmunda K. Guðmundsdóttir**

lést þann 25. desember, á jóladag, á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför fer fram í Hafnarfjarðarkirkju þann 5. janúar kl. 15.

**Aðstandendur.**


✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Reynir Halldórsson**
frá Hríshóli í Reykhólasveit,
Gunnarsbraut 11b, Búðardal,

lést 26. desember sl. á Silfurtúni, dvalarheimili aldraðra í Búðardal. Jarðarförin fer fram frá Reykhólakirkju föstudaginn 5. janúar nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð dvalarheimilis aldraðra í Búðardal.

**Reinhard Reynisson María Kristjánsdóttir**
**Ingibjörg Reynisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


✝

Elskulegur eiginmaður minn,

**Berghreinn Guðni Þorsteinsson**
flugvirki,
Dalseli 34,

lést í faðmi fjölskyldunnar að morgni nýársdags á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Randý Sigurðardóttir**


✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jón Haukur Baldvinsson**
múrarameistari,

lést á gjörgæsludeild Borgarspítalans 16. desember sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð hjartadeildar LSH.

**Guðrún Esther Árnadóttir**
**Baldvin Árni Jónsson**
**Guðný María Jónsdóttir Þór Hauksson**
**Hjörleifur Örn Jónsson Rannveig Elíasdóttir**
**barnabörn.**



Elsku Veiga okkar allra,

**Sigurveig Mjöll Tómasdóttir**

lést í faðmi fjölskyldunnar 25. desember. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju, laugardaginn 6. janúar 2018 kl. 13.00. Jarðsett verður að Laugarvatni. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna, reikningsnúmer: 546-26-5810, kennitala: 581096-2329.

**Tómas Tryggvason Þórdís Pálmadóttir**
**Stefán Örn Óskarsson**
**Heiða Björg Tómasdóttir, Michele Rebora og börn**
**Dagný Tómasdóttir, Þórður Ármannsson og börn**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Elísabet Þórólfsdóttir**
ljósmóðir, Eskifirði,

lést 31. desember sl. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju 6. janúar kl. 14.00.

**Jóna Mekkín Jónsdóttir Magnús Guðnason**
**Jónína Sigríður Jónsdóttir Guðbjörn Þór Óskarsson**
**Gísli Jónsson Helga Benjamínsdóttir**
**Sólveig Jónsdóttir Örn Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Bergþóra Jóhannsdóttir**
Eiðismýri 30,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi 02.01.2018.

**Jóhann Kristjánsson Agnethe Kristjánsson**
**Nína V. Kristjánsdóttir**
**Sigurður H. Kristjánsson**
**Guðmundur Kr. Kristjánsson**
**Kjartan O. Kristjánsson Júlíana F. Harðardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**


netto
markhönnun ehf
KALKÚNALASAGNA
ÍSFUGL. 1 KG.
1.090 KR PK
ÁÐUR: 1.398 KR/PK
-22%
ÍSFUGL
GRÍSASNITSEL M/RASPI
FERSKVARA
1.469 KR KG
ÁÐUR: 2.098 KR/KG
-30%
-50%
PERUR
135 KR KG
ÁÐUR: 269 KR/KG
KJARNAFÆÐI
REYKT FOLALDAKJÖT
MEÐ BEINI
888 KR KG
ÁÐUR: 1.269 KR/KG
-30%
SIRLOINSNEIÐAR
Í RASPI. FERSKT.
1.772 KR KG
ÁÐUR: 2.769 KR/KG
-36%
-20%
SKINNEY ÝSUBITAR 1 KG.
1.358 KR KG
ÁÐUR: 1.698 KR/KG
KJÖTBORÐ
GRÍSAPOTTRÉTTUR
ÍTALSKUR
1.329 KR KG
ÁÐUR: 1.898 KR/KG
-30%
GOÐI
UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK. 90 GR. M. BRAUÐI
993 KR PK
ÁÐUR: 1.398 KR/PK
-29%
ÓDÝRT Í netto
NETTÓ BJÚGU
6 STK Í PAKKNINGU
674 KR PK
ÁÐUR: 899 KR/PK
-25%
LAMBA PRIME
FERSKT
3.479 KR KG
ÁÐUR: 4.349 KR/KG
-20%
-35%
Fljótlegt!
Meatfree
NACHBÖFFER
DALOON MEATFREE 380 GR.
440 KR PK
ÁÐUR: 489 KR/PK
GRÖNTSAGSBÖFFER
DALOON MEATFREE 380 GR.
440 KR PK
ÁÐUR: 489 KR/PK
BO CROISSANT
MEÐ SÚKKULAÐI.
119 KR STK
ÁÐUR: 198 KR/STK
-40%
GREAT TASTE
JARÐARBER 1 KG
399 KR PK
BLÁBER 250 GR.
NICE'N EASY
194 KR PK
ÁÐUR: 299 KR/PK
MANGÓ 300 GR.
NICE'N EASY
194 KR PK
ÁÐUR: 299 KR/PK
-40%
BO SALAMI PIZZA
TURNOVER. 120 GR.
179 KR STK
ÁÐUR: 298 KR/STK
-40%
BO PIZZASTYKKI
MARGARITA
233 KR STK
ÁÐUR: 389 KR/STK
Frugt og grønt til smoothie
SMOOTHIES DIT VALG
GRÆNN / GULUR / RAUÐUR
439 KR PK
ÁÐUR: 549 KR/PK
-20%
Tilboðin gilda 4. - 7. janúar 2018 www.netto.is
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Austan strekkingur í dag, en hvassviðri eða stormur syðst á landinu. Dálítil él um landið austanvert, en annars bjartviðri. Fremur kalt í veðri.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -3° | -7° | -7° |
| ↖8 | ↖4 | ↖2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -6° | -7° | -9° |
| ↙5 | ↓4 | →4 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -0° | -1° |
| ↗15 | →6 | ↗16 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -3° | 1° | -3° |
| ↑13 | ↗10 | ↑17 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 6 | | | | 9 |
| | 5 | | 4 | | 9 | 3 | | 7 |
| | | | 5 | | | | 6 | |
| 6 | 8 | | | | 3 | | | 5 |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| 9 | 7 | 1 | 6 | | | 4 | | |
| | | | | | | 1 | | 4 |
| | | 9 | | 7 | | 2 | | 3 |
| 7 | | 2 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | | 1 | | 6 | | | |
| 1 | 8 | | 3 | | | | | 6 |
| | | | 4 | | 2 | | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| 5 | | | | 1 | | 7 | | 4 |
| | | | 6 | | | | 2 | |
| 8 | | | 7 | | | 1 | | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 7 | 3 | | 4 | | 8 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 6 | | 2 | |
| | 1 | | | 4 | | 3 | | 7 |
| | | 7 | | | 3 | | | 6 |
| | | 1 | | | | | | |
| 7 | 9 | 5 | | | 1 | | 6 | |
| 8 | | 3 | | 6 | 4 | | | |
| 6 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | 8 | | | | 1 | | |
| | 7 | | | | 5 | | | 3 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hæfileiki
6. einnig
8. gogg
9. af
11. tveir eins
12. heiti
14. pápi
16. tveir eins
17. kvk nafn
18. hækkar
20. tveir eins
21. mælieining

**LÓÐRÉTT**
1. himinn
3. utan
4. hrukka
5. þróttur
7. goðsagnavera
10. svif
13. svelg
15. pottréttur
16. titill
19. vörumerki

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** **2.** gáfa, **6.** og, 8. nef, **9.** frá, **11.** ll, **12.** titil, **14.** faðir, **16.** ff, **17.** una, **18.** rís, **20.** gg, **21.** únsa. **LÓÐRÉTT:** **1.** loft, **3.** án, **4.** felling, **5.** afl, **7.** griffin, **10.** áta, **13.** iðu, 15. ragú, **16.** frú, **19.** ss.

## Skák Gunnar Björnsson

Bruckner átti leik gegn Becher í Porz árið 1986.
**Svartur á leik**
**1...Rg3+!! 2. hxg3 Dg7 3. f5 Dg6!! 4. Hf2 Bxf2 5. Hg1 Bb6! 0-1.** Alþjóðlegt unglingamót til minningar um Steinþór Baldursson hefst í dag kl. 11 í Stúkunni við Kópavogsvöll.
**www.skak.is:** Minningarmótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 5 | 6 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 5 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 4 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÚTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR AF ALLS KONAR VÖRUM*
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÁRNASYNIR

# Tilfinningar eru handan við öll landamæri

**Kvikmyndin Svanurinn, eftir samnefndri bók Guðbergs Bergssonar, verður frumsýnd í Smárabíói í kvöld. Hún fjallar um níu ára stúlku sem dregst inn í óvænta atburðarás. Ása Helga Hjörleifsdóttir leikstýrir.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Svanurinn er fyrsta mynd Ásu Helgu Hjörleifsdóttur í fullri lengd, en áður hefur hún gert stuttmyndir sem hlotið hafa athygli. „Myndin byrjaði sem skólaverkefni þegar ég var í kvikmyndanámi í New York í Columbia-háskóla. Þá var ég í áfanga sem hét kvikmyndaaðlögun og snerist um að laga bækur að bíómyndum. Þá varð þessi bók eftir Guðberg Bergsson fyrir valinu hjá mér, ég hafði lesið hana nokkrum árum áður og algerlega kolfallið fyrir henni. Án þess að ég fattaði það þá var eitthvað við lesturinn á þessari bók sem byrjaði að láta mig hugsa myndrænt, hugsa í kvikmyndagerð. Fljótlega varð mér líka ljóst að myndin yrði meira en skólaverkefni. Þetta var 2010 og margt hefur gerst í millitíðinni því ferlið er búið að vera langt.“

*Hvernig gekk svo að selja hugmyndina, útvega fjármagn og fá aðra til liðs?* „Það var erfitt í fyrstu en fljótlega fékk ég þær Hlín Jóhannesdóttur og Birgittu Björnsdóttur í fyrirtækinu Vintage pictures sem framleiðendur. Það skipti sköpum. En margar hindranir hafa verið á leiðinni því þó fólk hafi haft trú á verkefninu skynjuðum við líka hræðslu við söguna. Hún er öll svo hugljúf og gerist að miklu leyti inni í höfðinu á aðalpersónunni sem er níu ára stelpa, margir efuðust um að þetta gæti orðið að spennandi myndefni. Það merkilega er að núna, þegar ég sýni myndina á kvikmyndahátíðum, er þetta takmarkaða en um leið skapandi sjónarhorn stelpunnar eitt af því sem heillar fólk mest.“

*Höfundur sögunnar, Guðbergur Bergsson, var hann strax jákvæður?* „Já, hann hefur sýnt mér mikinn stuðning og það skipti mig öllu máli. Hann las fyrstu drög að handritinu og horfði líka á brot en hefur gefið mér fullkomið listrænt frelsi í þessu ferli öllu saman. Honum – eins og mér – er annt um að kvikmyndin sé sjálfstætt verk en ekki bara myndskreyting við bókina.“



**„Án þess að ég fattaði það, þá var eitthvað við lesturinn á þessari bók sem byrjaði að láta mig hugsa myndrænt, hugsa í kvikmyndagerð,“ segir Ása Helga um Svaninn, verðlaunabókina hans Guðbergs.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Svanurinn var tekinn upp norður í Svarfaðardal þar sem Ása Helga dvaldi sjálf mikið sem barn og stór hluti föðurfjölskyldu hennar býr. Hún kveðst hafa verið í miklu og góðu samstarfi við Svarfdælinga og Dalvíkinga við gerð myndarinnar og einmitt haldið forsýningu á henni á Dalvík núna rétt fyrir áramótin.

Annars var myndin heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Torontó í september, síðan hefur hún farið út um allt og heldur því áfram á þessu ári. „Það hefur gengið ótrúlega vel,“ segir Ása Hlín. „Mér finnst svo gaman að manneskjur á fjarlægum menningarsvæðum skuli tengja svona mikið við þessa sögu sem gerist í sveit á Íslandi. Maður heyrir alltaf að sögur séu alþjóðlegar en ég held að kannski sé réttara að segja að tilfinningar séu handan við landamæri. Þær geta ferðast hvert sem er – við þekkjum þær öll.“



**Þuríður Blær, Þorvaldur Davíð og aðalleikkonan Gríma Valsdóttir.**



**Það var greinilega ekki alltaf leiðinlegt í sveitinni. Gríma í hlutverki Sólar.**

Ása Helga viðurkennir að það verði stór stund að frumsýna myndina hér á landi. Alltaf sé erfiðara að troða upp fyrir framan fjölskyldu sína en ókunnuga. Kveðst þó hlakka til í aðra röndina, til dæmis að leyfa fólki að heyra tónlistina eftir strákana í Múm. „Svo er sveitaball í myndinni og þar spilar alvöru hljómsveit, mæðgurnar Kristjana Arngrímsdóttir og Ösp Eldjárn og líka Kristján Eldjárn Hjartarson og Daníel Þorsteinsson. Svo er alls konar önnur tónlist í myndinni, til dæmis tvö lög eftir hljómsveitina East of My Youth, þær Herdísi Stefánsdóttur og Thelmu Marín Jónsdóttur.“

Ása Helga var nýlega útnefnd besti leikstjórinn á stórri alþjóðlegri kvikmyndahátíð á Indlandi þar sem Svanurinn var til sýningar.

*Hvernig tilfinning var það?* „Það var stórkostlegt og kom mér rosalega á óvart. Ég var því miður ekki á staðnum, heldur á kvikmyndahátíð annars staðar í heiminum, og fékk bara símtal frá Þorvaldi Davíð leikara sem hafði farið til Indlands fyrir hönd myndarinnar. Þetta var ótrúlega skemmtilegt og gífurlega mikill heiður. Ég tók ákvarðanir varðandi leikstjórnina á þessari mynd sem voru kannski óvenjulegar og þurfti að sannfæra aðra og það er erfiðara þegar um frumraun með stórt verkefni er að ræða. En ég fylgdi mínu innsæi og þess vegna var mjög dýrmætt að fá svona viðurkenningu.“

Myndin fjallar um Sól, níu ára stúlku sem send er í sveit til fjarskyldra ættingja, bæði vegna þess að hún er pínu vandræðabarn en líka til að þroskast, kynnast náttúrunni og vissum aga. Hún gerir það en flækist líka inn í líf fullorðna fólksins og verður þátttakandi í atburðarás sem hún skilur ekki alveg sjálf. „Svanurinn er að einhverju leyti mynd um það sem við lærum öll þegar við erum að vaxa úr grasi, að til þess að geta fúnkerað í samfélagi fullorðinna þurfum við setja upp grímu sem þróast og breytist með okkur sjálfum gegnum árin. Það er sársaukafullt en á köflum líka nauðsynlegt til að lifa af,“ segir Ása Helga og bætir við: „Það er kannski ekki algjör tilviljun að aðalleikona myndarinnar heitir Gríma!“

*En var ekki mikil áskorun að leikstýra svo ungri manneskju?* „Jú, Gríma er nánast í hverri einustu senu myndarinnar og ber hana því í raun uppi. En hún er svo hæfileikarík og með svo mikla tilfinningagreind að í sjálfu sér varð aldrei erfitt að leikstýra henni. Við höfðum líka gert eina stuttmynd saman áður sem heitir Þú og ég og gátum byggt á því trausti sem hafði skapast þar milli okkar. Þá mynd gerði ég einmitt til að leita að stúlku fyrir Svaninn, að hluta til. Ég er ekki síður þakklát foreldrum hennar því fjölskyldan þurfti jú nánast öll að vera í Svarfaðardalnum á tökutímanum til að Gríma gæti leikið í myndinni.“

*Lokaspurning: Er alvöru svanur?* „Fólk verður að koma í bíó til að fá svarið.“

## NOKKRAR UPPLÝSINGAR UM SVANINN

- Handrit er eftir Ásu Hjörleifsdóttur og Guðberg Bergsson.
- Birgitta Björnsdóttir og Hlín Jóhannesdóttir eru aðalframleiðendur en myndin er samvinnuverkefni Íslands, Þýskalands og Eistlands.
- Gríma Valsdóttir leikur aðalhlutverkið, með önnur aðalhlutverk fara Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Ingvar E. Sigurðarson og Katla Margrét Þorgeirsdóttir.
- Tónlist er aðallega eftir Gunnar Örn Tynes og Örvar Smárason.
- Myndin er búin að fara á yfir 20 kvikmyndahátíðir víða um heim og hefur unnið til verðlaunanna „besti leikstjórinn“ á Kolkata International Film Festival og „besta myndin“ á Cairo International Film Festival.

ÚTSALA
38
ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813

# VÆNTANLEGT




Sum ár byrja bara betur en önnur því nú eru tvær nýjar tegundir af RISA Opal komnar í búðir! Risa Opal með pipardufti og Risa opal saltlakkrís sem þú verður bara hreinlega að prófa!

**Opal, bætir andrúmsloftið.**

NÓI SÍRÍUS



Anna Bergljót Thorarensen er ein af stofnendum leikhópsins Lottu en leikhópurinn frumsýnir Galdrakarlinn í Oz í Tjarnarbíói á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Við viljum halda nándinni sem felst í útileikhúsinu

**Leikhópurinn Lotta frumsýnir Galdrakarlinn í Oz í Tjarnarbíói á laugardaginn. Það er fyrsta innanhúss uppfærsla þessa einstaka leikhóps sem hefur starfað utandyra og ferðast um landið í áratug.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Leikhópurinn Lotta hefur umtalsverða og um margt aðdáunarverða sérstöðu í íslensku leikhúsi. Allt frá stofnun leikhópsins árið 2007 hafa sýningarnar verið utandyra, þar af leiðandi háðar árstíð, veðri og vindum, og byggðar á efni sem leikhópurinn semur sjálfur, auk þess sem áherslan hefur verið á sýningar fyrir börn og fjölskyldur. En nú ber svo við næsta laugardag að leikhópurinn Lotta ætlar að frumsýna Galdrakarlinn í Oz í Tjarnarbíó og Anna Bergljót Thorarensen sem hefur verið í leikhópnum frá upphafi segir að það sé óneitanlega sérstök tilfinning að vera að fara að frumsýna í janúar og vera ekki einu sinni kalt.




### Viðbót við leikárið

Anna Bergljót segir að þar sem leikhópurinn sé nú að koma inn á sitt ellefta starfsár hafi verið ákveðið að horfa aðeins um öxl. „Við erum í senn að fagna þessum árum sem við höfum verið starfandi og leyfa áhorfendum okkar núna, sem voru ekki einu sinni fæddir þegar við byrjuðum, að sjá það sem við höfum verið að gera. Galdrakarlinn í Oz var frumsýndur í maí 2008 og því fannst okkur tilvalið að leyfa honum að snúa aftur núna og þá í leikhúsinu. Margir af þeim krökkum sem koma á sýningarnar okkar núna hafa reyndar verið að hlusta á þetta á geisladiski sem við gáfum út á sínum tíma en það var kominn tími til þess að færa þeim þetta frábæra ævintýri sem alvöru leikhúsupplifun.“

Anna Bergljót segir að vissulega feli það í sér ákveðna áskorun að koma aftur að verki eftir öll þessi ár. „Við erum svona búin að vera að dusta rykið af þessu og athuga hvort að við getum gert þetta betur en fyrir 10 árum. Við vorum búin að vera hugsa um hversu blóðugt það væri að vera alltaf að búa til nýtt verk fyrir hvert sumar og henda því svo í ruslið, þannig að við ákváðum að það væri kominn tími á þessa þróun. Kominn tími á að verkin okkar gætu gengið í endurnýjun lífdaga vegna þess að áhorfendahópurinn endurnýjar sig. En svo ætlum við að halda okkur við að vera alltaf með nýjar sýningar á sumrin þannig að þetta er hrein viðbót við leikárið hjá okkur. Og nú veit fólk alltaf hvað verður á vetrardagskránni eftir tíu ár, það er alltaf það sem var sýnt utandyra fyrir tíu árum,“ segir Anna Bergljót og hlær.

### Nýjar áskoranir

Anna Bergljót var ein af þeim níu sem stofnuðu leikhópinn á sínum tíma og hún segir að svo skemmtilega vilji til að þau fjögur sem eru eftir af þeim hópi séu einmitt þau fjögur sem leika sömu aðalhlutverkin í Galdrakarlinum í Oz. Auk hennar eru það þau Baldur Ragnarsson, Rósa Ásgeirsdóttir og Sigsteinn Sigurbergsson en Huld Óskarsdóttir er nú í stóru hlutverki í fyrsta sinn hjá hópnum. Leikstjóri upprunalegu sýningarinnar var Ármann Guðmundsson sem skrifaði leikgerðina en Ágústa Skúladóttir sér nú um leikstjórn.

En skyldi það breyta miklu fyrir leikhópinn að vera nú að færa þetta verk upp á svið innandyra? „Já, árið 2008 var ég t.d. líka að leika ljónið og þá var óskóp gott að vera í þessum hlýja feldi þó svo það hafi reyndar verið mjög gott sumar. En núna inni á sviði í ljósunum hef ég aldrei upplifað annan eins svitapoll og að vera í þessum blessaða flísbúningi,“ segir Anna Bergljót en hefur samt greinilega gaman af. „En þetta er samt dásamlegt. Við erum orðin mjög spennt að taka á móti áhorfendum því við ætlum að halda þessari hefðbundnu Lottu-nálgun að taka á móti áhorfendum þegar þeir koma og eins og alltaf býðst áhorfendum að hitta persónurnar og knúsa þær eftir sýningu. Þannig að við viljum halda nándinni. En það er líka gott fyrir leikhópinn að þroskast og takast á við nýjar áskoranir.“

### Mávurinn úti á túni

Anna Bergljót segir að þau séu hvað ánægðust með að þau ætli að ferðast með sýninguna að minnsta kosti jafn mikið og þau ferðast með sumarsýningarnar ef ekki meira. „Við förum af stað í febrúar og ætlum að vera á yfir 20 stöðum um allt land. Það virðist því miður fara minnkandi að leikhópar fari um landið en við ætlum að bæta úr því svo um munar og vera með farandleikhús bæði að sumri og vetri til.“

Galdrakarlinn í Oz er fyrsta verkið sem leikhópurinn lét semja fyrir sig sérstaklega eins og hann hefur gert alla tíð síðan. Anna Bergljót segir að ástæðan fyrir valinu hafi einfaldlega ráðist af aðstæðum. „Þegar við byrjuðum þá vorum við að sýna með leikhópi sem heitir Sýnir, nánast sama fólk og tók svo þátt í að stofna Lottu, að setja upp Mávinn eftir Tsjékov og það utandyra. Við hreinlega skildum ekki af hverju við vorum að setja upp svona stofudrama úti á túni, fannst það algjörlega úti í hött, þannig að við snerum okkur að því að setja upp Dýrin í Hálsaskógi. Þessi ævintýraheimur sem náttúran er átti svo líka vel heima í utanhússleikhúsi þannig að Galdrakarlinn í Oz var svona eðlilegt næsta skref.“


GRÆNT OG GOTT Á NÝJU ÁRI!
Linda McCartney's 2 vegetarian Mozzarella 1/4 LB Burgers
299 KR/PK
Iceland 16 Vegetable Spring Rolls
299 KR/PK
Iceland 4 Vegetable Burgers
199 KR/PK
Fry's Meat Free 4 Traditional Burgers
399 KR/PK
Fry's Meat Free Chicken Style Nuggets
399 KR/PK
Iceland 2 Spicy Nacho Bean Burgers
399 KR/PK
Quorn Dippers 320g
399 KR/PK
Quorn Pieces 500g
499 KR/PK
Quorn Mince 500g
499 KR/PK
Quorn 10 Sausages 375g
299 KR/PK
Cauldron Falafels With Chickpeas, Aromatics Spices and Coriander
399 KR/PK
Good Life Mushroom & Spinach Kiev
399 KR/PK
Good Life 14 Falafel
399 KR/PK
Good Life French Bean & Spinach Sausages
399 KR/PK
Good life 3 Bean chili
399 KR/PK
Good life Vegetable Masala
399 KR/PK
Iceland 12 Mozzarella Sticks
499 KR/PK
Iceland 12 Breaded Cheese Selection
799 KR/PK
Linda McCartney's 2 Vegetarian Mushroom & Spinach Burgers
299 KR/PK
Linda McCartney's 6 Vegeterian Sausages 300g
399 KR/PK
Linda McCartney's 2 Vegetarian Pulled Pork LB Burgers
399 KR/PK
Linda McCartney's 6 Vegeration Chorizo & Red Pepper Sausages
399 KR/PK
Linda McCartney's 2 Vegetarian Red onion & Rosenary Sausage Plaits
299 KR/PK
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR






Banvænasti sérsveitarmaður Kína, Lang Feng, neyðist til að snúa aftur úr útlegð til þess að afgreiða grimma málaliða.

# Kínverskur Rambó leggur Hollywood að fótum sér

**Kínverska spennumyndin The Wolf Warrior II hefur slegið hressilega í gegn í Kína, Bandaríkjunum og víðar. Aðalleikari myndarinnar, Jing Wu, er skærasta kvikmyndastjarna Kína og persóna hans í myndinni er sögð vera kínverskur Rambó.**

**KVIKMYNDIR** Háspennuhasarinn The Wolf Warrior II hefur slegið öll aðsóknarmet í Kína og skilað 854 milljónum dollara í kassann þar í landi. Aðeins ein kvikmynd hefur skilað meiri hagnaði á einu tilteknu markaðssvæði, en Stjörnustríðsmyndin The Force Awakens rakaði saman 937 milljónum dollara í Bandaríkjunum árið 2015.

The Wolf Warrior er framhald The Wolf Warrior frá 2015. Sú mynd gerði stormandi lukku í heimalandinu en þó ekkert í líkingu við gríðarlegar vinsældir framhaldsins.

Bardagalistamaðurinn Jing Wu er allt í öllu í myndinni en auk þess að leika aðalhlutverkið sá hann um leikstjórn og skrifaði handritið í félagi við aðra. Það er því síður en svo úr lausu lofti gripið þegar honum er líkt við Sylvester Stallone og aðalpersónu myndanna, sérsveitarmanninum Leng Feng, stillt upp við hlið einnar þekktustu kvikmyndapersónu Stallones, sjálfs Rambo. Stallone hefur í gegnum áratugina verið iðinn við að skrifa handrit helstu hasarmynda sinna og skellir sér af og til einnig í leikstjórastólinn.

Í The Wolf Warrior II er ferill kempunnar Leng Feng í molum, hann sestur í helgan stein og hættur að salla niður dópsala og mansalsdólga. Hann neyðist þó til þess að skella sér aftur í hermannagallann þegar á vegi hans verða kvalalostafullir málaliðar sem hrella saklausa borgara.

Þá eru hnefarnir og látnir tala og vélbyssukjaftarnir gelta með tilheyrandi djöfulgangi og svimandi mannfalli. Skriðdrekar og önnur drápstól ryðjast fram og allt sprengt sem hægt er að sprengja. Allt er þetta síðan stílfært með kínverskum tilþrifum þannig að unun er á að horfa, það er að segja fyrir þá sem á annað borð kunna að meta myndir af þessu tagi.

Kínverjar hafa löngum verið öðrum þjóðum fremri þegar kemur að gerð hraðklipptra og stílfærðra spennumynda. Bestu dæmin um þetta er að finna í Hong Kong-bylgjunni sem skall á Vesturlöndum undir lok níunda áratugarins. Þá slógu leikstjórarnir Ringo Lam og fyrst og fremst John Woo í gegn með byssuballettum sínum.

Lam er þekktastur fyrir City on Fire frá 1987 en Quentin Tarantino sótti stíft í hana þegar hann þreytti frumraun sína sem leikstjóri með Reservoir Dogs 1992. John Woo, jafnan með leikarann Chow Yun Fat, státar síðan af mögnuðum myndum eins og A Better Tomorrow (1986), The Killer (1989) og Hard Boiled (1992). Velgengnin var slík að leið hans lá að sjálfsögðu til Hollywood þar sem hann toppaði með Face/Off (1997). Þar skiptust þeir John Travolta og Nicolas Cage á andlitum og fóru með himinskautum í uppgjöri svarinna óvina sem gat ekki lokið öðruvísi en með dauða annars þeirra.

Þótt The Wolf Warrior sé þvottekta kínversk mynd með sterkum þjóðernisundirtónum, aðal vondi kallinn er vestrænn skítalabbi, þá eru Bandaríkjamenn með puttana í framleiðslunni.

Gróði fyrri myndarinnar gerði Wu kleift að sækja sér aðstoð og sérfræðiþekkingu til Hollywood. Bræðurnir Anthony og Joe Russo, leikstjórar Marvel-myndanna Captain America: Civil War og Avengers: Infinity War voru ráðgjafar Wu við gerð myndarinnar og leikarinn Frank Grillo úr Captain America: The Winter Soldier og Captain America: Civil War leikur aðalskúrk myndarinnar.

Kína er næststærsti kvikmyndamarkaður heims og velgengni The Wolf Warrior í Kína og Bandaríkjunum hefur opnað augu framleiðenda í Hollywood fyrir nýjum sóknarmöguleikum á þann markað. Auk þess sem vinsældir myndarinnar vestan hafs hafa fært kvikmyndagerðarfólki í báðum löndum heim sanninn um að Kínverjar geti haslað sér völl í Bandaríkjunum.

**thorarinn@frettabladid.is**



**Hetjan Lang Feng, í meðförum Jing Wu, er sagður svar Kína við kaldastríðshetju Stallones, John Rambo.**












Stílabók með rifgötun

Tilboðsverð 489 kr.

Verð áður 699 kr.

Stærsti skiptibókamarkaður A4 er í Skeifunni.

Tekið er á móti skiptibókum í öllum verslunum A4.

# Gleðilegt nýtt skólaár!




Faber Castell áherslupennar

Tilboðsverð 599 kr.

Verð áður 999 kr.



Teygjumappa

Tilboðsverð 249 kr.

Verð áður 369 kr.



Kúlutússpenni

Tilboðsverð 269 kr.

Verð áður 449 kr.




Strokleður

Tilboðsverð 29 kr.

Verð áður 49 kr.



Blýantur

Tilboðsverð 49 kr.

Verð áður 88 kr.










Fánablöð

5 lita:

Tilboðsverð 249 kr.

Verð áður 369 kr.

10 lita:

Tilboðsverð 349 kr.

Verð áður 499 kr.

Fánamiðar

Tilboðsverð 239 kr.

Verð áður 399 kr.

L-möppur, 10 í pakka

Tilboðsverð 399 kr.

Verð áður 599 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**

**SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**








# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 4. JANÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Heimkomutónleikar Mammút
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíói
Mammút heldur heimkomutónleika í kvöld í Gamla bíói. Þar munum sveitin enda margra mánaða tónleikaferðalag sem hefur staðið yfir frá því að hún gaf út plötuna, Kinder Versions. Bæði „Breathe Into Me“ og „The Moon Will Never Turn On Me“ hafa þegar fengið mikla spilun í útvarpi, jafnt innan sem utan landsteinanna.

**Hvað?** Mr. Silla
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Mr. Silla er sólóverkefni tónlistarkonunnar Sigurlaugar Gísladóttur sem tónlistaráhugafólk þekkir úr hljómsveitunum múm, Low Roar og Mice Parade. Árið 2015 gaf Sigurlaug út sína fyrstu breiðskífu undir nafni Mr. Silla og hefur hún hlotið einróma lof gagnrýnenda og hlaut m.a. tónlistarverðlaun Kraums. Miðaverð er 2.500 kr. Hægt er að bóka miða á booking@mengi.net eða kaupa þá við innganginn frá kl. 20.30 á tónleikakvöldi.

**Hvað?** Hausar - janúarkvöld á Paloma
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Fyrsta fastakvöld Hausa verður haldið í kvöld á efri hæð Paloma. Allt það nýjasta í drum & bass í bland við gamla klassík í Funktion-One kerfi.

**Hvað?** Nýdönsk í Bæjarbíói, aukaaukatónleikar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Hljómsveitin Nýdönsk er unglingur miðað við Bæjarbíó en drengirnir hafa einmitt verið að fagna 30 ára starfsafmæli sínu árið 2017. Á prógramminu verða mörg af þekktustu og vinsælustu lögum sveitarinnar.


Mammútmeðlimir eru komnir heim og munu leyfa okkur Íslendingum að njóta þess.

**Hvað?** Vínartónleikar 2018
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hörpu
Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar. Nokkur af djásnum valsakóngsins Johanns Strauss prýða efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum. Inn á milli heyrist meðal annars spænskur vals og ungverskur dans. Einnig hljóma vinsælar óperettuaríur og dúettar, til dæmis Da geh ich zu Maxim úr Kátu ekkjunni og hið sívinsæla Wien, Wien, nur Du allein. Dansarar stíga einnig á svið og ljá tónleikunum einstakan hátíðarblæ.

### Viðburðir

**Hvað?** Nýárssýningar Reykjavík Kabarett
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Íslenska kabarettfjölskyldan mun láta ljós sitt skína ásamt einvalaliði gesta. Sýningin blandar saman burlesque, kabarett, sirkuslistum, dragi, töfrum, tónlist með skvettu af fullorðinsbröndurum og er púsluspil skemmtiatriða úr ýmsum áttum. Sérstakir gestir frá New York eru hin sjóðheita og silkimjúka Jezebel Express, furðuburlesquedrottningin Tiger Bay og töframaðurinn Matthew Holtzclaw. Frá Stokkhólmi kemur hinn sjóðheiti og íslenski St. Edgar.

**Hvað?** Manakamana
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kling & bang, Marshallhúsinu
Önnur sýning kvikmyndaklúbbsins Í myrkri verður sýnd í kvöld. Þá verður sýnd myndin Manakamana (118 mín.) eftir Stephanie Spray og Pacho Velez. Myndin á sér stað hátt yfir frumskóginum í Nepal, þar sem pílagrímar ferðast með kláfi til þess að tilbiðja Manakamana hofið. Dásamlegur gimsteinn að njóta í dýpsta myrkrinu, kvikmynd sem yljar hjartanu. Það er ókeypis inn, en tekið verður á móti frjálsum framlögum. Framlagið rennur beint til fjölskyldu í Nepal, sem vann að myndinni með Stephanie Spray og Pacho Velez, en húsið hennar eyðilagðist í jarðskjálftanum 2015.

**Hvað?** Pop Quiz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Skyndipróf að hætti Stúdentakjallarans. Pop quiz kóngarnir okkar Jón Már og Árni Freyr mæta með gítarana, englaraddirnar og splunkunýjar og dúndurgóðar spurningar.

**Hvað?** Tíu dagar sem skóku heiminn - Bókarkynning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iða, Zimsen, Vesturgötu
Þorvaldur Þorvaldsson þýðandi bókarinnar Tíu dagar sem skóku heiminn, segir frá bókinni og les kafla úr henni. Þá verða fyrirspurnir og umræður, eftir því sem tími leyfir og hægt að ræða vítt og breitt um umfjöllunarefni bókarinnar. Bókin fjallar um Októberbyltinguna í Rússlandi fyrir 100 árum og er skrifuð af bandarískum blaðamanni, sem var á staðnum. Bókin verður til sölu í Iðu og hægt verður að fá hana áritaða af þýðanda.


Mr. Silla tekur lagið í Mengi í kvöld.




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita




**1.359** kr. pk.

**Bónus Réttir**
4 tegundir, fyrir 2-3.

Upprunaland
**SPÁNN**




**1.298** kr. kg

**Nautaveisla Nautgripahakk**
Ferskt, Spánn

**PRÓTEINBRAUÐ**
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12g kolvetni pr. 100g




**398** kr. 400 g

**Bónus Próteinbrauð**
400 g

Matarmikil súpa
**FULLELDUÐ**
Aðeins að hita

1kg




**1.598** kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

2L




**129** kr. 2 l

**Klaki Kolsýrt vatn**
2 lítrar, 3 tegundir

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **7. janúar** eða meðan birgðir endast.

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur





HVERSDAGSREGLUR
KL. 19:50
Við höfum kynstrin öll af lögum og reglum. Þó koma á hverjum degi upp aðstæður sem við vitum ekki hvernig við eigum að bregðast við. Símtal slitnar en hvor á að hringja til baka? Hvenær á að halda dyrum opnum fyrir aðra? Nú verður loksins tekist á við þetta, þar sem valinkunnu fólki hefur verið hóað saman til að setja okkur hversdagsreglur.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

NCIS
KL. 20:15
Lokaþáttur
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.





Nýtt!

THE X-FILES
KL. 20:55
Glæný þáttasería með þeim Fox Mulder og Dana Scully en þau eru áfram eitt öflugasta teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar þegar kemur að rannsóknum á dularfullum og yfirnáttúrulegum málum.

SNATCH
KL. 21:40
Hópur ungra og efnilegra bragðarefa kemst yfir bílfarm af stolnu gulli og dregst inn í hörkuspennandi atburðarás. Frábær breskir spennuþættir byggðir á samnefndri mynd eftir Guy Ritchie.




BEFORE I GO TO SLEEP
KL. 22:00
Frábær spennumynd um unga konu sem vaknar á hverjum morgni algerlega minnislaus um gærdaginn og fortíð sína.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Hell's Kitchen USA
**11.00** Brother vs. Brother
**11.45** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Friday Night Lights
**14.55** Kindergarten Cop 2
**16.35** Simpson-fjölskyldan
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.25** **Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágrannaog fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.
**17.50** Ellen
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Fréttayfirlit og veður
**19.15** **Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.25** The Big Bang Theory
**19.45** **Hversdagsreglur** Við höfum endalaust af lögum og reglum. Engu að síður koma á hverjum einasta degi upp aðstæður þar sem enginn veit hvernig hann á að snúa sér. Símtal slitnar og hvorugur veit hver á að hringja til baka. Má skamma bekkjarsystkini barnsins þíns sem kemur í heimsókn og er með óþekkt? Hvenær á að halda dyrum opnum fyrir næsta mann? Nú verður loksins tekist á við þetta, þar sem búið er að safna saman hópi fólks úr þjóðfélaginu til að setja okkur hversdagsreglur.
**20.10** NCIS
**20.55** The X-Files
**21.40** Snatch
**22.25** **Room 104** Áhugaverðir og öðruvísi þættir sem gerast allir á herbergi 104 á venjulegu hóteli í Bandaríkjunum og hver þáttur segir sögu mismunandi gesta þess.
**22.55** X-Men; Apocalypse
**02.50** Risky Drinking
**04.15** Friday Night Lights
**06.10** The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

**02.35** Messan
**07.10** Arsenal - Chelsea
**08.50** Messan
**10.20** Swansea - Tottenham
**12.00** Southampton - Crystal Palace
**13.40** West Ham - WBA
**15.20** Manchester City - Watford
**17.00** Messan
**18.30** Premier League World
**19.00** ÍR - Tindastóll
**21.05** NFL Gameday
**21.35** Premier League Review
**22.30** Messan

### STÖÐ 2 SPORT 2

**08.20** Leeds United - Nottingham Forest
**10.05** Everton - Manchester United
**11.45** Burnley - Liverpool
**13.30** Messan
**15.00** Manchester City - Watford
**16.40** Arsenal - Chelsea
**18.20** Messan
**19.50** Tottenham - West Ham
**22.00** Everton - Manchester United
**23.40** Premier League World

### STÖÐ 3

**18.00** Fresh Off The Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Næturvaktin
**21.20** Supergirl
**22.05** Arrow
**22.50** Eastbound & Down
**23.20** Entourage
**23.50** Modern Family
**00.40** Friends
**01.05** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** K3
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Tindur
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** K3
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Tindur
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** K3
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Tindur
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Ástríkur og víkingarnir



Dóra könnuður kl. 08.00, 12.00 og 16.00

### GOLFSTÖÐIN

**08.50** The Open Championship
**14.25** The Open Championship
**20.35** Inside the PGA Tour 2018
**21.00** PGA Special. In the Spotlight
**21.45** Golfing World
**22.35** Inside the PGA Tour 2018

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.55** Hysteria
**13.35** Steinaldarmennirnir í Vegas
**15.05** Dumb and Dumber To
**16.55** Hysteria
**18.35** Steinaldarmennirnir í Vegas
**20.10** Dumb and Dumber To
**22.00** **Before I Go To Sleep** Spennutryllir frá 2015 með Nicole Kidman og Colin Firth í aðalhlutverkum. Nicole leikur Christine sem vaknar á hverjum morgni algjörlega minnislaus um gærdaginn og fortíð sína. Colin leikur eiginmann hennar sem útskýrir fyrir henni á hverjum degi hvernig statt sé fyrir henni og segir henni sögur úr fortíð hennar. Einn daginn hittir hún mann sem kveðst vinna hjá lögreglunni og ráðleggur henni að treysta engum og hvetur hana til að halda dagbók, þá byrja púslin að raðast saman.
**23.30** Trainwreck
**01.35** **Kept Woman** Spennumynd frá 2015 um hjón sem flytja í rólegt úthverfi eftir að hafa orðið fyrir barðinu á innbrotsþjófum í borginni. Eiginkonan vingast við nágrannann en fljótlega grunar hana að ekki sé allt með felldu.
**03.05** Before I Go To Sleep

### RÚV

**17.10** Eyðibýli
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Krakkafréttaannáll 2017
**18.26** Flóttaleiðin mín
**18.40** Letibjörn og læmingjarnir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós og Menningin
**20.00** Af fingrum fram
**20.45** Hemsley-systur elda hollt og gott
**21.15** Gæfusmiðjur
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Neyðarvaktin
**23.45** Kastljós og Menningin
**00.05** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Síminn + Spotify
**10.55** The Bachelor
**12.25** The Bachelor
**13.10** Dr. Phil
**13.50** 9JKL
**14.15** Wisdom of the Crowd
**15.00** America's Funniest Home Videos
**15.25** The Millers
**15.50** Solsidan
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** The Mick
**20.10** Man With a Plan
**20.35** Ghosted
**21.00** Scandal
**21.50** Scandal
**22.35** Fargo
**23.25** The Tonight Show
**00.45** 24
**01.30** Taken
**02.15** Law & Order: Special Victims Unit
**03.05** Elementary
**03.50** Agents of S.H.I.E.L.D.
**04.40** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Sjónvörp frá Philips, Panasonic og LG á frábærum verðum
**Þvottavélar og þurrkarar á frábærum verðum**
Philips ryksugur frá 9.995 - allt að 33% afsláttur
**Uppþvottavélar með allt að 44% afslætti**
Blandarar með allt að 50% afslætti
**Whirlpool örbylgjuofnar frá 9.995**
Witt spansuðuhelluborð 29.995 – 40% afsláttur
**Tvöfaldir LG kæliskápar frá 149.995**
65“ Panasonic Snjallsjónvarp 179.990 – 28% afsláttur
**Fissler pottar og pönnur með allt að 60% afslætti**
Whirlpool barkalausir þurrkarar frá 44.995
**Þráðlausir bluetooth hátalarar með allt að 75% afslætti**
Alsjálfvirkar DeLonghi kaffivélar frá 39.995

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

***Opið alla helgina!***

**OPIÐ!**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA
FRÁ 10-18, LAUGARDAGA 11-18
OG SUNNUDAG 13-18.

**Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

LG CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON BEKO scan domestic wilfa
Melissa Ariete elna VESTFROST iRobot MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO OBH NORDICA

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

## Heilsan okkar



**Lára G. Sigurðardóttir,** læknir og doktor í lýðheilsuvísindum

### Er rauðvín raunverulega grennandi?

Sagan um að rauðvín sé grennandi blossar af og til upp á netmiðlum. Rökstuðningurinn er á þá leið að efnið resveratról sem finnst í rauðvíni breyti ljósri fitu (venjulegri fitu) í „ljósbrúna fitu“ sem brennir hitaeiningum.

Sýnt hefur verið fram á að mýs sem innbyrða resveratról geta grennst. Ekki er hægt að heimfæra þessar niðurstöður á mannfólkið því líkami okkar umbreytir resveratróli að mestu leyti áður en það berst í blóðrásina og getur því ekki nýtt sér það nema í litlu magni. Það eru því takmarkaðar vísbendingar um að maðurinn geti nýtt sér þetta virka efni til fitubrennslu á sama hátt og mýs.



**SÝNT HEFUR VERIÐ FRAM Á AÐ MÝS SEM INNBYRÐA RESVERATRÓL GETA GRENNST.**

Rétt er að resveratról finnst að einhverju leyti í rauðvíni en það síast að mestu leyti burt í framleiðsluferli vínsins. Ávextir innihalda pólýfenól sem er samheiti yfir resveratról og önnur efni sem hafa svipaða virkni. Því er hægt að fá ríkulegt magn af slíkum efnum með því að borða vel af ávöxtum og grænmeti. Þar að auki innihalda vínber, bláber og hindber mun meira magn af slíkum efnum en rauðvín.

Fullyrðingin um að rauðvín gagnist til að grennast er því afar ósennileg. Þvert á móti getur rauðvín stuðlað að þyngdaraukningu vegna þess að allt áfengi er mjög hitaeiningaríkt og neysla þess eykur matarlyst.

Ekki má heldur gleyma að allt áfengi eykur hættu á krabbameini í níu líffærum, þar á meðal í brjóstum, eggjastokkum, ristli, hálsi, vélinda og maga.

**NIÐURSTAÐA:** Það er ekkert sem styður það að rauðvín geti haft grennandi áhrif og hollara er að fá pólýfenól efni með neyslu ávaxta og berja.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**

# Vekur athygli á að sumir kaupa vinsældir

Förðunarfræðingurinn **Lilja Þorvarðardóttir** vill vekja athygli á að tiltölulega auðvelt er að kaupa sér fylgjendur á samfélagsmiðlum. Hún segir algengt að svokallaðir áhrifavaldar kaupi sér fylgjendur og fái svo auglýsingatækifæri og tekjur út á fjölda fylgjenda.



Lilja segir suma svokallaða áhrifavalda kaupa sér fylgjendur.

Lilja Þorvarðardóttir birti í vikunni færslu inni á Facebook-hópnum Samfélagsmiðlaspamm þar sem hún vakti athygli á því að mjög algengt sé að íslenskar samfélagsmiðlastjörnur séu að kaupa sér fylgjendur á Instagram og sambærilegum miðlum. Færslan vakti mikil viðbrögð og virtust sumir steinhissa á að þetta væri hægt yfirhöfuð.

Lilja, sem vildi ekki nefna nein nöfn, birti með færslunni samanburð á fylgjendaaukningu tveggja áhrifavalda. Tölurnar fékk hún í gegnum vefsíðuna socialblade.com.

„Mig langaði bara að upplýsa fólk um að það getur farið inn á þessa síðu og tékkað á þessu. Sérstaklega fólk sem á lítil fyrirtæki sem hafa ekki efni á að kaupa þjónustu sem veitir upplýsingar um áhrifavalda, þá er þessi síða gagnleg. Þarna er hægt að fá vísbendingar um hvort fólk sé með raunverulegan fylgjendahóp,“ útskýrir Lilja. Hana grunar að margir fyrirtækjaeigendur séu ekki meðvitaðir um að sumir svokallaðir áhrifavaldar hafi keypt fylgjendur en séu svo í samstarfi við fyrirtæki og birta auglýsingar fyrir vörur eða gegn greiðslu. „Fólk þarf að vita þessa hluti.“ Lilja segir svo að ekki sé aðeins hægt að kaupa fylgjendur á samfélagsmiðlum heldur einnig „like“ og athugasemdir.




Skjáskot sem Lilja birti í vikunni.

„Þegar manneskja er að kaupa sér fylgni og annað þá sjá fyrirtækin það og gera bara ráð fyrir að þetta sé einstaklingur með ótrúlega marga fylgjendur og setja sig í samband við hann. Svo kaupir fyrirtæki auglýsingu og gerir ráð fyrir að allir þessir fylgjendur sjái þetta. En þá er þessi einstaklingur að svíkja og blekkja fyrirtækið því hann er ekki með alvöru fylgjendur. Hann er augljóslega að ljúga til um hversu margra einstaklinga hann nær til með myndunum sínum eða myndböndum,“ segir Lilja og bætir við að keyptir fylgjendur endist ekki alltaf lengi. „Yfirleitt þegar fólk er að kaupa sér fylgjendur þá missir það fylgjendahópinn eftir ákveðinn tíma vegna þess að Instagram eyðir „feik“-síðum.“

Lilja tekur fram að vefsíður á borð við Socialblade og phlanx.com gefi aðeins vísbendingar um hvort tilteknir Instagram-notendur séu að kaupa sér fylgjendur. „Maður getur ekki fengið 100% svar.“

Spurð út í af hverju hún hafi viljað vekja athygli á þessu segir Lilja: „Mig langar bara að fólk viti af þessu. Þetta er svo ótrúlega algengt. Þetta er líka svekkjandi fyrir fólk sem er með minni fylgjendahóp og skilur ekki af hverju það fær ekki fleiri fylgjendur. En svo er líka fólk þarna úti, hæfileikaríkt fólk, sem er með stóran hóp af fylgjendum.“ **gudnyhronn@365.is**

# Málar anda á hinn nýja pitsustað Blackbox

„Ég er að mála stækkaða útfærslu af verkum sem ég hef verið að gera,“ segir listamaðurinn Jón Sæmundur Auðarson, betur þekktur sem Nonni Dead, en hann var fenginn til að mála anda á veggi pitsustaðarins Blackbox sem verður opnaður í Borgartúni 26 um miðjan mánuðinn.

Nonni er þekktastur fyrir hauskúpur sínar en inni á staðnum verður þó minna af þeim og meiri hamingja enda trúlega lítil stemning að borða undir hauskúpum.

Blackbox er ný upplifun í pitsum sem lýsir sér þannig að viðskiptavinurinn velur álegg ofan á pitsuna í borði fyrir framan sig og hún eldbakast svo á innan við tveimur mínútum. Blackbox er í anda bandarískra staða eins og Blaze, MOD og Pizzeria Locale sem hafa slegið í gegn vestanhafs. **– bb**



Nonni Dead var að láta pensilinn vinna þegar ljósmyndara bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**ÉG ER AÐ MÁLA STÆKKAÐA ÚTFÆRSLU AF VERKUM SEM ÉG HEF VERIÐ AÐ GERA.**

Nonni Dead



18. JAN **VALDIMAR**




27. JAN **PAPAR – ÞIÐ MUNIÐ HANN JÓNAS**



9. FEB **EYÞÓR INGI**




14. FEB **BUBBI – ÞAÐ ER GOTT AÐ ELSKA**

BYRJAÐU NÝJA ÁRIÐ MEÐ STÆL Í BÆJARBÍÓ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA



24. FEB **MAGNÚS OG JÓHANN**



16. MARS **SÓLSTAFIR**

BÆJARBÍÓ

## FRAMUNDAN Í BÆJARBÍÓI



2, 3, 16, 17. FEB
HELLISBÚINN



4. FEB
JóiPé X KRÓLI
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN



10. FEB
GUÐMUNDUR R. GÍSLASON
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR



23. FEB
HJÁLMAR



3. MARS
TODMOBILE

BOLI Léttöl · midi.is · HAFNARFJÖRÐUR · prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

ALLIR VIÐBURÐIR Í BÆJARBÍÓI ERU Á **MIDI.IS**
















Vatnsdrykkja er besta fegrunarráðið og er alveg nauðsynleg til að viðhalda góðum raka.

# Dauðasynd númer átta er að sofna með óhreina húð



„Ég er ekki merkjasnobb, nota það sem hentar mér best.“

**Katrín Brynja Hermannsdóttir** er önnum kafin þriggja drengja móðir og féllst á að deila nokkrum hagnýtum og einföldum húð- og förðunarráðum með lesendum Lífsins.



„Góð rakakrem skipta öllu máli, þessar vörur eru alveg ómissandi.“

Katrín Brynja Hermannsdóttir lottóþula er þjóðinni vel kunn. Líkt og margir er hún ekki einhöm en auk þess að vera menntaður kennari og með mastersgráður í blaða- og fréttamennsku, starfar hún sem flugfreyja í fullu starfi hjá Icelandair.

*Hver er galdurinn á bak við góða húð?* Við erum öll með ólíka húð og svo sannarlega misheppin þar. En til að ná fram því besta skiptir höfuðmáli að leggja rækt við húðumhirðu. Já, ég veit, þetta er eldgömul saga, en alltaf jafn sönn. Það skiptir máli að hreinsa húðina að morgni og nota góðar vörur sem henta húðgerðinni vel, áður en „andlitið er sett upp“ og sömuleiðis, allt-af fyrir svefninn. Alltaf! Það er dauðasynd númer átta fara með húðina óhreina að sofa. Sjálfri finnst mér mikilvægt að „gefa húðinni frí“ endrum og eins og nota gjarnan tækifærið þegar ég er ekki að fljúga, er hamingjusamlega ómáluð, bara með nærandi krem og varasalva.

*Hvaða krem eru best að þínu mati?* Það skemmtilega er að það dýrasta er ekki endilega alltaf best og í raun ekki endilega samhengi þar á milli. Hver og einn þarf að þræða sig í gegnum þann frumskóg og jafnvel prófa margt áður en rétta varan finnst. Mér finnst að það ætti að vera auðveldara að fá prufur af kremum og snyrtivörum hér á Íslandi. Mér líður stundum eins og ég sé um að biðja sölufólkið um að gefa mér pening þegar ég spyr hvort hægt sé að fá prufu. Þessu er þveröfugt farið í útlöndum og þar fær maður prufur afhentar með bros á vör. Ég hef lengi notað efnin frá Bioeffect – EGF og þau henta mér mjög vel. Húðin stútfyllist af raka og mér líður vel þegar ég ber þau á húðina. Ég er nýbyrjuð að nota nýja EGF – 2A efnið frá þeim og er virkilega hrifin. Ég nota líka krem frá NeoStrata, en margir húðlæknar mæla með þeim vörum. Þær eru á góðu verði og allir ættu að geta fundið eitthvað sem hentar. Eftir langt flug er fátt betra en að hreinsa húðina vel og bera á hana góðan raka, sú tilfinning toppar kósígallann.

*Hversu lengi ertu að taka þig til?* Eftir að hafa „snúsað“ nokkrum sinnum í morgunsárið er ég orðin ansi snögg að taka mig til á morgnana. Það lærist fljótt í þessu starfi og sennilega er ég ekki meira en fimmtán mínútur að gera mig klára fyrir flug og það sama gildir um hárið. Um leið og maður hefur komist upp á lag með hentuga greiðslu þá heldur maður sig bara við hana, ég held að það hvarfli ekki að mörgum að fara í tilraunastarfsemi með hárútfærslur eldsnemma að morgni þegar tíminn virðist líða alveg ævintýralega hratt. Svo er bara að henda sér í gallann, kyssa ungana laust á ennið og grípa eitthvað fljótlegt með sér að borða. Mörg okkar eru ofur skipulögð og mæta með snarhollt nesti í vinnuna sem hefur verið útbúið kvöldið áður og þá horfi ég öfundar- og aðdáunaraugum í vel skipulögð nestisboxin. Jájá, kannski það gerist oftar hjá manni á nýju ári, magnaðir hlutir eiga það til að gerast!

*Einhver ráð sem virka vel?* Hófleg, náttúruleg förðun er málið og góður baugahyljari er besti vinur margra sem vinna óreglulega og á næturnar. Hvað mig varðar, þá hefur leitin að góðum baugahyljara verið jafn löng og leitin að bestu gallabuxunum og besta maskaranum. Það virðist alltaf vera hægt að gera örlítið betur.

*Hvaða leynitrix virka best til að fá frísklegt útlit?* Ég nota Face TanWater frá Eco by Sonya og tel það vera mestu snilld sem fundin hefur verið upp. Það er hægt að hressa sig við um þó nokkuð mörg númer með því að bera þetta á sig yfir háveturinn og fá þannig smá gylltan lit í andlitið. Eins og með annað brúnkukrem sem er ætlað á kroppinn, þá ber ég það á mig með flötum förðunarbursta, stórum bursta fyrir kroppinn og minni fyrir andlitið. Hvað hárið varðar, þá skiptir líka máli að sinna því vel. Ég keypti mér lúxuslínu frá Davines um daginn, nota hana spari, og veit eiginlega ekki hvað ég var að bauka með hárið á mér áður en ég uppgötvaði það. Svona er maður lengi að læra. En fyrir utan þetta, þá eru hreinar tennur og gott bros eitthvað sem fleytir manni býsna langt!

**astahrafnhildur@frettabladid.is**

# VETRARMARKAÐUR
## ELLINGSEN HEFST Í DAG

# 20-50%
## AFSLÁTTUR

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

WWW.ELLINGSEN.IS















Það er komin alvöru samkeppni um iðkendur sem vilja stunda bardagalistir. Bjarki Þór, Jón Viðar og Gunnar Nelson eru allir með stöð þar sem áherslan er á bardagalistir. Takmarkaður fjöldi mun geta æft hjá Jóni Viðari.

# Hörð barátta um hnefahöggin

Annar anginn úr Mjölni, einu stærsta íþróttafélagi landsins, opnar stöð innan tíðar en einn af stofnendum Mjölnis tilkynnti í gær að hann ætlaði sér að opna nýja bardaga- og líkamsræktarstöð sem hefur fengið nafnið Týr.

Jón Viðar Arnþórsson, fyrrverandi formaður og einn af stofnendum íþróttafélagsins Mjölnis, ætlar að opna nýja bardaga- og líkamsræktarstöð við Stórhöfða ásamt nokkrum félögum sínum úr lögreglunni. Stöðin hefur fengið heitið Týr en sjálfur segist hann hafa verið með hernaðarguðinn á heilanum síðan hann var peyi í Vestmannaeyjum. Þetta er önnur stöðin sem á rætur að rekja til Mjölnis en áður fyrr var félagið nánast með einokunarstöðu í höggum og spörkum.

Áður hafði Bjarki Þór Pálsson gengið úr Mjölni og stofnað sitt eigið félag, Reykjavik MMA, en töluverður styr stóð um Mjölni um tíma.

### Í Tý verður

- Hefðbundinn bardagaíþróttasalur
- Lyftingasvæði
- Gerviíbúð sem notuð er í æfingar og átök
- Öryggisherbergi (bumper room) með þykkari dýnum á veggjum, fyrir harðari átök
- Sérútbúinn bíll, fyrir æfingar og átök, lagt beint fyrir utan

**ÞAÐ ERU ALLTAF FLEIRI OG FLEIRI SEM HAFA ÁHUGA Á ÞESSARI ÍÞRÓTT OG HORFA EKKI Á ÞETTA SEM EITTHVERT OFBELDI HELDUR SEM ÍÞRÓTT SEM ER GAMAN AÐ STUNDA.**

Pétur Marinó Jónsson, sérfræðingur Stöðvar 2 Sport um MMA

Eftir að nýju hluthafarnir, Arnar Gunnlaugsson og Róbert Wessman, komu inn sagði Jón Viðar sig frá stjórnarformennskunni sem hann hafði gegnt í félaginu sem hann stofnaði.

Nú er hann kominn til baka í bardagaheiminn en sjálfur segir hann að Týr sé alls ekki Mjölnir 2 heldur verði boðið upp á öðruvísi þjónustu þar sem svokallað ISR Matrix kerfi verður í aðalhlutverki.

Er það sagt vera angi af lifandi bardagaíþróttum og hefur verið í þróun í yfir tvo áratugi hjá sérsveitarmönnum, hermönnum, BJJ svartbeltingum og hnefaleikamönnum. Nýja stöðin mun bjóða upp á þjónustu fyrir starfsmenn fyrirtækja og stofnana sem vilja tryggja sér meira starfsöryggi, sem og sjálfsvarnarnámskeið fyrir konur og svo ISR-öryggistök og neyðarvörn fyrir almenning. Stefnan er að bjóða upp á þrekæfingar í febrúar og munu þær heita Hermóður. Takmarkaður fjöldi mun fá að æfa í nýju stöðinni.

Bjarki Þór Pálsson er ein af vonarstjörnum MMA-heimsins á Íslandi en hann hefur þegar barist í einum aðalbardaga. Hann hefur ávallt haldið því fram að viðskilnaðurinn við Mjölni hafi verið á góðu nótunum.

Mjölnir er orðið eitt stærsta íþróttafélag landsins og æfa rúmlega 2.000 manns í félaginu. Uppgangurinn hefur verið ævintýralegur frá því að um 200 manns æfðu í Loftkastalanum.

Pétur Marinó Jónsson, einn helsti sérfræðingur landsins um blandaðar bardagalistir og sérfræðingur Stöðvar 2 Sports um íþróttina, segir að það verði að koma í ljós hvort það sé markaður fyrir öll þessi félög en fyrir utan þessi þrjú sé meðal annars Fenrir á Akureyri og fleiri. „Það eru alltaf fleiri og fleiri sem hafa áhuga á þessari íþrótt og horfa ekki á þetta sem eitthvert ofbeldi heldur sem íþrótt sem er gaman að stunda. Það taka ekki allir bardaga eða fara í UFC en þá er gaman að tuskast og auðvelt að verða háður því.“ **benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Máté Dalmay *mate@365.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# GÁMASALA!

## Frábær tilboð takmarkað magn!

**Sjáðu verðin!**





DAEWOO ELECTRONICS

**ÖRBYLGJUOFN**
700w, 20l., 7 hitastillingar, 44,9x26x35,9cm, silfur
65103554
Almennt verð: 9.995 kr.

**6.995-**

20 lítrar

vestfrost

**KÆLISKÁPUR M/FRYSTI**
4 glerhillur, 4 hillur í hurð, 2 grænmetisskúffur, orkunotkun 264 kWh/ári, hvítur. 185x59,5x61,5cm.
65103550
Almennt verð: 54.995 kr.

**41.995-**

209 lítrar · A+ · 81 lítri

**Gerðu frábær kaup!**

beko

**UPPÞVOTTAVÉL**
13 manna, 8 þvottakerfi, LCD skjár, vatnsflæðivörn, sjálfhreinsandi filter, hljóð 44db, orkunotkun 262kWh/ári. 82-92x59,8x54,8cm., hvít.
65103551
Almennt verð: 69.995 kr.

**44.995-**

A++

A+++ · 8kg

**44.995-**

vestfrost

**ÞVOTTAVÉL**
1400 snúninga með stafrænu kerfisvali, 55l. tromla, tekur 8kg. í þvott, LCD skjár, orkunotkun 194kWh/ári, 58/78dB, 60x85x53cm, hvít
65103555
Almennt verð: 79.995 kr.

INDESIT

**ÞURRKARI**
Tvíátta barkalaus, tekur 8 kg., rakaskynjari, 112 l. tromla, 15 stillingar, LCD skjár, orkunotkun 560kWh/ári, 68dB, 60x85x61cm, hvítur
65103552
Almennt verð: 54.995 kr.

**39.995-**

8kg · B

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Verð gilda á meðan birgðir endast.

Allar þessar vörur eru á byko.is

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

**EINGÖNGU BYKO BREIDD OG SELFOSSI**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is

**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Tómasar Þórs Þórðarsonar




## Hið svokallaða frí

Ég fékk ekkert sumarfrí og er því að taka það út núna og hef verið frá seinni hluta desember. Það verður seint sagt að þetta sé eitthvert stuttbuxnafrí enda kuldinn hér að nísta inn að beini. Frí er samt alltaf frí. Eða hvað?

Þegar ég bjó einsamall var frí bara frí. Nú, í sambúð, hef ég fengið forláta verkefnalista með niðurteljara en tíminn rennur út eftir nokkra daga þegar að við förum til New York.

Sambýlingurinn vildi endilega komast í hitann fyrst við tókum frí í janúar og eftir nokkurra mánaða karp um Miami eða Tenerife endaði hún á að kaupa ferð til New York þar sem fagnað var köldustu áramótum í 50 ár á dögunum. Eðlilega er maður búinn að skunda með jólagjöfina frá vinnunni í Cintamani og kaupa sér úlpu fyrir sumarlandaferðina. Úlpan heitir Bylur sem segir líklega allt sem segja þarf. Svo því sé haldið til haga er ég rugl spenntur fyrir því að bíta í fyrsta sinn í stóra eplið.

En, sum sé, verkefnalistinn er lesinn upp á hverjum morgni og liggur við að ég fái gullstjörnu í lok hvers dags ef ég næ að krossa út nokkur atriði á listanum. Fara með flöskur, henda pappa, kaupa úlpu, laga listann í stofunni, kítta baðið, skipta um perur. Þetta er á meðal þeirra hluta sem ég hef verið að og verð að dunda mér við næstu daga undir vökulum augum betri helmingsins (les: yfirmannsins).

Það er samt fínt að hafa eitthvað fyrir stafni og að vera á leið til útlanda. Það er mikilvægt nú þegar þrír verstu mánuðir ársins renna í garð. Tæpir 90 dagar af engu nema smá handbolta og bolludeginum með kannski dass af einu þorrablóti svona rétt til að halda geðheilsunni í lagi fram á vor.


OPIÐ 24 TÍMA Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland








